

TRÚFRÆÐSLURIT KAÞÓLSKU KIRKJUNNAR

Óopinber útgáfa © Reynir K. Guðmundsson þýddi, Bráðabirgðapýðing

ÞRIÐJI HLUTI: LÍF Í KRISTI

ANNAR ÞÁTTUR - BOÐORÐIN TÍU

"Meistari, hvað gott á ég að gjöra...?"

2052. "Meistari, hvað gott á ég að gjöra til þess að öðlast eilíft líf?" Þegar Jesús svarar unga manninum sem spyr þessarar spurningar byrjar hann á því að vísa til nauðsynjar þess að viðurkenna að Guð er "einn sá hinn góði", æðstur allrar góðmennsku og uppspretta alls þess sem gott er. Síðan segir Jesús við hann: "Ef þú vilt inn ganga til lífsins, þá haltu boðorðin." Og hann telur upp fyrir spyrjandanum boðin er snerta kærleikann til náungans: "Þú skalt ekki morð fremja, þú skalt ekki drýgja hór, þú skalt ekki stela, þú skalt ekki bera ljúgvitni, heiðra föður þinn og móður." Að lokum dregur Jesús saman þessi boðorð með jákvæðum hætti: "Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig." [1]

2053. Jesús bætir við öðru svari: "Ef þú vilt vera fullkominn, skaltu fara, selja eigur þínar og gefa fátækum, og munt þú fjársjóð eiga á himnum. Kom síðan, og fylg mér." [2] Þetta svar afnemur ekki það fyrra: Að fylgja Jesú Kristi felur í sér að halda boðorðin. Lögmálið hefur ekki verið afnumið heldur er manninum boðið að finna það á ný í persónu meistara síns en hann er hin fullkomna fylling þess. Í samstofnaguðspjöllunum þremur er hvatning Jesú til ríka unga mannsins að fylgja sér, hlýðinn sem lærisveinn og með því að virða boðorðin, sett í samhengi við köllunina að lifa hreinlífi og í fátækt. [4] Hin evangelísku heilræði eru óaðskiljanleg boðorðunum.

2054. Jesús staðfesti boðorðin tíu en hann sýndi einnig mátt Andans sem er að verki í bókstaf þeirra. Hann boðaði "réttlæti sem ber af réttlæti fræðimanna og farísea" [5] og betra en heiðingjanna. [6] Hann leiðir í ljós allt sem boðorðin krefjast. "Þér hafið heyrt, að sagt var við forfeðurna: "Þú skalt ekki morð fremja."... En ég segi yður: Hver sem reiðist bróður sínum, skal svara til saka fyrir dómi." [7]

2055. Þegar Jesús er spurður: "Hvert er hið æðsta boðorð í lögmálinu?" [8] svarar hann: "Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum. Þetta er hið æðsta og fremsta boðorð. Annað er þessu líkt: Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. Á þessum tveimur boðorðum hvílir allt lögmálið og spámennirnir." [9] Túlka verður boðorðin tíu í ljósi þessa eina en tvöfalda boðorðs um kærleikann, fyllingu lögmálsins: Boðorðin: "Þú skalt ekki drýgja hór, þú skalt ekki morð fremja, þú skalt ekki stela, þú skalt ekki girnast," og hvert annað boðorð er innifalið í þessari grein: "Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig." Kærleikurinn gjörir ekki náunganum mein. Þess vegna er kærleikurinn fylling lögmálsins. [10]

Hin tíu orð Guðs í heilagri Ritningu

2056. Orðið "tíyrði" er þýðing á orðinu "dekalog" sem merkir bókstaflega "tíu orð". Guð opinberaði lýð sínum þessi "tíu orð" á hinu heilaga fjalli. Þau voru letruð "með fingri Guðs" [11] ólíkt hinum boðorðunum sem Móse ritaði. [12] Þau eru umfram allt orð Guðs. Okkur er þau gefin í annarri Mósebók (Exodus) [13] og hinni fimmtu (Devteronomium). [14] Þegar í Gamla testamentinu vísa hinar heilögu bækur til "orðanna tíu" [15] en það er í nýja sáttmálanum, í Jesú Kristi, að full merking þeirra opinberast.

2057. Fyrst ber að skilja tíyrðin í samhengi við flóttann úr Egyptalandi (Exodus) sem er Guðs mikla frelsunarverk í gamla sáttmálanum. Hvort sem hin "tíu orð" eru sett fram sem forboð eða sem jákvæð siðaboð eins og "heiðra skaltu föður þinn og móður", vísa þau til lífsskilyrða sem eru laus við þrældóm syndarinnar. Tíyrðin eru vegur lífsins: Ef þú hlýðir skipunum... að elska Drottin Guð þinn, ganga á hans vegum og varðveita skipanir hans, lög og ákvæði, þá munt þú lifa og margfaldast. [16] Þessi frelsandi máttur tíyrðanna birtist til dæmis í boðorðinu um hvíldardaginn sem beinist einnig að útlendingum og þrælum: Minnstu þess, að þú varst þræll á Egyptalandi og að Drottinn Guð þinn leiddi þig út þaðan með sterkri hendi og útréttum armlegg. [17]

2058. Hin "tíu orð" draga saman og kunngjöra lögmál Guðs: "Þessi orð talaði Drottinn með hárrí röddu til alls safnaðar yðar á fjallinu út úr eldinum, skýinu og sortanum. Bætti hann þar engu við, og hann ritaði þau á tvær steintöflur og fékk mér þær." [18] Þetta er ástæða þess að töflurnar tvær eru kallaðar "sáttmálsorðin", enda innihalda þær skilmála sáttmálans sem gerður var milli Guðs og lýðs hans. Þessar "sáttmálstöflur" átti að leggja niður í "örkina". [19]

2059. Hin "tíu orð" eru kveðin upp af Guði í miðri guðsvitrun ("Drottinn talaði við yður á fjallinu augliti til auglitis út úr eldinum." [20]). Þau eru hluti af opinberun Guðs á sjálfum sér og dýrð sinni. Gjöf boðorðanna er að Guð gefur sjálfan sig og sinn heilaga vilja. Með því að gera vilja sinn kunnan opinberar Guð sig lýð sínum.

2060. Boðorðin og lögmálið eru hluti sáttmálans sem Guð innsiglaði við sína eigin. Í bókinni Exodus er opinberun hinna "tíu orða" fundinn staður milli undirbúnings sáttmálans [21] og staðfestingar hans

- eftir að fólkið hafði skuldbundið sig til að "gjöra" allt það sem Drottinn hafði boðið og "hlýða" því. [22] Tíyrðin eru ekki birt fyrr en minnst hefur verið á sáttmálann ("Drottinn Guð vor gjörði við oss sáttmála á Hóreb."). [23]

2061. Boðorðin fá fulla merkingu sína innan ramma sáttmálans. Samkvæmt Ritningunni fær siðferðilegt líf mannsins alla sína merkingu í og fyrir sáttmálann. Hið fyrsta af "orðunum tíu" minnir á að Guð elskaði lýð sinn fyrst: Þar sem til kom brottför úr frelsi paradísar til þrældóms þessa heims, sem refsing fyrir synd, fjalla fyrstu orð tíyrðanna, fyrstu orð boðorða Guðs, um frelsi: "Ég er Drottinn Guð þinn, sem leiddi þig út af Egyptalandi, út úr þrælahúsinu." [24]

2062. Boðorðin í sínum eiginlega skilningi fá annað sætið: Þau láta í ljós hvað það þýðir að tilheyra Guði fyrir stofnsetningu sáttmálans. Siðferðilegir lífshættir er svar við ástríku frumkvæði Drottins. Þeir sýna þakklátssemi og hollustueið við Guð og eru þakkargjörð. Þeir styðja fyrirætlun Guðs í veraldarsögunni.

2063. Það ber einnig vott um sáttmálann og samtölin milli Guðs og manna að öll boðin eru sett fram í fyrstu persónu ("Ég er Drottinn...") og Guð ávarpar aðra persónu ("þú"). Í öllum boðorðum Guðs afmarkar persónufornafnið í eintölu viðtakandann. Guð gerir vilja sinn kunnan hverri persónu fyrir sig samtímis því að hann gerir hann kunnan öllum mönnum: Drottinn lögskipaði að elska Guð og kenndi að sýna bæri náunganum réttlæti til að maðurinn yrði hvorki óréttlátur né óverðugur Guði. Þannig undirbjó Guð manninn með boðorðunum til að vera vin sinn og lifa í sátt og samlyndi við náungann.... Orð tíyrðanna gilda óbreytt fyrir okkur kristna menn. Langt frá því að vera numin úr gildi hafa þau eflst og þróast við komu Drottins í holdi. [25]

Tíyrðin í erfikenningu kirkjunnar

2064. Trú Ritningunni og í samræmi við eftirbreytni Jesú hefur trúarhefð kirkjunnar viðurkennt grundvallarmikilvægi og þýðingu tíyrðanna.

2065. Boðorðin tíu hafa síðan á tímum heilags Ágústínusar skipað veglegan sess í trúfræðslu þeirra sem óska sér skírnar og hinna trúuðu. Á fimmtánda öld hófst sú venja að segja boðorð tíyrðanna með jákvæðri hrynjanda sem auðvelt var að læra. Þannig eru þau ennþá sögð í dag. Trúfræðslurit kirkjunnar hafa oft útskýrt kristna siðfræði með því að fylgja uppröðun boðorðanna tíu.

2066. Skipting og númeraröð boðorðanna hafa verið breytileg í rás sögunnar. Núverandi trúfræðslurit fylgir skiptingu boðorðanna sem heilagur Ágústínus kom á og hefur orðið að venju í katólsku kirkjunni. Lútersku trúarsamfélögin hafa einnig fylgt þessari venju. Grísku kirkjuféðurnir skiptu þeim upp á aðeins annan veg og þannig má finna þau í rétttrúnaðarkirkjunum og reformeröðu samfélögunum.

2067. Boðorðin tíu tilgreina hvers er krafist í kærleikanum til Guðs og kærleikanum til náungans. Fyrstu þrjú snerta kærleikann til Guðs og hin sjö kærleikann til náungans. Á sama hátt og kærleikurinn felur í sér tvö boðorð sem Drottinn tengdi allt lögmálið og spámennina við... þannig voru boðorðin tíu sett á tvær töflur. Þrjú voru letruð á eina töflu og sjö á hina. [26]

2068. Kirkjupingið í Trent kennir að boðorðin tíu séu kristnum mönnum skylda og að hinn réttláti maður er enn sem áður skyldugur að halda þau; [27] og annað Vatíkanþingið lýsir yfir:

"Biskuparnir, eftirmenn postulanna, fengu frá Drottni... það hlutverk að kenna öllum þjóðum og boða guðspjallið öllum sköpuðum verum til að allir menn geti öðlast hjálpræði fyrir trú, skírni og hlýðni við boðorðin tíu." [28]

Einingin tíyrðanna

2069. Tíyrðin mynda heild. "Orðin" vísa hvert til annars og til þeirra allra; þau laga með gagnkvæmum hætti hvert annað. Töflurnar tvær varpa ljósi hvor á aðra; þær mynda órofa heild. Sé eitt boðorðið brotið er gengið í bága við þau öll. [29] Við getum ekki heiðrað annan mann án þess að blessa Guð skapara hans. Ekki er hægt að tilbiðja Guð án þess að elska alla menn, hans sköpuðu. Boðorðin leiða til einingar á trúarlegu og félagslegu lífi mannsins.

Tíyrðin og náttúrulögmálið

2070. Boðorðin tíu eru hluti af opinberun Guðs. Samtímis kenna þau okkur að þekkja sanna kosti mannsins. Þau leiða í ljós grundvallarskyldur og þar af leiðandi, með óbeinum hætti,

grundvallarréttindi sem eru eðlisbundin mannum. Tíyrðin fela í sér einstaka tjáningu á náttúrulögmálinu: Frá upphafi hafði Guð grætt í hjarta mannsins reglur náttúrulögmálsins. Síðan lét hann sér nægja að minna hann á þær. Þetta voru tíyrðin. [30]

2071. Enda þótt boðorð tíyrðanna væru aðgengileg skynseminni einni, voru þau opinberuð. Til að öðlast fullkominn og öruggan skilning á því í hverju náttúrulögmálið fælist þurfti syndugt mannkynið á slíkri opinberun að halda: Nauðsynlegt reyndist í viðjum syndarinnar að gefa fulla skýringu á boðorðum tíyrðanna vegna þess að ljós skynseminnar hafði myrkvast og viljinn hafði verið afvegaleiddur. [31] Við þekkjum boðorð Guðs í gegnum hina guðdómlegu opinberun sem komið er á framfæri við okkur í kirkjunni og með rödd samviskunnar.

Skuldbinding tíyrðanna

2072. Þar sem boðorðin tíu láta í ljós grundvallarskyldur mannsins gagnvart Guði og náunganum opinbera þau í sinni upprunalegu mynd alvarlegar skuldbindingar. Þau eru í grundvallaratriðum óumbreytanleg og eru skuldbindandi ávallt og alls staðar. Enginn getur losað sig undan þeim. Boðorðin tíu eru letruð í hjarta mannsins.

2073. Hlýðni við boðorðin hefur einnig í för með sér skuldbindingar í málum sem í sjálfu sér eru ekki eins alvarleg. Þannig bannar fimmta boðorðið særandi ummæli en þau verða einungis alvarleg misgjörð gefi kringumstæður eða tilgangur misgjörðarmannsins ástæður til þess.

"Án mín getið þér alls ekkert gjört"

2074. Jesús segir: "Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar. Sá ber mikinn ávöxt, sem er í mér og ég í honum, en án mín getið þér alls ekkert gjört." [32] Ávöxturinn sem minnst er á í þessari setningu er heilagleiki lífs sem ber ávöxt með sameiningu við Krist. Þegar við trúum á Jesúm Krist, eigum hlutdeild í leyndardómum hans og höldum boðorð hans, kemur frelsarinn sjálfur og elskar, í okkur, Föður sinn og bræður sína, Föður okkar og bræður okkar. Fyrir Andann verður hann í persónu sinni hin lifandi og innri fyrirmynd athafna okkar. "Þetta er mitt boðorð, að þér elskið hver annan, eins og ég hef elskað yður." [33]

Í STUTTU MÁLI

2075. "Hvað gott á ég að gjöra til þess að öðlast eilíft líf?" - "Ef þú vilt inn ganga til lífsins, þá haltu boðorðin" (Mt 19:16-17).

2076. Með lífi sínu og boðskap ber Jesús vott um varanlegt gildi boðorðanna.

2077. Tíyrðin eru gefin innan ramma sáttmálans sem Guð gerði við lýð sinn. Boðorð Guðs fá sanna merkingu sína í þessum sáttmála og fyrir hann.

2078. Trú Ritningunni og í samræmi við eftirbreytni Jesú hefur trúarhefð kirkjunnar ávallt viðurkennt grundvallarmikilvægi og þýðingu boðorðanna.

2079. Tíyrðin mynda órofa heild þar sem hvert "orð" eða "boðorð" vísar til hinna í heild sinni. Sé eitt boðorðið brotið er gengið í bága við allt lögmálið (sbr. Jk 2:10-11).

2080. Tíyrðin fela í sér einstaka tjáningu á náttúrulögmálinu. Við þekkjum þau með guðdómlegri opinberun og mannlegri skynsemi.

2081. Í grunnmynd sinni láta boðorðin tíu í ljós alvarlegar skuldbindingar. Engu að síður hefur hlyðni við þessi siðaboð einnig í för með sér skuldbindingar í málum sem í sjálfu sér eru ekki alvarleg.

2082. Það sem Guð fyrirskipar gerir hann mögulegt með náð sinni.

1. Mt 19:16-19.
2. Mt 19:21.
3. Sbr. Mt 5:17.
4. Sbr. Mt 19:6-12, 21, 23-29.
5. Mt 5:20.
6. Sbr. Mt 5:46-47.
7. Mt 5:21-22.
8. Mt 22:36.
9. Mt 22:37-40; sbr. 5M 6:5; 3M 19:18.
10. Rm 13:9-10.
11. 2M 31:18; 5M 5:22.
12. Sbr. 5M 31:9-24.
13. Sbr. 2M 20:1-17.
14. Sbr. 5M 5:6-22.
15. Sbr. til dæmis Hs 4:2; Jer 7:9; Esk 18:5-9.
16. 5M 30:16.
17. 5M 5:15.
18. 5M 5:22.
19. 2M 25:16; 31:18; 32:15; 34:29; 40:1-2.
20. 5M 5:4.
21. Sbr. 2M 19.
22. Sbr. 2M 24:7.
23. 5M 5:2.
24. Órígenes, Hom. in Ex. 8, 1: PG 12, 350; sbr. 2M 20:2; 5M 5:6.
25. Hl. Íreneus, Adv. haeres., 4, 16, 3-4: PG 7/1, 1017-1018.
26. Hl. Ágústínus, Sermo 33, 2, 2: PL 38, 208.
27. Sbr. DS 1569-1570.
28. LG 24.
29. Sbr. Jk 2:10-11.
30. Hl. Íreneus, Adv. haeres. 4, 15, 1: PG 7/1, 1012.
31. Hl. Bónaventúra, Comm. sent. 4, 37, 1, 3.
32. Jh 15:5.
33. Jh 15:12.

« Boðorðin tíu

--	--	--

Önnur Mósebók 20:2-17	Fimmta Mósebók 5:6-21	Hefðbundinn trúfræðsla
“Ég er Drottinn Guð þinn, sem leiddi þig út af Egyptalandi, út úr þrælahúsinu. Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig. Þú skalt engar líkneskjur gjöra þér né nokkrar myndir eftir því, sem er á himnum uppi, eður því, sem er á jörðu niðri, eður því, sem er í vötnunum undir jörðinni. Þú skalt ekki tilbiðja þær og ekki dýrka þær, því að ég, Drottinn Guð þinn, er vandlátur Guð, sem vitja misgjörða feðranna á börnunum, já í þriðja og fjórða lið, þeirra sem mig hata, en auðsýni miskunn þúsundum, þeirra sem elska mig og varðveita boðorð mín.”	“Ég er Drottinn, Guð þinn, sem leiddi þig út af Egyptalandi, út úr þrælahúsinu. Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig. Þú skalt engar líkneskjur gjöra þér, engar myndir eftir því, sem er á himnum uppi, eða því, sem er á jörðu niðri, eða því, sem er í vötnunum undir jörðinni. Þú skalt ekki tilbiðja þær og ekki dýrka þær, því að ég, Drottinn Guð þinn, er vandlátur Guð, sem vitja misgjörða feðranna á börnunum, og í þriðja og fjórða lið, þeirra sem mig hata, en auðsýni miskunn þúsundum, þeirra sem elska mig og varðveita boðorð mín.”	1. Ég er Drottinn Guð þinn, þú skalt ekki aðra guði hafa.
“Þú skalt ekki leggja nafn Drottins Guðs þíns við hégóma, því að Drottinn mun ekki láta þeim óhegnt, sem leggur nafn hans við hégóma.”	“Þú skalt ekki leggja nafn Drottins Guðs þíns við hégóma, því að Drottinn mun ekki láta þeim óhegnt, sem leggur nafn hans við hégóma.”	2. Þú skalt ekki leggja nafn Drottins Guðs þíns við hégóma.
“Minnstu þess að halda hvíldardaginn heilagan. Sex daga skalt þú erfiða og vinna allt þitt verk, en sjöundi dagurinn er hvíldardagur helgaður Drottni Guði þínum. Þá skalt þú ekkert verk vinna og ekki sonur þinn eða dóttir	“Gættu þess að halda hvíldardaginn heilagan, eins og Drottinn Guð þinn hefir boðið þér. Sex daga skalt þú erfiða og vinna allt þitt verk, en sjöundi dagurinn er hvíldardagur helgaður Drottni Guði þínum. Þá skalt þú	3. Halda skaltu hvíldardaginn heilagann.

þín, þræll þinn eða ambátt þín eða skepnur þínar, eða nokkur útlendingur, sem hjá þér er innan borgarhliða þinna, því að á sex dögum gjörði Drottinn himin og jörð, hafið og allt sem í þeim er, og hvíldist sjöunda daginn. Fyrir því blessaði Drottinn hvíldardaginn og helgaði hann.”	ekkert verk vinna og ekki sonur þinn eða dóttir þín, þræll þinn eða ambátt þín, uxi þinn eða asni eða nokkur skepna, eða útlendingur, sem hjá þér er innan þinna borgarhliða, svo að þræll þinn og ambátt þín geti hvílt sig eins og þú. Og minnstu þess, að þú varst þræll á Egyptalandi og að Drottinn Guð þinn leiddi þig út þaðan með sterkri hendi og útréttum armlegg. Þess vegna bauð Drottinn Guð þinn þér að halda hvíldardaginn.”	
“Heiðra föður þinn og móður þína, svo að þú verðir langlífur í því landi, sem Drottinn Guð þinn gefur þér.”	“Heiðra föður þinn og móður þína, eins og Drottinn Guð þinn hefir boðið þér, svo að þú verðir langlífur og svo að þér vegni vel í því landi, sem Drottinn Guð þinn gefur þér.”	4. Heiðra skaltu föður þinn og móður.
“Þú skalt ekki morð fremja.”	“Þú skalt ekki morð fremja.”	5. Þú skalt ekki morð fremja.
“Þú skalt ekki drýgja hór.”	“Þú skalt ekki drýgja hór.”	6. Þú skalt ekki drýgja hór.
“Þú skalt ekki stela.”	“Þú skalt ekki stela.”	7. Þú skalt ekki stela.
“Þú skalt ekki bera ljúgvitni gegn náunga þínum.”	“Þú skalt ekki bera falsvitni gegn náunga þínum.”	8. Þú skalt ekki bera ljúgvitni gegn nánunga þínum.

“Þú skalt ekki gírnast hús náunga þíns. Þú skalt ekki gírnast konu náunga þíns, ekki þræl hans eða ambátt, ekki uxa hans eða asna, né nokkuð það, sem náungi þinn á.”	“Þú skalt ekki gírnast konu náunga þíns,”	9. Þú skalt ekki gírnast konu náunga þíns.
	“og ekki ágírnast hús náunga þíns, ekki land hans, ekki þræl hans eða ambátt, ekki uxa hans eða asna, né nokkuð það, sem náungi þinn á.”	10. Þú skalt ekki gírnast hús náunga þíns né neitt sem honum heyrir til.

ÞRIÐJI HLUTI: LÍF Í KRISTI

ANNAR ÞÁTTUR - BOÐORÐIN TÍU

FYRSTI KAFLI: "ELSKA SKALT ÞÚ DROTTIN, GUÐ ÞINN, AF ÖLLU HJARTA ÞÍNU, ALLRI SÁLU ÞINNI OG ÖLLUM HUGA ÞÍNUM"

2083. Jesús dró saman skyldur mannsins við Guð með þessum orðum: "Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum." [1] Þessi orð enduróma hið alvörubrunna hróp: "Heyr Ísrael! Drottinn er vor Guð; hann einn er Drottinn!" [2] Guð elskar okkur að fyrri bragði. Minnst er kærleika hins eina Guðs í hinu fyrsta af "orðunum tíu". Önnur boðorð gera nánari grein fyrir þeim viðbrögðum kærleikans sem maðurinn fær köllun um að gefa Guði sínum.

« 1. GREIN - FYRSTA BOÐORÐIÐ

Ég er Drottinn Guð þinn, sem leiddi þig út af Egyptalandi, út úr þrælahúsinu. Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig. Þú skalt engar líkneskur gjöra þér né nokkrar myndir eftir því sem er á himnum uppi, eður því sem er á jörðu niðri, eður því sem er í vötnunum undir jörðinni. Þú skalt ekki tilbiðja þær og ekki dýrka þær. [3] Ritað er: "Drottin, Guð þinn, skalt þú tilbiðja og þjóna honum einum". [4]

I. "DROTTIN, GUÐ ÞINN, SKALT ÞÚ TILBIÐJA OG ÞJÓNA HONUM EINUM"

2084. Guð gerir sig kunnan með því að minnast almáttugar, velviljaðrar og frelsandi aðgerðar sinnar í sögu þess sem hann ávarpar: "Ég leiddi þig út af Egyptalandi, út úr þrælahúsinu." Hið fyrsta orð geymir fyrsta boðorð lögmálsins: Drottin Guð þinn skalt þú óttast og honum skalt þú þjóna.... Eigi skuluð þér elta neina aðra guði". [5] Fyrsta kall Guðs og réttmæt krafa hans er að maðurinn meðtaki hann og tilbiðji hann.

2085. Hinn eini og sanni Guð opinberar Ísrael fyrst dýrð sína. [6] Opinberunin á köllun og sannleika mannsins tengist opinberuninni á Guði. Köllun mannsins er að gera Guð kunnan með breytni sem samræmist sköpun hans "í mynd og líkingu Guðs": Aldrei verður annar Guð, Tryfo, og ekki hefur annar verið síðan heimurinn hófst... nema hann sem gerði og setti skipan á alheiminn. Við teljum ekki að okkar Guð sé öðruvísi en ykkar. Hann er hinn sami og leiddi feður ykkar út af Egyptalandi "með sterkri hendi og útréttum armlegg". Við setjum ekki von okkar á einhverja aðra guði, því þeir eru engir, heldur á sama Guð og þið: Guð Abrahams, Ísaks og Jakobs. [7]

2086. "Fyrsta boðorðið hefur að geyma trú, von og kærleika. Þegar við segjum "Guð" erum við að játa veru sem er varanleg, óbreytanlega og ávallt hin sama; sem er trúföst og réttlát og hefur enga illsku. Það leiðir af sér að okkur er nauðsynlegt að meðtaka orð hans, hafa algjöra trú á honum og viðurkenna yfirvald hans. Hann er almáttugur, miskunnssamur og óendanlega góður. Hver skyldi ekki setja allar sínar vonir á hann? Hver skyldi ekki elska hann í íhugun sinni á þeirri

uppsprettu góðsemi og kærleika sem hann hefur úthellt yfir okkur? Þess vegna tekur Guð svo til orða í Ritningunni í byrjun og lok boðorða sinna: "Ég er Drottinn". [8]

Trú

2087. Siðferði okkar á upptök sín í trúnni á Guði sem opinberar okkur kærleika sinn. Heilagur Páll segir "hlýðni við trúna" [9] vera fyrstu skyldu okkar. Hann bendir á að "vanþekking á Guði" sé upphaf og skýring á allri siðferðilegri skekkju. [10] Skylda okkar við Guð er að trúa á hann og bera honum vitni.

2088. Fyrsta boðorð krefst þess af okkur að við sýnum fyrirhyggju og árvekni við ræktun og varðveislu trúarinnar og að við höfnum öllu sem er andstætt henni. Ýmsar leiðir eru til að syndga gegn trúnni: Viljandi efi gagnvart trú hunsar eða hafnar því að til sé sannleikur sem Guð hefur opinberað og kirkjan kemur á framfæri sem trúarefni. Ósjálfráður efi vísar til efablendni í trúmálum, erfiðleika við að yfirvinna mótbárur sem upp koma varðandi trúna eða þess kvíða sem óskýrleiki hennar getur vakið upp. Ef alið er á efanum af ásettu ráði getur það leitt til andlegrar blindni.

2089. Vantrú er að vanrækja trúna eins og hún hefur verið opinberuð eða hafna því að yfirlögðu ráði að samþykkja hana. "Trúvillla er þráleg höfnun, eftir meðtöku á skírn, á sannleika sem skylt er að leggja trúnað á í guðdómlegri og kaþólskri trú eða að fyrir hendi sé þrálegur efi um það sama; fráfall frá trúnni er algjör afneitun á kristinni trú; klofningur er höfnun á hlýðni við páfann eða að vera í samneyti við meðlimi kirkjunnar er heyrir undir hann". [11]

Von

2090. Þegar Guð opinberar sig og kallar á manninn er það ekki fyllilega á færi hans að bregðast við hinum guðdómlega kærleika af eigin rammleik. Hann verður að vona að Guð færi honum getu til að endurgjalda kærleika hans og breyta í samræmi við kærleiksboðskapinn. Von er örugg vænting um blessun Guðs og himneska sælusýn, en hún er einnig ótti um að misbjóða kærleika Guðs og að kalla yfir sig refsingu.

2091. Fyrsta boðorðið fjallar einnig um synd gegn von, það er að segja, örvæntingu og oflæti: Með því að örvænta hættir maðurinn að vona að hann fái sína persónulegu frelsun frá Guði, fái hjálp til að öðlast hana eða fyrirgefningu synda sinna. Örvæntingin er andstæð gæsku Guðs, réttlæti hans - því Drottinn er trúr fyrirheitum sínum - og miskunn hans.

2092. Til eru tvær gerðir oflætis. Annað hvort gengur maðurinn út frá eigin hæfileikum (vonast til að geta frelsað sjálfan sig án hjálpar að ofan) eða að hann gengur út frá almætti Guðs og miskunn hans (vonast til að öðlast fyrirgefningu án sinnaskipta og fá notið dýrðar án verðleika).

Kærleikur

2093. Trú á kærleika Guðs felur í sér köllun og skyldu til að bregðast af einlægum kærleika við hinum guðdómlega kærleika. Fyrsta boðorðið leggur ríkt á við okkur að elska Guð umfram allt og allar skapaðar verur fyrir hann og hans vegna. [12]

2094. Ýmsar leiðir eru til að syndga gegn kærleika Guðs: - tómlæti er að vanrækja eða hafna því að hugleiða kærleika Guðs; að láta gæsku kærleikans sem þegar er fyrir hendi fram hjá sér fara og hafna mætti hans. - vanþakklæti er að láta hjá líða eða neita að viðurkenna kærleika

Guðs og að endurgjalda kærleika með kærleika. - hálfvelgja er að hika eða vanrækja að endurgjalda kærleika Guðs; hún getur bent til höfnunar að fylgja kvaðningu kærleikans. - trúardeyfð eða andleg leti (acedia) veldur höfnun á þeim fögnuði sem kemur frá Guði og andúð á guðdómlegri gæsku. - hatur á Guði stafar af hroka. Það er gagnstætt kærleika Guðs, það er höfnun á gæsku hans og leyfir að honum sé formælt sem sá er banni synd og leggi á refsingar.

II. "ÞJÓNA HONUM EINUM"

2095. Hinar guðdómlegu dyggðir, trú, von og kærleikur mynda og örva siðferðisdyggðirnar. Þess vegna fær kærleikurinn okkur til að gjalda Guði það sem við af allri sanngirni skuldum honum sem skapaðar verur. Trúardyggðin eflir með okkur þetta viðhorf.

Tilbeiðsla

2096. Tilbeiðsla er fyrsta verkið sem trúardyggðin kemur til leiðar. Að tilbiðja Guð er að játa hann sem Guð, sem skapara og frelsara, herra og meistara alls sem á sér tilveru, sem óendanlegan og miskunnsaman kærleika. "Drottin, Guð þinn, skalt þú tilbiðja og þjóna honum einum," segir Jesús og vitnar í fimmtu Mósebók (Deuteronomium). [13]

2097. Að tilbiðja Guð er að viðurkenna af virðingu og algjörri auðmýkt "einskisvirði hinnar sköpuðu veru" sem ætti sér ekki tilveru án Guðs. Að tilbiðja Guð er að lofa og upphefja hann og lítillækka sjálfan sig eins og María gerði í lofsöng sínum þar sem hún af þakklæti játar að hann hafi gert mikla hluti og að nafn hans sé heilagt. [14] Tilbeiðsla hins eina Guðs frelsar manninn frá því að snúast gegn sjálfum sér, frá fjötrum syndarinnar og skurðgoðadýrkun heimsins.

Bæn

2098. Verk trúar, vonar og kærleika, sem fyrsta boðorðið mælir fyrir um, fullgerast í bæninni. Þegar við beinum huga okkar til Guðs erum við að tjá tilbeiðslu okkar á honum: Í lofgjörðar- og þakkarbæn, fyrirbæn og bænakalli. Bænin er algjört skilyrði þess að geta farið að boðorðum Guðs: "[Þér skuluð] stöðugt biðja og eigi þreytast". [15]

Fórn

2099. Rétt er að færa Guði fórn sem vott um tilbeiðslu og þakklæti, vott um auðmjúka bæn og samfélag: "Sérhver athöfn sem gerð er til að festa sig Guði í heilögu samfélagi og njóta þannig blessunar, er sönn fórn". [16]

2100. Til að ytri fórn sé sannferðug verður hún að vera tjáning andlegrar fórnar: "Guði þekkar fórnir eru sundurmarinn andi..." [17] Spámenn Gamla testamentisins fordæmdu iðulega fórnir sem voru ekki af hjartanu eða tengdust ekki kærleikanum til náungans. [18] Jesús minnir á þessi orð Hósea spámanns: "Miskunnsemi vil ég, ekki fórnir". [19] Eina fullkomna fórnin er fórnin sem Kristur færði á krossinum sem gagngera fórnfæringu til kærleika Föðurins og til frelsunar okkar. [20] Með því að sameina okkur fórn Krists getum við gert líf okkar að fórn til Guðs.

Loforð og heit

2101. Við ýmsar kringumstæður ber hinum kristna manni að gefa Guði loforð. Skírn og ferming, hjónavígsla og helgar vígslur hafa það ávallt í för með sér að loforð er gefið. Persónuleg trúrækni getur einnig fengið hinn kristna mann til að lofa Guði að gera vissa hluti, biðja vissar bænir, gefa vissar ölmusugjafir, fara í pílagrímsferðir og svo framvegis. Ræktarsemi við loforð gefið Guði er tákn um þá virðingu sem hinni guðlegu tign ber og tákn um kærleika til hins trúfasta Guðs.

2102. "Heit er að gefa Guði vísvitandi og hiklaust loforð um mögulega og betri velgjörðarsemi og ber að uppfylla það í krafti trúar". [21] Heit er hollustuverk sem felst í því að hinn kristni maður gefur sig Guði eða lofar honum góðum gjörðum. Með því að uppfylla heit sitt lætur hann Guði það í té sem lofað hefur verið eða helgað honum. Í Postulasögunni sjáum við að heilagur Páll lagði sig allan fram við að uppfylla þau heit sem á honum hvíldu. [22]

2103. Kirkjan viðurkennir fordæmisgildi þeirra heita að lifa eftir hinum evangelísku heilræðum: [23] Kirkjan, móðir okkar, fagnar því að hafa innan sinna vébanda hóp karla og kvenna sem breyta enn nánar eftir frelsaranum í auðmýkt hans og sýna fram á það enn skýrar með því að temja sér fátækt í frelsi Guðs barna og afneita sínum eigin vilja: Þau gefa sig mannum á vald í þágu Guðs og þannig öðlast þau enn meiri fullkomnun en til er ætlast í því skyni að laga sig æ betur að Kristi í hlýðni hans. [24] Við vissar aðstæður og þegar ríkar ástæður liggja við getur kirkjan leyst menn undan heitum og loforðum. [25]

Þjóðfélagsleg skylda trúarbragða og réttur til trúfrelsis

2104. "Allir menn eru bundnir af því að leita sannleikans, sérstaklega um Guð og kirkju hans, og eftir að hafa komist til þekkingar á honum eiga þeir að tileinka sér hann og vera honum trúir". [26] Þessi skylda á rætur að rekja til "sjálfrar reisnar mannsins sem persónu". [27] Hún kemur ekki í veg fyrir að borin sé "einlæg virðing" fyrir ólíkum trúarbrögðum sem iðulega "endurspegla ljósbroti af þeim sannleika sem upplýsir alla menn" [28] og ekki kemur hún í veg fyrir nauðsyn náungakærleikans sem fær kristna menn til "að sýna þeim kærleika, aðgæslu og langlyndi sem eru fáfróðir eða á villigötum hvað varðar trú". [29]

2105. Skyldan að tilbiðja Guð á sannan hátt snertir manninn á persónulegan og félagslegan hátt. Þetta er "hefðbundin kaþólsk kenning um siðferðisskyldur mannsins og samfélagsins við hina sönnu trú og hina einu kirkju Krists." [30] Með því að boða mönnunum stöðugt fagnaðarerindið vinnur kirkjan að því að gera þeim fært að "fylla hugarfar og siði, lög og gerð samfélagsins sem þeir byggja, hinum kristna anda". [31] Félagsleg skylda kristins manns er að virða og vekja í sérhverjum manni kærleikann fyrir hinu sanna og góða. Það krefst þess af þeim að þeir geri kunna tilbeiðslu hinnar einu sönnu trúar sem hin kaþólska og postullega kirkja viðheldur. [32] Kristnir menn eru kallaðir til að vera ljós heimsins. Þannig sýnir kirkjan fram á konungdóm Krists yfir allri sköpuninni og einkum yfir samfélögum mannsins. [33]

2106. "Engan má þvinga til að ganga gegn sannfæringu sinni og ekki má aftra nokkrum manni að fylgja samvisku sinni í trúarefnum, hvorki í einkalífi né opinberlega, í einrómi eða í félagi við aðra og innan tilhlýðilegra marka". [34] Þessi réttindi byggja á sjálfri náttúru mannsins en reisn hans gerir honum kleift að fallast með frjálsum hætti á hinn guðdómlega sannleika sem hafinn er

yfir stundlega skipan. Þess vegna "er hann varanlegur jafnvel í þeim sem rækja ekki skuldbindingar sínar að leita sannleikans og fylgja honum". [35]

2107. "Ef stjórnarskrárskipan ríkis veitir einu trúfélagi sérstaka opinbera viðurkenningu vegna aðstæðna tiltekinna íbúa, ber jafnframt að viðurkenna og virða rétt alls almennings og trúfélaga til frelsis í trúmálum". [36]

2108. Rétturinn til trúfrelsis er ekki siðferðileg heimild til að halda sig við villu og ekki má fyrirhuga að hann sé réttur til villu. [37] Hann er náttúrulegur réttur mannsins til borgaralegs frelsis, þ.e.a.s, að hann njóti verndar, innan réttláttra marka, gagnvart ytri hömlum pólitískra stjórnvalda í trúmálum. Þennan náttúrulega rétt á að festa í löggjöf samfélagsins með þeim hætti að hann verði að borgaralegum réttindum. [38]

2109. Rétturinn til trúfrelsis getur í sjálfu sér hvorki verið ótakmarkaður né getur hann takmarkast eingöngu við "almenna skipan" sem er hugsuð eftir leiðum raunspeki eða náttúruhyggju. [39] Hin "tilhlýðilegu mörk" sem honum eru eðlileg ber að ákvarða af pólitískri forsjálni með hliðsjón af öllum félagslegum aðstæðum í samræmi við nauðsyn almannaheilla, og borgaralegum yfirvöldum ber að staðfesta þau í samræmi við "lagareglur sem samrýmast hlutlægri siðferðilegri skipan". [40]

III. "ÞÚ SKALT EKKI HAFA AÐRA GUÐI EN MIG"

2110. Fyrsta boðorðið bannar tignun annarra guða en hins eina Drottins sem hefur opinberað sig lýð sínum. Það fordæmir hjátrú og trúleysi. Að vissu leyti stendur hjátrú fyrir hóflausa afbökun trúar; trúleysi er sá löstur sem fyrir annmarka sína er gagnstæður trúardýggðinni.

Hjátrú

2111. Hjátrú er frávik frá trúarlegri tilfinningu og þeirri iðkun sem henni fylgir. Hún getur jafnvel haft áhrif á tilbeiðslu okkar til hins sanna Guðs ef við til dæmis gefum vissum iðkunum, sem í sjálfu sér eru leyfilegar eða nauðsynlegar, nánast dularfulla merkingu. Að rekja áhrif bæna eða árnaðartákna eingöngu til ytri búnings þeirra án nauðsynlegrar innrætingar, er að falla í hjátrú. [41]

Skurðgoðadýrkun

2112. Fyrsta boðorðið fordæmir fjölgyðistrú. Það gerir þær kröfur til mannsins að trúa hvorki á né dýrka aðra guði en hinn eina sanna Guð. Ritningin minnst oft á að hafna beri "[skurðgoðum sem] eru silfur og gull, handaverk manna. Þau hafa munn, en tala ekki, augu, en sjá ekki." Tilbiðjendur þessara innantómu skurðgoða verða jafn innantómir: "Eins og þau eru, verða smiðir þeirra, allir þeir er á þau treysta." [42] Guð aftur á móti er hinn "lifandi Guð" [43] sem færir líf og grípur inn í veraldarsöguna.

2113. Skurðgoðadýrkun vísar ekki einungis til rangrar guðsdýrkunar heiðindómsins. Hún er trúnni stöðug freisting. Skurðgoðadýrkun er fólgin í því að gera það að guðveru sem ekki er Guð. Maðurinn er sekur um skurðgoðadýrkun hvenær sem hann heiðrar og tignar sköpun í stað Guðs, hvort sem um ræðir guði eða djöfla (til dæmis djöfladýrkun), völd, sællífi, kynþátt, forfeður, ríkið, peninga o.s.frv. "Þér getið ekki þjónað Guði og mammón" segir Jesús. [44] Margir pítarvottar létu lífið því þeir dýrkuðu ekki "dýrið" [45], neituðu jafnvel að láta sem þeir tilbæðu

það. Skurðgoðadýrkun hafnar einstökum herradómi Guðs; hún er þannig ósamrýmanleg því að eiga samfélag við Guð. [46]

2114. Mannlegt líf finnur einingu sína í tilbeiðslu á hinn eina Guð. Boðorðið um að tilbiðja Drottin einan samlagar manninn sjálfum sér og frelsar hann frá óendanlegri sundrunu.

Skurðgoðadýrkun er spilling á meðfæddri trúartilfinningu mannsins. Skurðgoðadýrkandi er sá sem "setur óbifanlega hugmynd sína um Guð á eitthvað allt annað en Guð." [47]

Spásagnaspeki og fjölkynngi

2115. Guð getur opinberað framtíðina spámönnum sínum eða öðrum heilögum. Engu að síður er rétt kristilegt viðhorf fólgið í því að gefa sig óttalaust forsjá Guðs á vald um allt er varðar framtíðina og hætta allri óheilbrigðri forvitni varðandi hana. Hins vegar getur fyrirhyggjuleysi jafngilt ábyrgðarleysi.

2116. Öllum gerðum spásagnaspeki ber að hafna: Leita hjálpar Satans eða djöfla, vekja upp hina dauðu eða öðrum iðkunum sem ranglega eiga að "leiða í ljós" framtíðina. [48] Að leita ráða í stjörnuspákortum, stjörnuspeki, lófalestri, túlkunum á fyrirboðum og forlögum, dulskyggni og leita til miðla, geymir allt í sér löngun til að drottna yfir tímanum, sögunni og síðast en ekki síst yfir öðrum mönnum, sem og ósk um að fá á sitt band leynda krafta. Þetta stangast á við þann heiður, virðingu og kærleiksótta sem okkur ber að sýna Guði einum.

2117. Öll ástundun fjölkynngis eða særinga þar sem maðurinn reynir að temja dulin öfl, setja þau til þjónustu við sig og öðlast yfirnáttúrulega krafta yfir öðrum - þótt það sé gert í þeim tilgangi að lækna þá - stríðir með alvarlegum hætti gegn trúardýggðinni. Slíkar iðkanir ber að fordæma enn frekar þegar þær fela í sér þann ásetning að valda einhverjum skaða eða hafa þann tilgang að leita aðstoðar djöfla. Það er einnig ámælisvert að bera á sér töfragripi. Spíritismi geymir stundum í sér spásagnaspeki eða fjölkynngi. Kirkjan varar því hina trúuðu einnig við honum. Ástundun svokallaðra náttúrulekninga réttlætir hvorki að ill öfl séu ákölluð eða að níðst sé á trúgírni annarra.

Trúleysi

2118. Fyrsta boðorð Guðs fordæmir meginsyndir trúleysis. Þær eru að freista Guðs í orði eða verki, helgisþjöll og símonska.

2119. Að freista Guðs felur í sér að láta reyna á gæsku hans og almætti með orðum eða verkum. Þannig reyndi Satan að fá Jesúm til að kasta sér ofan af musterinu og þröngva með þeim hætti Guði til aðgerða. [49] Jesús andmælti Satan með orði Guðs: "Eigi skuluð þér freista Drottins Guðs yðar." [50] Sú ögrun sem felst í því að freista Guðs á þennan hátt skaðar þá virðingu og traust sem okkur ber að sýna skapara okkar og Drottni. Hún elur ávallt með sér efann um kærleika hans, forsjá og mátt. [51]

2120. Helgisþjöll felast í að vanhelga eða gera lítið úr sakramentunum og öðrum helgisiðum sem og persónum, hlutum eða stöðum sem Guð hefur helgað. Helgisþjöll eru alvarleg synd, sérstaklega ef þau eru framin gegn evkaristíunni því í þessu sakramenti er sjálfur líkami Krists í sínu innsta eðli gerður nærverandi í okkar þágu. [52]

2121. Símonska er skilgreind sem kaup og sala á andlegum hlutum. [53] Þegar Símon töframaður vildi kaupa þann andlega mátt er hann sá að verki í postulunum svaraði heilagur

Pétur: "Þrífist aldrei silfur þitt né sjálfur þú, fyrst þú hugðist eignast gjöf Guðs fyrir fé." [54] Þannig hélt Pétur í heiðri orð Jesú: "Gefins hafið þér fengið, gefins skuluð þér láta í té." [55] Það er ekki hægt að tilreikna sér andleg gæði og umgangast þau sem eigandi þeirra eða herra. Þau eiga uppruna sinn í Guði og einungis frá honum er hægt að öðlast þau, án greiðslu.

2122. "Kirkjunnar þjónn á ekki að biðja um neitt fyrir að veita sakramentin umfram það sem skilgreint hefur verið af viðeigandi yfirvöldum og hann skal gæta þess ávallt að hinir þurfandi séu ekki sviptir aðstoð sakramentanna sökum fátæktar sinnar." [56] Viðeigandi yfirvöld ákvarða þessar "offur" í samræmi við þá grundvallarreglu að kristnir menn eiga að láta sitt af hendi rakna til styrktar kirkjunnar þjónum. "Verður er verkamaðurinn fæðis síns." [57]

Guðleysi

2123. "Margir af samtímamönnum okkar annað hvort skynja alls ekki eða hafna alfarið þessum nánun og lífsnauðsynlegu tengslum mannsins við Guð. Líta verður því á guðleysi sem eitt af alvarlegustu vandamálum okkar tíma." [58]

2124. Heitið "guðleysi" nær yfir mörg ólík fyrirbæri. Ein algeng tegund þess er hagnýt efnishyggja sem einskorðar þarfir og langanir við rúm og tíma. Húmanismi í anda guðleysis telur ranglega að maðurinn sé "sitt eigið takmark, að hann sjálfur móti og stjórni alfarið eigin sögu." [59] Önnur tegund guðleysis samtímans leitast við að gefa manninum lausn með efnahagslegri og félagslegri frelsun. "Þar er því haldið fram að það sé í eðli trúarinnar að koma í veg fyrir slíka frelsun með því að gefa manninum von um komandi líf. Þar með sé hann bæði blekkur og honum ráðið frá því að vinna að betra lífi á jörðu." [60]

2125. Þar sem guðleysi hafnar eða afneitar tilveru Guðs er það synd gegn trúardýggðinni. [61] Dregið getur verulega úr sekt þessarar syndar eftir ásetningi og kringumstæðum. "Trúaðir geta haft mikið að segja um viðgang guðleysis. Ef því er svo farið að þeir hafi ekki hugsað um að fá uppfræðslu í trú sinni, hafa komið kenningu hennar á framfæri með röngum hætti eða jafnvel gefið slæmt fordæmi í trú, siðferði eða félagslegu lífi, ber að líta svo á að þeir hafi ekki opinberað sannleikann um eðli Guðs og trúarinnar, heldur haldið honum leyndum." [62]

2126. Guðleysi byggist oft á rangri hugmynd um sjálfsforræði mannsins sem er útvíkuð að því marki að hafna því að maðurinn sé á einhvern hátt háður Guði. [63] Engu að síður "er viðurkenning á Guði á engan hátt gagnstæð reisin mannsins þar sem reisin hans er grundvölluð í Guði og gerð fullkomin í honum...." [64] "Því kirkjan veit fullvel að boðskapur hennar er í samræmi við leyndustu þrír mannlegs hjarta." [65]

Efahyggja

2127. Efahyggja tekur á sig ýmsar myndir. Í sumum tilfellum lætur efahyggjumaðurinn kyrrt liggja að hafna Guði. Þess í stað gengur hann út frá tilveru yfirskilvitlegrar veru sem er ófær um að sýna sig og er ekkert annað um hana að segja. Í öðrum tilfellum tjáir efahyggjumaðurinn sig ekki um tilveru Guðs og staðhæfir að hana sé ómögulega að sanna, ekki sé hægt að játa henni eða neita.

2128. Efahyggja getur stundum falið í sér vissa leit að Guði en hún getur jafnframt verið tákn um tómlæti, um flóttu frá endanlegri spurningu tilverunnar og deyfð siðferðisvitundarinnar. Allt of oft merkir efahyggja það sama og hagnýtt guðleysi.

IV. "ÞÚ SKALT ENGAR LÍKNESKJUR GJÖRA ÞÉR..."

2129. Fyrmæli Guðs fólu í sér bann við að maðurinn gæfi Guði neina myndræna lögun. Þetta er útskýrt í fimmtu Mósebók (Devteronomium): "Gætið yðar því vandlega, líf yðar liggur við - því að þér sáuð enga mynd á þeim degi þegar Drottinn talaði við yður hjá Hóreb út úr eldinum, - að þér ekki mannsþillið yður á því að búa yður til skurðgoð í mynd einhvers líkneskis...". [66] Hinn fullkomlega yfirsíkilvitlegi Guð opinberaði sig Ísrael. "Hann er allt", en samtímis "er hann meiri öllu því sem hann skóp". [67] Hann er "höfundur allrar fegurðar". [68]

2130. Engu að síður hafði þegar komið fram í Gamla testamentinu að Guð leyfði eða lagði blessun sína yfir gerð líkinga sem á táknrænan hátt bentu til hjálpræðis af hálfu Orðsins sem gerðist hold: Eirormurinn, sáttmálsörkin og kerúbinn. [69]

2131. Sjöunda almenna kirkjupingið í Níkeu (787) byggði á leyndardómi Orðsins sem gerðist hold þegar það, gegn myndbrjótunum, réttlætti heiðrun helgimynda - af Kristi en einnig af Guðsmóður, englunum og öllum dýrlingum. Með því að gerast hold kom Sonur Guðs til leiðar nýrri "fyrirætlun" varðandi myndir.

2132. Sú ástundun kristinna manna að heiðra myndir stríðir ekki gegn fyrsta boðorðinu sem bannar skurðgoð. "Því sá heiður sem mynd er sýndur fer til þess sem myndin er af," og "hver sá sem tignar mynd tignar þá persónu sem þar er sýnd." [70] Sá heiður sem gefinn er helgimyndum er "tilhlýðileg lotning" en ekki sú tilbeiðsla sem ætluð er Guði einum: Trúarleg tilbeiðsla beinist ekki að myndunum sem slíkum, þær eru dauðir hlutir, heldur að því sem felst í auðkennandi útleti myndanna og beinir okkur að Guði sem er holdi klæddur. Hugarhræring vegna myndar staðnæmist ekki við hana sem mynd heldur teygir sig í átt að þeim sem myndin sýnir. [71]

Í STUTTU MÁLI

2133. "Þú skalt elska Drottin Guð þinn af öllu hjarta þínu og af allri sálu þinni og af öllum mætti þínum" (5M 6:5).

2134. Fyrsta boðorðið býður manninum að trúa á Guð, vona á hann og elska hann umfram allt.

2135. "Drottin, Guð þinn, skalt þú tilbiðja" (Mt 4:10). Að dýrka Guð, biðja til hans, bjóða honum alla þá tilbeiðslu sem honum ber, uppfylla loforð og heit sem honum hafa verið gefin, eru trúardygðir sem teljast hlýðni við fyrsta boðorðið.

2136. Manninum er skylt, bæði sem einstaklingi og samfélagsveru, að tilbiðja Guð með sönnum hætti.

2137. "Menn á okkar dögum vilja játa trú sína með frjálsum hætti bæði í einrúmi og á opinberum vettvangi" (DH 15).

2138. Hjátrú er fráhvarf frá þeirri tilbeiðslu sem við gefum hinum sanna Guði. Hún birtist í skurðgoðadýrkun sem og í mismunandi gerðum spásagnaspeki og fjölkynngi.

2139. Að freista Guðs í orði eða verki svo og helgisþjöll og símonska eru tákn um trúleysi sem fyrsta boðorðið bannar.

2140. Þar sem guðleysi hafnar eða afneitar tilveru Guðs er það synd gegn fyrsta boðorðinu.

2141. Tignun helgimynda byggist á leyndardómi holdtekju Orðs Guðs. Hún er ekki andstæð fyrsta boðorðinu.

« 2. GREIN - ANNAÐ BOÐORÐIÐ

Þú skalt ekki leggja nafn Drottins Guðs þíns við hégóma. [72] Enn hafið þér heyrt, að sagt var við forfeðurna: "Þú skalt ekki vinna rangan eið..." En ég segi yður, að þér eigið alls ekki að sverja. [73]

I. NAFN DROTTINS ER HEILAGT

2142. Annað boðorðið kveður á um virðingu fyrir nafni Drottins. Líkt og fyrsta boðorðið tilheyrir það trúardýggðinni og einkum og sér í lagi stjórnar það orðavali okkar þegar kemur að því sem heilagt er.

2143. Meðal allra orða opinberunarinnar er eitt sem er einstakt: Nafn Guðs sem hefur verið opinberað. Guð treystir þeim fyrir nafni sínu sem trúa á hann; hann opinberar þeim sinn persónulega leyndardóm. Nafngift samræmist trausti og nánunni samneyti. "Nafn Drottins er heilagt." Þetta er ástæða þess að maðurinn má ekki misnota það. Hann verður að geyma það í huga sér í hljóðri og ástríku tilbeiðslu. Hann á ekki að nefna það á nafn nema að blessa það, lofsyngja og vegsama. [74]

2144. Virðing fyrir nafni Guðs er tjáning þeirrar virðingar er okkur ber að gjalda sjálfum leyndardómi Guðs og öllum þeim heilaga veruleika er nafn hans kallar fram. Næmleiki fyrir hinu heilaga er hluti af trúardýggðinni: Eru þessar tilfinningar ótta og lotningar kristnar tilfinningar eða ekki?...Því segi ég þetta sem ég held að enginn geti með góðu móti dregið í efa. Þær eru sú tegund tilfinninga sem við ættum að hafa - já, hafa af miklum eldmóð - ef við hefðum al máttugan Guð bókstaflega fyrir augum; því eru þær sú tegund tilfinninga sem við munum öðlast ef við upplifum nærveru hans. Við munum hafa þær í þeim mæli sem við trúum að hann sé nærverandi; og ef við höfum þær ekki, upplifum við ekki, trúum við ekki, að hann sé nærverandi. [75]

2145. Hinir trúðu eiga að bera nafni Drottins vitni með því að játa trú sína og gera það óttalaust. [76] Prédikun orðsins og trúfræðslan eiga að vera gagntekinn tilbeiðslu og virðingu fyrir nafni Drottins okkar Jesú Krists.

2146. Annað boðorðið bannar misnotkun á nafni Guðs, það er að segja, alla ósæmilega notkun nafns Guðs, Jesú Krists, og einnig Maríu meyjar og allra dýrlinga.

2147. Loforð gefin öðrum í nafni Guðs setur æru Guðs, trúmennsku, sannsögli og vald hans í pant. Þau loforð ber að virða af réttisýni. Að vera þeim ótrú er að misnota nafn Guðs og að vissu leyti gerir það Guð að lygara. [77]

2148. Guðlast stríðir með beinum hætti gegn öðru boðorðinu. Það er fólgið í því að tjá sig gegn Guði - innra með sér eða út á við - með hatursorðum, brigslyrðum eða af fyrirlitningu; að hallmæla Guði, að tala um hann af virðingarleysi og að misnota nafn Guðs. Heilagur Jakob fordæmir þá "sem lastmæla hinu góða nafni [Jesú] sem nefnt var yfir yður." [78] Bann við guðlasti nær einnig til málnotkunar gegn kirkju Krists, dýrlingunum og heilögum hlutum. Það er einnig guðlast að notfæra sér nafn Guðs til að breiða yfir glæpsamlega iðju, binda menn í ánauð, pynda þá eða deyða. Misnotkun á nafni Guðs í því skyni að fremja glæp getur valdið því að menn kasti trúnni. Guðlast stríðir gegn þeirri virðingu sem Guði ber og hans heilaga nafni. Það felur í sér alvarlega synd. [79]

2149. Eiðstafur sem misnotar nafn Guðs, enda þótt guðlast sé ekki ásetningurinn, felur í sér vanvirðingu við Drottin. Annað boðorðið bannar einnig að hið guðdómlega nafn sé notað við fjölkynngi. Nafn Guðs er mikið þegar talað er af virðingu um mikilleika tignar hans. Nafn Guðs er heilagt þegar það er nefnt af lotningu og af ótta við að misbjóða honum. [80]

II. AÐ LEGGJA NAFN DROTTINS VIÐ HÉGÓMA

2150. Annað boðorðið bannar að eiður sé ranglega svarinn. Þegar unninn er eiður eða hann svarinn er Guð kallaður til vitnis um það sem viðkomandi staðfestir. Það felur í sér að kalla eftir sannsögli Guðs sem tryggingu fyrir eigin sannsögli. Eiður skuldbindur nafn Drottins. "Drottin Guð þinn skalt þú óttast, [honum skalt þú þjóna] og við nafn hans skalt þú sverja." [81]

2151. Höfnun á því að sverja rangan eið er skylda gagnvart Guði. Sem skapari og Drottinn er Guð rétt viðmiðun á öllum sannleika. Orð mannsins eru annað hvort samhljóða eða andstæð Guði sem er sannleikurinn sjálfur. Þegar eiður er sannur og lögmætur leiðir hann í ljós tengslin milli orða mannsins og sannleika Guðs. Ranglega svarinn eiður leiðir af sér að Guð er beðinn að bera vitni um lygar.

2152. Sá fremur meinsæri sem gefur loforð undir eiði en hefur engan ásetning um að efna það eða efnir ekki loforð eftir að hafa lagt eið að því. Meinsæri felur í sér alvarlega vanvirðingu við Drottinn alls talaðs máls. Að skuldbinda sig með eiði að fremja illskuverk stríðir gegn heilagleika hins guðdómlega nafns.

2153. Jesús útskýrði annað boðorðið í fjallræðunni: "Enn hafið þér heyrt að sagt var við forfeðurna: "Þú skalt ekki vinna rangan eið, en halda skaltu eiða þína við Drottin." En ég segi yður að þér eigið alls ekki að sverja.... Þegar þér talið, sé já yðar já og nei sé nei. Það sem umfram er, kemur frá hinum vonda." [82] Jesús kennir að sérhver eiður feli í sér tilvísun til Guðs og að virða beri nærveru Guðs og sannleika hans í öllu málfari. Að sýna nærgætni þegar skírskotað er til Guðs helst í hendur við virðingu fyrir nærveru hans en allt er við segjum ber henni annað hvort vitni eða hefur hana að háði.

2154. Erfikenning kirkjunnar fylgir heilögum Páli [83] þegar hún leggur þann skilning í orð Jesú að þau útiloki ekki að eiður sé tekinn ef aðstæður eru alvarlegar eða réttmætar (til dæmis fyrir rétti). "Ekki má taka eið, hafa hið guðdómlega nafn sem sannleiksvitni, nema það sé gert í sannleika, af dómgreind og af réttsýni." [84]

2155. Heilagleiki hins guðdómlega nafns krefst þess að við hvorki notum það á ómerkilegan hátt eða sverjum eið sem vegna kringumstæðna gæti verið túlkaður sem viðurkenning á yfirvöldum, sem með óréttmætum hætti krefjast hans af okkur. Ef ólögmæt borgaraleg yfirvöld krefjast eiðs má hafna honum. Þeim eiði ber að hafna sem krafist er til að þjóna markmiðum er stríða gegn reisu mannsins eða kirkjusamfélaginu.

III. SKÍRNARNAFNID

2156. Skírnarsakramentið er veitt "í nafni Föðurins og Sonarins og hins Heilaga Anda." [85] Í skírninni helgar nafn Drottins manninn og sá sem er kristinn fær nafn sitt í kirkjunni. Það getur verið dýrlingsnafn, það er að segja, nafn lærisveins sem hefur með lífi sínu sýnt trúmennsku við Drottinn og verið þannig öðrum til eftirbreytni. Verndardýrlingur gefur fordæmi um náungakærleika og er öruggur árnaðarmaður. "Skírnarnafnið" getur einnig látið í ljós kristinn

leyndardóm eða kristna dyggð. "Foreldrum, skírnavottum og sóknarpresti ber að sjá til þess að nafn sé ekki gefið sem er framandi kristnum hugsunarhætti." [86]

2157. Hinn kristni maður byrjar daginn, bænir sínar og störf með því að signa sig: "Í nafni Föðursins og Sonarins og hins Heilaga Anda. Amen." Hinn skírði maður helgar daginn dýrð Guðs og biður um náð Frelsarans sem gerir honum kleift að starfa í Andanum sem barn Föðursins. Signingin styrkir okkur í freistingum og erfiðleikum.

2158. Guð kallar hvern og einn með nafni. [87] Nafn hvers manns er heilagt. Nafnið er helgitákn mannsins. Nafnið krefst virðingar sem tákn um reisn þess er ber það.

2159. Nafnið sem okkur er gefið er nafn til eilíðar. Í Guðs ríki mun hið leyndardómsfulla og einstaka sérkenni hvers manns, auðkennt nafni Guðs, skína fullum ljóma. "Þeim er sigrar mun ég gefa... hvítan stein og á steininn ritað nýtt nafn sem enginn þekkir nema sá er við tekur." [88] "Enn sá ég sýn: Lambið stóð á Sionfjalli og með því hundrað fjörutíu og fjórar þúsundir sem höfðu nafn þess og nafn Föður þess skrifað á ennum sér." [89]

Í STUTTU MÁLI

2160. "Drottinn, Guð vor, hversu dýrlegt er nafn þitt um alla jörðina!" (Sl 8:1).

2161. Annað boðorðið fyrirskipar að heiðra skuli nafn Drottins. Nafn Drottins er heilagt.

2162. Annað boðorðið bannar hverja ósæmilega notkun á nafni Guðs. Guðlast er að nota nafn Guðs, Jesú Krists, Maríu meyjar og dýrlinganöfnin á særandi hátt.

2163. Ranglega svarinn eiður felur í sér að Guð er beðinn að bera vitni um lygar. Meinsæri er alvarlegt brot gegn Drottni sem er ávallt trúr loforðum sínum.

2164. "Ekki skaltu sverja, ekki við skaparann eða neinn skapaðan hlut, nema í sannleika og af virðingu" (Heilagur Ignatius frá Loyola, Andlegar æfingar, 38).

2165. Í skírinni fær hinn kristni maður nafn sitt í kirkjunni. Foreldrar, skírnavottar og sóknarprestur eiga að sjá til þess að hann fái kristið nafn. Verndardýrlingur veitir fyrirmynd um náungakærleika og fullvissu um árnað.

2166. Sá sem er kristinn byrjar bænir sínar og störf með því að signa sig "Í nafni Föðursins og Sonarins og hins Heilaga Anda. Amen."

2167. Guð kallar hvern og einn með nafni (sbr. Jes 43:1).

« 3. GREIN - ÞRIÐJA BOÐORÐIÐ

Minnstu þess að halda hvíldardaginn heilagan. Sex daga skalt þú erfiða og vinna allt þitt verk, en sjöundi dagurinn er hvíldardagur helgaður Drottni Guði þínum. Þá skalt þú ekkert verk vinna. [90] Hvíldardagurinn varð til mannsins vegna og eigi maðurinn vegna hvíldardagsins. Því er Mannssonurinn einnig herra hvíldardagsins. [91]

I. HVÍLDARDAGURINN

2168. Þriðja boðorðið af boðorðunum tíu minnir á heilagleika hvíldardagsins: "Sjöundi dagurinn er algjör hvíldardagur, helgaður Drottni." [92]

2169. Hvað viðvíkur hvíldardeginum minnist Ritningin sköpunarinnar: "Því að á sex dögum gjörði Drottinn himin og jörð, hafið og allt sem í þeim er, og hvíldist sjöunda daginn. Fyrir því blessaði Drottinn hvíldardaginn og helgaði hann." [93]

2170. Ritningin opinberar einnig að Drottinsdagur er minning um frelsun Ísraels úr ánauð í Egyptalandi: "Og minnstu þess, að þú varst þræll á Egyptalandi og að Drottinn Guð þinn leiddi þig út þaðan með sterkri hendi og útréttum armlegg. Þess vegna bauð Drottinn Guð þinn þér að halda hvíldardaginn." [94]

2171. Guð fól Ísrael að gæta hvíldardagsins sem tákni um hinn órjúfanlega sáttmála. [95] Hvíldardagurinn er fyrir Drottin, heilagur og gefinn til dýrðar Guði, sköpun hans og hjálpraði hans fyrir Ísrael.

2172. Hvað sem Guð gerir er fyrirmynd þess sem maðurinn gerir. Ef Guð "hvíldist og endurnærðist" á sjöunda degi á maðurinn einnig að "hvílast" og hann á að leyfa öðrum, sérstaklega hinum fátæku, að "endurnærast". [96] Hvíldardagurinn veitir hlé frá daglegum störfum þannig að hvílast megi. Hann er mótmæladagur gegn vinnuþrælkun og peningadýrkun. [97]

2173. Guðspjallið segir frá mörgum atvikum þegar Jesús var ásakaður um að brjóta lögmálið um hvíldardaginn. En Jesús vanhelgaði aldrei þennan dag. [98] Hann gaf þessu lögmáli sína eiginlegu og lögmætu túlkun: "Hvíldardagurinn varð til mannsins vegna og eigi maðurinn vegna hvíldardagsins." [99] Kristur lýsti því yfir að hvíldardagurinn væri til að gera gott en ekki til að valda skaða, til að bjarga lífi en ekki til að deyða. [100] Hvíldardagurinn er dagur Drottins miskunnarinnar og dagur til að heiðra Guð. [101] "Því er Mannssonurinn einnig herra hvíldardagsins." [102]

II. DROTTINSDAGUR

Þetta er dagurinn sem Drottinn hefur gjört, fögnum verum glaðir á honum. [103]

Upprisudagurinn: ný sköpun

2174. Jesús reis upp frá dauðum "á fyrsta degi vikunnar". [104] Vegna þess að upprisudagur Krists er "fyrsti dagurinn" minnir hann á fyrstu sköpunina. Vegna þess að hann er að liðnum hvíldardeginum "áttundi dagurinn" [105] er hann tákni fyrir hina nýju sköpun sem upprisa Krists hefur innleitt. Fyrir kristna menn er hann orðinn fyrstur allra daga, fyrstur í röð allra hátíða, Drottinsdagur (he kuriake hemera, dies dominica) - sunnudagur: Við komum allir saman á degi sólarinnar því hann er fyrsti dagurinn [eftir hvíldardag Gyðinga en jafnframt fyrsti dagurinn] þegar Guð, eftir að hafa skilið á milli efnis og myrkurs, skapaði heiminn og á þessum sama degi reis Jesús Kristur, sem er frelsari okkar, frá dauðum. [106]

Sunnudagur - uppfylling á hvíldardeginum

2175. Sunnudagurinn er skýrt aðgreindur frá hvíldardeginum og fylgir honum í tímaröð. Í huga kristinna manna koma helgisiðir sunnudagsins í stað hvíldardagsins. Það er í páskum Krists að sunnudagurinn uppfyllir andlegan sannleika hvíldardags Gyðinga og boðar eilífa hvíld mannsins í Guði. Því tilbeiðsla undir lögmálinu ruddi leyndardómi Krists brautina og það sem þar var gert bar einkenni sem vitnaði til Krists: [107] Þeir sem fóru að hætta hins gamla siðar hafa öðlast nýja von. Því þeir halda ekki lengur hvíldardaginn heldur dag Drottins en á honum nýtur líf okkar blessunar hans og dauða hans. [108]

2176. Helgihald sunnudagsins virðir þá siðferðilegu skipan sem letuð er frá náttúrunnar hendi í hjarta mannsins að færa Guði ytri, sýnilega, opinbera og reglubundna lotningu "til merkis um almenna velgjörð hans í allra þágu." [109] Guðspjónusta sunnudagsins uppfyllir siðferðisboðskap gamla sáttmálans, hún tileinkar sér reglufestu hans og anda í vikulegu helgihaldi skaparans og endurlausnara lýðs hans.

Evkaristía sunnudagsins

2177. Dagur Drottins og evkaristía hans í helgihaldi sunnudagsins er sjálft hjarta kirkjulífsins. "Sunnudagurinn er sá dagur sem páskaleyndardómurinn er hafður um hönd í ljósi hinnar postullegu erfðavenju og á hann ber að líta sem fremstan af skipuðum helgidögum í allri hinni almennu kirkju." [110] "Einnig á að halda í heiðri fæðingu Drottins vors Jesú Krists, birtingu Drottins, uppstigningu Krists, hátíð líkama og blóðs Krists, hátíð Maríu Guðsmóður, flekklausan getnað hennar, uppnumningu hennar til himna, hátíð heilags Jósefs, hátíð postulanna heilags Péturs og Páls og allraheilagramessu." [111]

2178. Sá siður kristinna manna að halda samkomur er frá upphafsárum postulanna. [112] Í Hebreabréfinu eru hinir trúuðu minntir á þetta: "Vanrækið ekki safnaðarsamkomur yðar eins og sumra er siður, heldur uppörvið hver annan." [113] Arfleifðin varðveitir gamla áminningu sem enn er við lýði: Komið snemma til kirkju, nálgist Drottin, játið syndir ykkar og gerið iðrun með bæn.... Verið við heilagt og drottinlegt tíðahaldið, fylgið bænum þess til loka og farið ekki fyrr en þið fáið leyfi til útgöngu.... Oft höfum við sagt: "Þessi dagur er ykkur gefinn til bæna og hvíldar. Þetta er dagurinn sem Drottinn hefur gjört, fögnum verum glaðir á honum." [114]

2179. "Sókn er ákveðið samfélag trúaðra sem stofnsett er á varanlegum grunni út frá staðbundinni kirkju. Sóknarpresturinn, sem er hirðir hennar, annast sálgæslu undir valdi viðkomandi biskups." [115] Hún er staður þar sem allir hinir trúuðu koma saman til að hafa um hönd evkaristíu sunnudagsins. Sóknin innleiðir hjá hinu kristna fólki venjubundna helgisiði og safnar því saman til helgihalds; hún kennir frelsunarfræði Krists; hún ástundar kærleika Drottins með góðverkum og bróðurkærleika: Þú biður ekki heima með sama hætti og í kirkjunni þar sem samankominn er mikill mannfjöldi og ákall til Guðs stígur upp sem frá einu stóru hjarta. Og þar er meira að finna - einhug, samlyndi sála, kærleiksbönd og bænir prestanna. [116]

Sunnudagsskyldan

2180. Boðorð kirkjunnar skýrir nánar lögmál Drottins: "Á sunnudögum og öðrum skipuðum helgidögum eru hinir trúuðu skyldugir að taka þátt í messunni." [117] "Sá sem tekur þátt í helgihaldi messu að kaþólskum sið á sjálfan helgidaginn eða kvöldið áður, uppfyllir messuskyldu sína." [118]

2181. Evkaristía sunnudagsins er grundvöllur og staðfesting á allri kristinni ástundun. Þetta er ástæða þess að hinir trúuðu eru skyldugir að taka þátt í evkaristíunni á skipuðum dögum nema gildar ástæður séu fyrir hendi (veikindi, umönnun smábarna, til að taka dæmi) eða að þeir hafi fengið undanþágu frá sóknarpresti sínum. [119] Þeir drýgja alvarlega synd sem af ásetningi vanrækja þessa skyldu.

2182. Hlutdeild í samfélaginu sem hefur um hönd evkaristíu sunnudagsins er til vitnis um að viðkomandi tilheyrir og er trúr Kristi og kirkju hans. Með þessu staðfesta hinir trúuðu samfélag

sitt í trú og kærleika. Saman bera þeir vitni um heilagleika Guðs og von sína um hjálpræði. Þeir styrkja hver annan undir leiðsögn Heilags Anda.

2183. "Ef skortur á kirkjunnar þjónum eða aðrar alvarlegar ástæður valda því að ekki er hægt að taka þátt í helgihaldi evkaristíunnar, er sérstaklega mælt með því að hinir trúuðu taki þátt í þjónustu orðsins ef hana er að fá í sóknarkirkjunni eða öðrum helgum stað samkvæmt ákvörðun viðkomandi biskups, eða vera í bæn í hæfilegan tíma annað hvort einn eða með fjölskyldunni eða í hóp með öðrum fjölskyldum, sé þess kostur." [120]

Dagur náðar og hvíldar

2184. Á sama hátt og Guð "hvíldist hinn sjöunda dag af öllu verki sínu er hann hafði gjört"121 þannig skiptist líf mannsins milli þess að vinna og hvílast. Skipan Drottinsdagsins stuðlar að því að allir fái notið hæfilegrar hvíldar og tómstundar til að leggja rækt við fjölskyldu-, menningar-, félags- og trúarlífið. [122]

2185. Á sunnudögum og öðrum skipuðum helgidögum eiga hinir trúuðu að halda sig frá vinnu og starfsemi sem hindrar þá þjónustu er Guði ber, dregur úr fögnuðinum sem á að einkenna Drottinsdaginn og kemur í veg fyrir líknarstörf og hæfilega hvíld líkama og sálar. [123] Þarfir fjölskyldunnar eða mikilvæg félagsleg þjónusta geta talist lögmæt undanþága frá ákvæðum um hvíld á sunnudegi. Hinir trúuðu eiga að sjá til þess að lögmæt undanþága verði ekki að vana er valdi því að trú, fjölskyldulíf og heilbrigði skaðast. Kærleikur sannleikans leitar guðlegs næðis - nauðsyn kærleikans tekur að sér réttmæt verk. [124]

2186. Þeir kristnu menn sem njóta tómstunda eiga að minnast trúsystkina sinna sem hafa sömu þarfir og sömu réttindi og þeir, en geta engu að síður ekki tekið sér hvíld frá störfum vegna neyðar og fátæktar. Kristileg guðrækni hefur það fyrir hefð að helga sunnudaginn til góðra verka og auðmjúkrar þjónustu við sjúka, rúmliggjandi og aldraða. Kristnir menn halda einnig sunnudaginn heilagan með því að gefa fjölskyldu og ættingjum tíma sinn og umönnun sem oft er erfitt að gera aðra daga vikunnar.

2187. Að halda sunnudaginn og aðra helgidaga heilaga krefst sameiginlegs átaks. Kristnir menn eiga ekki að gera ónauðsynlegar kröfur til annarra sem hindrar þá að halda í heiðri Drottinsdaginn. Hefðbundin starfsemi (íþróttir, veitingahús, o.s.frv.) og félagslegar skyldur (opinber þjónusta, o.s.frv.) krefjast þess að sumir vinni á sunnudögum. Engu að síður á hver og einn að gæta þess að hann hafi nægan tíma aflögu til tómstunda. Með hófsemi og af náungakærleika munu hinir trúuðu forðast það óhóf og ofbeldi sem stundum er fylgifiskur almennrar tómstundaiðju. Þrátt fyrir kröfur efnahagslífsins eiga almenn yfirvöld að tryggja að borgararnir fái tíma til hvíldar og þjónustu við Guð. Atvinnurekendur hafa tilsvarendi skyldur gagnvart starfsmönnum sínum.

2188. Innan þeirra marka sem trúfrelsi og almannaheill setja, eiga kristnir menn að vinna að því að fá sunnudaga og helgidaga kirkjunnar viðurkennda sem löglega frídaga. Þeir eiga að vera öllum opinber fyrirmynd í bæn, virðingu og fögnuði og verja erfðavenjur sínar sem verðmætt framlag til andlegs lífs samfélagsins. Þar sem landslög eða aðrar ástæður valda því að nauðsynlegt er að vinna á sunnudögum á engu að síður að líta á hann sem dag hjálpræðis okkar er gerir okkur kleift að eiga hlutdeild í "hátíðarsamkomu" og söfnuði "frumgetinna, sem á himnum eru skráðir." [125]

Í STUTTU MÁLI

2189. "Gættu þess að halda hvíldardaginn heilagan" (5M 5:12). "Sjöundi dagurinn er algjör hvíldardagur, helgaður Drottni" (2M 31:15).
2190. Sunnudagurinn, sem minnir á hina nýju sköpun er hófst með upprisu Krists, kemur í stað hvíldardagsins sem stóð fyrir fullkomnun fyrstu sköpunarinnar.
2191. Kirkjan heldur hátíðlegan upprisudag Krists á "áttunda degi", sunnudegi, sem réttilega nefnist Drottinsdagur (sbr. SC 106).
2192. "Sunnudaginn...á öll hin almenna kirkja að halda í heiðri sem fremstan af skipuðum helgidögum" (CIC, grein 1246 § 1). "Á sunnudögum og öðrum skipuðum helgidögum eru hinir trúuðu skyldugir að taka þátt í messunni" (CIC, grein 1247).
2193. "Á sunnudögum og öðrum skipuðum helgidögum eiga hinir trúuðu að halda sig frá vinnu og viðskiptum er hindrar þá að gefa Guði þá þjónustu sem honum ber, dregur úr fögnuðinum sem á að einkenna Drottinsdag eða kemur í veg fyrir hæfilega hvíld líkama og sálar" (CIC, grein 1247).
2194. Skipan sunnudagsins stuðlar að því að "allir fái nægjanlega hvíld og frístundir til að rækta fjölskyldu-, menningar-, félags- og trúarlífið" (GS 67 § 3).
2195. Kristnir menn eiga ekki að gera ónauðsynlegar kröfur til annarra sem hindrar þá að halda í heiðri Drottinsdaginn.

1. Mt 22:37; sbr. Lk 10:27: "...öllum mætti þínum".
2. 5M 6:4.
3. 2M 20:2-5; sbr. 5M 5:6-9.
4. Mt 4:10.
5. 5M 6:13-14.
6. Sbr. 2M 19:16-25; 24:15-18.
7. Hl. Jústínus Dial. cum Tryphone Judaeo 11, 1: PG 6, 497.
8. Rómverska trúfræðsluritið 3, 2, 4.
9. Rm 1:5; 16:26.
10. Sbr. Rm 1:18-32.
11. CIC, grein 751: áherslur Trúfræðsluritsins.
12. Sbr. 5M 6:4-5.
13. Lk 4:8; sbr. 5M 6:13.
14. Sbr. Lk 1:46-49.
15. Lk 18:1.
16. Hl. Ágústínus, De civ. Dei 10, 6: PL 41, 283.
17. SI 51:19 (17).
18. Sbr. Am 5:21-25; Jes 1:10-20.
19. Mt 9:13; 12:7; sbr. Hs 6:6.
20. Sbr. Heb 9:13-14.
21. CIC, grein 1191 §1.
22. Sbr. P 18:18; 21:23-24.

23. Sbr. CIC, grein 654.
24. LG 42 § 4.
25. Sbr. CIC grein 692; 1196-1197.
26. DH 1 § 2.
27. DH 2 § 1.
28. NA 2 § 2.
29. DH 14 § 4.
30. DH 1 § 3.
31. AA 13 § 1.
32. Sbr. DH 1.
33. Sbr. AA 13; Leó XIII, Immortale Dei 3, 17; Píus XI, Quas primas 8, 20.
34. DH 2 § 1.
35. DH 2 § 2.
36. DH 6 § 3.
37. Sbr. Leó XIII, Libertas praestantissimum 18; Píus XII, AAS 1953, 799.
38. Sbr. DH 2.
39. Sbr. Píus VI, Quod aliquantum (1791) 10; Píus IX, Quanta cura 3.
40. DH 7 § 3.
41. Sbr. Mt 23:16-22.
42. SI 115:4-5, 8; sbr. Jes 44:9-20; Jer 10:1-16; Dn 14:1-30; Br (BJer) 6; SS 13:1-15:19.
43. Js 3:10; SI 42:3; o.s.frv.
44. Mt 6:24.
45. Sbr. Opb 13-14.
46. Sbr. Gl 5:20; Ef 5:5.
47. Órígenes, Contra Celsum 2, 40; PG 11, 861.
48. Sbr. 5M 18:10; Jer 29:8.
49. Sbr. Lk 4:9.
50. 5M 6:16.
51. Sbr. 1Kor 10:9; 2M 17:2-7; SI 95:9.
52. Sbr. CIC, grein 1367; 1376.
53. Sbr. P 8:9-24.
54. P 8:20.
55. Mt 10:8; sbr. Jes 55:1.
56. CIC, grein 848.
57. Mt 10:10; sbr. Lk 10:7; 1Kor 9:5-18; 1Tm 5:17-18.
58. GS 19 § 1.
59. GS 20 § 1.
60. GS 20 § 2.
61. Sbr. Rm 1:18.
62. GS 19 § 3.
63. Sbr. GS 20 § 1.
64. GS 21 § 3.
65. GS 21 § 7.

66. 5M 4:15-16.
67. Sr 43:27-28.
68. SS 13:3.
69. Sbr. 4M 21:4-9; SS 16:5-14; Jh 3:14-15; 2M 25:10-22; 1Kon 6:23-28; 7:23-26.
70. Hl. Basílius, De Spiritu Sancto 18, 45: PG 32, 149C; annað kirkjupingið í Níkeu: DS 601; sbr. kirkjupingið í Trent: DS 1821-1825; annað Vatíkanþingið: SC 126; LG 67.
71. Hl. Tómas frá Akvínó, STh II-II, 81, 3 ad 3.
72. 2M 20:7; 5M 5:11.
73. Mt 5:33-34.
74. Sbr. Sk 2:17 (13); Sl 29:2; 96:2; 113:1-2.
75. John Henry Newman kardínáli, Parochial and Plain Sermons V, 2 (London: Longmans, Green and Co., 1907) 21-22.
76. Sbr. Mt 10:32; 1Tm 6:12.
77. Sbr. 1Jh 1:10.
78. Jk 2:7.
79. Sbr. CIC, grein 1369.
80. Hl. Ágústínus, De serm. Dom. in monte 2, 5, 19: PL 34, 1278.
81. 5M 6:13.
82. Mt 5:33-34, 37; sbr. Jk 5:12.
83. Sbr. 2Kor 1:23; Gl 1:20.
84. CIC, grein 1199 § 1.
85. Mt 28:19.
86. CIC, grein 855.
87. Sbr. Jes 43:1; Jh 10:3.
88. Opb 2:17.
89. Opb. 14:1.
90. 2M 20:8-10; sbr. 5M 5:12-15.
91. Mk 2:27-28.
92. 2M 31:15.
93. 2M 20:11.
94. 5M 5:15.
95. Sbr. 2M 31:16.
96. 2M 31:17; sbr. 23:12.
97. Sbr. Neh 13:15-22; 2Kro 36:21.
98. Sbr. Mk 1:21; Jh 9:16.
99. Mk 2:27.
100. Sbr. Mk 3:4.
101. Sbr. Mt 12:5; Jh 7:23.
102. Mk 2:28.
103. Sl 118:24.
104. Sbr. Mt 28:1; Mk 16:2; Lk 24:1; Jh 20:1.
105. Sbr. Mk 16:1; Mt 28:1.
106. Hl. Jústínus, I Apol. 67: PG 6, 429 og 432.

107. Sbr. 1Kor 10:11.
108. Hl. Ignatíus frá Antíokkíu, Ad Magn. 9, 1: SCh 10, 88.
109. Hl. Tómas frá Akvínó, STh II-II 122, 4.
110. CIC, grein 1241 § 1.
111. CIC, grein 1246 § 2: "Biskuparáðstefna getur fellt úr gildi suma skipaða helgidaga eða fært þá til sunnudags að fengnu samþykki Páfastóls."
112. Sbr. P 2:42-46; 1Kor 11:17.
113. Heb 10:25.
114. Höfundur óþekktur, Sermo de die dominica 2 et 6: PG 86/1, 416C og 421C.
115. CIC, grein 515 § 1.
116. Hl. Jóhannes Krýsostomus, De incomprehensibili 3, 6: PG 48, 725.
117. CIC, grein 1247.
118. CIC, grein 1248 § 1.
119. Sbr. CIC, grein 1245.
120. CIC, grein 1248 § 2.
121. 1M 2:2.
122. Sbr. GS 67 § 3.
123. Sbr. CIC, grein 1247.
124. Hl. Ágústínus, De civ. Dei 19, 19: PL 41, 647.
125. Heb. 12:22-23.

ÞRÍÐJI HLUTI: LÍF Í KRISTI

ANNAR ÞÁTTUR - BOÐORÐIN TÍU

ANNAR KAFLI: "ÞÚ SKALT ELSKA NÁUNGA ÞINN EINS OG SJÁLFAN ÞIG"

Jesús sagði við lærisveina sína: "Eins og ég hef elskað yður, skuluð þér einnig elska hver annan." [1]

2196. Sem svar við spurningunni hvert væri æðst boðorðanna, svaraði Jesús: "Æðst er þetta: "Heyr, Ísrael! Drottinn, Guð vor, hann einn er Drottinn. Og þú skalt elska Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum huga þínum og öllum mætti þínum." Annað er þetta: "Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig." Ekkert boðorð annað er þessum meira." [2] Heilagur Páll postuli minnir okkur á þetta: "Því að sá sem elskar náunga sinn, hefur uppfyllt lögmálið. Boðorðin: "Þú skalt ekki drýgja hór, þú skalt ekki morð fremja, þú skalt ekki stela, þú skalt ekki girnast," og hvert annað boðorð er innifalið í þessari grein: "Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig." Kærleikurinn gjörir ekki náunganum mein. Þess vegna er kærleikurinn fylling lögmálsins." [3]

« 4. GREIN - FJÓRÐA BOÐORÐIÐ

Heiðra föður þinn og móður þína, svo að þú verðir langlífur í því landi, sem Drottinn Guð þinn gefur þér. [4] Hann var þeim hlýðinn. [5] Sjálfur Drottinn Jesús minnir á máttinn í þessu "boði Guðs". [6] Postulinn áminnir: "Þér börn, hlýðið foreldrum yðar vegna Drottins, því að það er rétt. "Heiðra föður þinn og móður," - það er hið fyrsta boðorð með fyrirheiti: "til þess að þér vegni vel og þú verðir langlífur á jörðinni."" [7]

2197. Með fjórða boðorðinu upplýkst önnur lögmálstaflan. Þar kemur fram röð kærleikans. Það er vilji Guðs að næst á eftir honum heiðrum við foreldra okkar sem við eigum lífið að þakka og sem hafa látið þekkinguna á Guði ganga til okkar. Við erum skyldug til að virða alla þá sem Guð hefur, með hag okkar í huga, veitt vald.

2198. Þetta boðorð er látið í ljós með jákvæðum hætti með hliðsjón af þeim skyldum sem uppfylla ber. Það veit á næstu boðorðin sem fjalla um sérstaka virðingu fyrir lífinu, hjónabandinu, jarðneskum gæðum og orðheldni. Það er einn þáttur í grundvellingnum að félagslegri kenningu kirkjunnar.

2199. Fjórða boðorðið beinist gagnert að börnunum í samskiptum þeirra við föður og móður vegna þess að þau samskipti eru hvað almennust. Það fjallar sömuleiðis um ættartengsl við aðra meðlimi fjölskyldunnar. Það krefst þess að öldruðum og forfeðrum sé sýnd virðing, umhyggja og þakklæti. Að lokum nær það til skyldu nemenda gagnvart kennurum, starfsmanna gagnvart vinnuveitendum, undirmanna gagnvart stjórnendum, þegnanna gagnvart föðurlandinu og þeim sem stjórna eða ríkja yfir þeim. Þetta boðorð felur í sér og gengur út frá skyldum foreldra, uppalenda, kennara, leiðtoga, dómara, þeirra sem sitja við stjórnvölinn og allra þeirra er hafa vald yfir öðrum eða yfir samfélagi mannanna.

2200. Að virða fjórða boðorðið hefur sína umbun: "Heiðra föður þinn og móður þína, svo að þú verðir langlífur í því landi, sem Drottinn Guð þinn gefur þér." [8] Að halda í heiðri þetta boðorð

færir, til viðbótar andlegum ávöxtum, stundlega ávexti friðar og farsældar. Sé það aftur á móti ekki virt, veldur það samfélögum og einstaklingum miklum skaða.

I. FJÖLSKYLDAN Í FYRIRÆTLUN GUÐS

Eðli fjölskyldunnar

2201. Hjúskapur grundvallast á jáyrði makanna. Hjónabandið og fjölskyldan er tilhögun sem er heillavænleg fyrir hjónin og getnað og uppfræðslu barnanna. Kærleikur hjónanna og barneignir skapa persónuleg tengsl og grundvallarábyrgð meðal meðlima sömu fjölskyldu.

2202. Karl og kona, sem hjónabandið sameinar, mynda fjölskyldu með börnum sínum. Þessi stofnun er fyrri til en nokkur viðurkenning af hálfu stjórnvalda og þeim ber skylda til að viðurkenna hana. Líta ber á fjölskylduna sem hefðbundinn viðmiðunargrundvöll og eftir henni eru mismunandi ættarbönd metin.

2203. Með því að skapa karl og konu stofnsetti Guð fjölskyldu mannsins og gaf henni sitt grundvallarlögmál. Fjölskyldumeðlimir njóta jafnrar virðingar. Til heilla fyrir meðlimi hennar og samfélagið ber fjölskyldan með sér margþætta ábyrgð, réttindi og skyldur.

Hin kristna fjölskylda

2204. "Hin kristna fjölskylda er sérstök vísbending um kirkjusamfélag og framkvæmd þess og af þeirri ástæðu má og ber að nefna hana heimiliskirkju." [9] Hún er samfélag í trú, von og kærleika; hún er einstaklega mikilvæg fyrir kirkjuna eins og Nýja testamentið ber vitni um. [10]

2205. Hin kristna fjölskylda er samfélag persóna, hún er tákni og mynd af samfélagi Föðursins og Sonarins í hinum Heilaga Anda. Í getnaði og uppfræðslu barnanna endurspeglar hún sköpunarverk Föðursins. Hún er kölluð til að eiga hlutdeild í bæn og fórn Krists. Dagleg bæn og lestur Orðs Guðs styrkir hana í kærleikanum. Hin kristna fjölskylda hefur með höndum fagnaðarboðskap og kristnið.

2206. Fjölskylduböndin leiða af sér tilfinningar, ástríki og umhyggju sem tengjast og helgast umfram allt af gagnkvæmri virðingu. Fjölskyldan er samfélag er nýtur forréttinda og sem hefur að köllum að "innilegt samband og mikil hreinskilni sé með hjónunum og að náð samstarf sé með foreldrunum við uppeldi barnanna." [11]

II. FJÖLSKYLDAN OG ÞJÓÐFÉLAGIÐ

2207. Fjölskyldan er frumeind þjóðfélagsins. Hún er náttúrulegt samfélag þar sem eiginmaður og eiginkona eru kölluð til að gefa sig í kærleika og við að hefja nýtt líf. Myndugleiki, stöðuleiki og gagnkvæm samskipti innan fjölskyldunnar mynda grundvöllinn að frelsi, öryggi og bræðralagi í þjóðfélaginu. Fjölskyldan er það samfélag þar sem maðurinn getur frá blautu barnsbeini lært siðferðisgildi, byrjað að heiðra Guð og notað frelsi sitt með réttum hætti. Fjölskyldulífið er innvígsla í þjóðfélagslífið.

2208. Fjölskyldan á að lifa með þeim hætti að meðlimir hennar læri að annast og bera umhyggju fyrir ungum og öldnum, sjúkum, fötluðum og fátækum. Margar fjölskyldur sjá sér stundum ekki fært að veita þessa aðstoð. Það fellur þá í skaut annarra einstaklinga, fjölskyldna og að lokum

samfélagsins að veita þessa hjálp: "Hrein og flekklaus guðrækni fyrir Guði og Föður er þetta, að vitja munaðarlausra og ekkna í þrengingu þeirra og varðveita sjálfan sig óflekkaðan af heiminum." [12]

2209. Fjölskylduna ber að aðstoða og verja með viðeigandi félagslegum ráðstöfunum. Þar sem fjölskyldurnar geta ekki uppfyllt ábyrgð sína eru aðrir félagslegir hópar skyldugir að aðstoða þær og styrkja þá stofnun sem fjölskyldan er. Með hliðsjón af nálægðarreglunni eiga stærri samfélög að varast það að hrifsa til sín forréttindi fjölskyldunnar eða skipta sér af fjölskyldulífínu.

2210. Mikilvægi fjölskyldunnar fyrir velgengni þjóðfélagsins [13] leiðir af sér sérstaka ábyrgð fyrir þjóðfélagið að það styðji og styrki hjónabandið og fjölskylduna. Opinber yfirvöld eiga að líta á það sem brýna skyldu sína "að viðurkenna raunverulegt eðli hjónabandsins og fjölskyldunnar, verja það og efla, standa vörð um almennt siðgæði og stuðla að hagsæld heimilanna." [14]

2211. Stjórnámálamönnum ber skylda til að sýna fjölskyldunni virðingu og styðja hana. Þeim ber að tryggja sérstaklega eftirfarandi þætti:

- frelsi til að setja á stofn fjölskyldu, eiga börn og ala þau upp í samræmi við siðferði og trúarsannfæringu fjölskyldunnar;
- vernd til að stöðugleiki ríki í hjónabandinu og fjölskyldunni sem stofnun;
- frelsi til að játa trú sína, láta hana berast og ala upp börn sín í henni og nota til þess nauðsynlegar leiðir og stofnanir;
- eignarréttinn, rétt til einkaframtaks, til vinnu, húsnæðis og til að flytjast úr landi;
- réttinn til heilsugæslu samkvæmt landslögum, aðstoð við aldraða og fjölskyldubætur;
- vernd í öryggis- og heilbrigðismálum, sérstaklega hvað varðar hættur er lúta að eiturlyfjum, klámi, drykkjusýki o.s.frv.
- frelsi til að mynda félagsskap með öðrum fjölskyldum og eiga með þeim fulltrúa frammi fyrir borgaralegum yfirvöldum. [15]

2212. Fjórða boðorðið bregður ljósi á önnur samskipti í þjóðfélaginu: Í bræðrum okkar og systur sjáum við börn foreldra okkar; í frændsystkinum afkomendur forfeðra okkar; í samborgurum börn föðurlands okkar; í hinum skírðu börn móður okkar, kirkjunnar; í hverjum einstaklingi son eða dóttur hans sem við köllum "Faðir vor". Með þessum hætti eru samskiptin við náungann litin persónulegum augum. Náunginn er ekki "eining" í hinni mannlegu heild; hann er "einhver" sem fyrir sinn þekkta uppruna verðskuldar sérstaka athygli og virðingu.

2213. Mannleg samfélög eru byggð af persónum. Góð stjórnun þeirra takmarkast ekki við að tryggja réttindi og uppfylla skyldur eins og að halda í heiðri samninga. Rétt samskipti atvinnurekanda og starfsmanna, milli þeirra sem sitja við stjórnvölinn og borgaranna ganga út frá eðlislægum velvilja sem er í samræmi við reisin hinnar mannlegu persónu og byggist á réttlæti og bræðralagi.

III. SKYLDUR FJÖLSKYLDUMEÐLIMA

Skyldur barnanna

2214. Hið guðdómlega faðerni er uppspretta mannlegs faðernis [16] þetta er grundvöllurinn að því að heiðra foreldranna. Virðing barnanna, hvort sem þau eru ófullveðja eða uppkomin, fyrir

föður sínum og móður [17] á rætur að rekja til þeirrar náttúrulegu ástúðar sem vaknar vegna tengslanna hvert við annað. Slíkrar virðingar krefst boðorð Guðs. [18]

2215. Virðing fyrir foreldrum (pietas filialis) byggist á þakklæti í garð þeirra sem með lífsgjöf sinni, elsku sinni og vinnu, hafa komið börnunum í heiminn og gert þeim fært að vaxa úr grasi - líkamlega og að visku og náð. "Heiðra föður þinn af öllu hjarta, gleym ei nauð móður þinnar er hún ól þig. Minnstu þess að þú ert af þeim kominn, hvernig máttu launa þeim allt sem þau fyrir þig gerðu?" [19]

2216. Virðing barna fyrir foreldrum sínum þekkist af sannri þægð og hlýðni. "Varðveit þú, son minn, boðorð föður þíns og hafna eigi viðvörun móður þinnar... Þegar þú ert á gangi, þá leiði þau þig, þegar þú hvílist, vaki þau yfir þér, og þegar þú vaknar, þá ræði þau við þig." [20] "Vitur sonur hlýðir umvöndun föður síns, en spottarinn sinnir engum átölum." [21]

2217. Eins lengi og barnið býr heima hjá foreldrum sínum á það að hlýða öllu því sem foreldrarnir biðja um og er barninu til góða eða fjölskyldunni. "Þér börn, verið hlýðin foreldrum yðar í öllu, því að það [er Drottinn velþóknanlegt]." [22] Börnin eiga einnig að hlýða sanngjörnum leiðbeiningum kennara sinna og allra þeirra sem foreldrarnir hafa falið umsjá þeirra. En ef samviska barnsins segir því að það sé siðferðilega rangt að hlýða tiltekinni skipun, þá á það ekki að hlýða henni. Þar sem þau vaxa úr grasi, eiga börnin að halda áfram að bera virðingu fyrir foreldrum sínum. Þau eiga að vita óskir þeirra, leita gjarnan ráða hjá þeim og taka til greina réttmætar áminningar þeirra. Hlýðni við foreldrana hættir þegar börnin verða sjálfstæð, en ekki virðingin. Hana ber þeim ávallt að sýna því hún á rætur sínar að rekja til guðsóttans, sem er ein af gjöfum Heilags Anda.

2218. Fjórða boðorðið minnir uppkomin börn á ábyrgð þeirra gagnvart foreldrum sínum. Svo framarlega sem þeim er unnt, eiga þau að gefa þeim efnislega og siðferðilega aðstoð á efri árum og á tímum sjúkleika, einmanaleika eða neyðar. Jesús minnir á þessa þakkarskuld. [23] Því að Drottinn hefur sett börnum að heiðra föður, ákvarðað rétt móður yfir sonum. Sá sem virðir föður sinn bætir fyrir syndir, og sá sem heiðrar móður sína safnar sér fjársjóði. Sá sem virðir föður sinn mun barnalán hljóta, og er hann biður hlýtur hann bænheyrslu. Sá sem heiðrar föður sinn mun langlífur verða, og sá sem hlýðir Drottni er móður sinni huggun. [24] Annastu föður þinn í elli hans, barnið mitt, hryggðu hann ei svo lengi sem hann lifir. Ver honum nærgætinn þótt hann elliglöp sæki, vanvirð hann eigi meðan þér enn svellur þróttur. " Sá guðlastar sem afrækir föður sinn, Drottinn afneitar þeim sem reitir móður sína til reiði. [25]

2219. Virðing fyrir foreldrunum stuðlar að jafnvægi í fjölskyldulífinu og snertir einnig samskipti systkina. Virðing fyrir foreldrunum fyllir heimilið birtu og yl. "Barnabörnin eru kóróna öldunganna." [26] "Verið í hvívetna lítilátir og hógværir. Verið þolinmóðir, langlyndir og umberað hver annan í kærleika." [27]

2220. Kristnir menn standa í sérstakri þakkarskuld við þá sem hafa fært þeim gjöf trúarinnar, náð skírnarinnar og lífsprótt í kirkjunni. Þeir sem þar um ræðir geta verið foreldrar, afar og ömmur, aðrir fjölskyldumeðlimir, sóknarprestar, trúarkennarar og aðrir kennarar eða vinir. "Ég rifja upp fyrir mér hina hræsnislausu trú þína. Sú trú bjó fyrst í henni Lóis ömmu þinni og í henni Evnike móður þinni, og ég er sannfærður um, að hún býr líka í þér." [28]

Skyldur foreldranna

2221. Frjósemi hjúskaparkærleikans takmarkast ekki eingöngu við að geta börn heldur nær hún einnig til siðferðilegrar uppfræðslu barnanna og andlegrar mótunar þeirra. "Hlutverk foreldranna í uppfræðslunni er svo mikilvægt að það er nær ómögulegt að finna hæfa staðgengla." [29]

Réttindi og skyldur foreldranna að uppfræða börn sín eru frumatriði og óafsalanleg. [30]

2222. Foreldrar verða að líta á börn sín sem Guðs börn og virða þau sem mannlegar persónur. Með því að hlíta sjálf vilja Föðursins á himnum kenna þau börnum sínum að uppfylla lögmál Guðs.

2223. Foreldrarnir bera frumábyrgð á uppfræðslu barna sinna. Þau bera þessari ábyrgð vitni með því að koma fyrst á stofn heimili þar sem ástúð, fyrirgefning, virðing, tryggn og óeingingjörn þjónusta liggja til grundvallar. Heimilið er heppilegur staður til uppfræðslu í dyggðum. Skilyrði fyrir slíkri uppfræðslu er að tileinka sér sjálfsafneitan, heilbrigða dómgreind og sjálfsstjórn - forsendur fyrir öllu sönnu frelsi. Foreldrar eiga að kenna börnum sínum að setja "efnislega og eðlislæga þætti undir innri og andlega þætti." [31] Sú alvarlega ábyrgð hvílir á foreldrunum að vera börnum sínum gott fordæmi. Ef foreldrarnir sjálfir geta viðurkennt mistök sín gagnvart börnunum eru þeir betur í stakk búnir að leiðbeina þeim og aga: Sá er ann syni sínum hirtir hann tíðum.... Sá er agar son sinn hlýtur gagn af honum. [32] Þér feður, reitið ekki börn yðar til reiði, heldur alið þau upp með aga og umvöndun Drottins. [33]

2224. Heimilið er náttúrulegt umhverfi til að kenna manninum grundvallaratriði í samstöðu og samábyrgð. Foreldrar eiga að kenna börnum sínum að vera vel á verði gagnvart vafasömum og niðurlægjandi áhrifum sem ógna samfélögum mannsins.

2225. Fyrir náðina sem sakramenti hjónabandsins veitir, fá foreldrarnir þá ábyrgð og þau forréttindi að færa börnum sínum fagnaðarboðskapinn. Meðan börnin eru enn ung að árum eiga foreldrarnir að leiða þau að leyndardómum trúarinnar þar sem þeir eru "fyrstu boðberar" barna sinna í þeim efnum. Þeir eiga að tengja þau allt frá blautu barnsbeini við líf kirkjunnar. [34] Heilnæmt fjölskyldulíf hlúir að innri afstöðu sem er sannur undirbúningur að lifandi trú og viðheldur henni allt í gegnum lífið.

2226. Foreldrar eiga að hefja trúfræðsluna meðan börnin eru enn ung. Hún er þegar til staðar ef fjölskyldumeðlimir hjálpa hver öðrum að vaxa í trú með vitnisburði um kristlegt lífni í samræmi við guðspjallið. Trúfræðslan í fjölskyldunni gengur á undan, á samleið með og auðgar aðrar trúfræðslustundir. Foreldrarnir hafa það verkefni með höndum að kenna börnum sínum að biðja og að finna köllun sína sem Guðs börn. [35] Sóknin er hið evkaristíska samfélag og hjarta helgiathafna kristinna fjölskyldna; það er einkum í sókninni sem trúfræðslan barna og foreldra fer fram.

2227. Börnin geta fyrir sitt leyti stuðlað að því að foreldrar þeirra vaxi í heilagleika. [36] Menn eiga að fyrirgefa hver öðrum af veglyndi og án afláts árásir, rifrildi, óréttlæti og vanrækslu. Er það samkvæmt hinum gagnkvæma kærleika. Kærleikur Krists krefst þess. [37]

2228. Virðing og ástríki foreldranna kemur í ljós við uppeldi ungra barna þeirra þegar þeir sýna umönnun og umhyggju við að ala þau upp og sjá fyrir líkamlegum og andlegum þörfum þeirra. Þegar börnin vaxa úr grasi er það sama virðingin og umhyggjan sem fær foreldrana til að uppfræða þau að nota skynsemi sína og frelsi á réttan hátt.

2229. Þar sem foreldrnir bera megin ábyrgð á uppfræðslu barna sinna eiga þeir rétt á að velja skóla fyrir þau sem fellur að eigin sannfæringu þeirra. Svo sem þeim er unnt hafa foreldrnir þá skyldu að velja skóla sem eru best fallnir til þess að aðstoða þá í hlutverki þeirra sem kristnir uppfræðarar. [38] Opinber yfirvöld hafa þá skyldu að tryggja þennan rétt foreldranna og sjá til þess að varanleg skilyrði séu fyrir hendi til að hann fái þrífist.

2230. Þegar börnin eru orðin fullvaxta hafa þau rétt og skyldu til að velja sér starfsgrein og lífsmáta. Þau eiga að axla sína nýju ábyrgð í traustu sambandi við foreldra sína og þiggja gjarnan ráð þeirra og ráðgjöf. Foreldrnir verða að gæta þess að beita ekki börn sín þrýstingi hvorki í vali á starfsgrein né maka. Þessi nauðsynlega takmörkun hindrar ekki foreldrana - raunar þvert á móti

- að gefa börnum sínum skynsamleg ráð, sérstaklega þegar þau áforma að stofnsetja fjölskyldu.

2231. Sumir neita sér um að ganga í hjónaband til að annast foreldra sína eða systkini, helga sig með fullkomnari hætti starfsgrein sinni eða til að þjóna öðrum góðum málefnum. Þeir sem þetta gera geta lagt mikið af mörkum til heilla fyrir fjölskyldu mannanna.

IV. FJÖLSKYLDAN OG GUÐS RÍKI

2232. Fjölskylduböndin eru mikilvæg en ekki endanleg. Samtímis því sem barnið kemst til þroska og mannlegs og andlegs sjálfstæðis verður hin sérstaka köllun sem kemur frá Guði æ sterkari og skýrari. Foreldrnir eiga að virða þessa köllun og hvetja börn sín að fylgja henni. Þau eiga ekki að vera í nokkrum vafa um að fyrsta kall kristins manns er að fylgja Jesú: "Sá sem ann föður eða móður meir en mér, er mín ekki verður, og sá sem ann syni eða dóttur meir en mér, er mín ekki verður." [39]

2233. Sá sem gerist lærisveinn Jesú þiggur boð um að tilheyra fjölskyldu Guðs, að lifa samkvæmt lífsmáta hans: "Hver sem gjörir vilja Föður míns sem er á himnum, sá er bróðir minn, systir og móðir." [40] Foreldrar eiga að fagna og virða það af gleði og með þakkarorðum ef Drottinn kallar eitthvert barn þeirra til að fylgja sér í hreinleika í þágu himnaríkis, í vígðu lífi eða prestþjónustu.

V. YFIRVÖLD Í BORGARALEGU SAMFÉLAGI

2234. Fjórða boðorð Guðs býður okkur einnig að heiðra alla þá sem okkur til heilla hafa þegið völd í þjóðfélaginu frá Guði. Það varpar ljósi á skyldur þeirra sem hafa með höndum völd sem og þeirra sem þau eru iðkuð til heilla fyrir.

Skyldur borgaralegra yfirvalda

2235. Þeir sem fara með völd eiga að líta á það sem þjónustu: "Sá sem mikill vill verða meðal yðar [sé] þjónn yðar." [41] Valdstjórn er metin með siðferðilegum hætti út frá guðdómlegum uppruna hennar, skynsömu eðli hennar og sérstökum tilgangi hennar. Enginn getur mælt fyrir eða innleitt neitt sem stríðir gegn reisu persóna og náttúrulegum lífsgæðum.

2236. Valdstjórn er ætlað að vera ytra táknið um hvernig stigskiptingu gilda er háttað til að gera öllum auðveldara fyrir að iðka frelsi sitt og ábyrgð. Þeir sem sitja að völdum eiga að ástunda sanngjarna skiptingu umbunar þar sem tekið er tillit til þarfa og framlags hvers og eins og með frið og einingu að augnamiði. Þeir eiga að gæta þess að ráðstafanir og reglugerðir sem þeir

setja verði ekki tilefni freistinga með því að setja persónulega hagsmuni í andstöðu við við almenna hagsmuni. [42]

2237. Pólitísk yfirvöld eru skyldug að virða grundvallarréttindi mannsins. Réttarfar á að vera mannúðlegt með því að virða réttindi hvers og eins, sérstaklega fjölskyldna og þeirra sem farið hafa halloka í lífinu. Þau pólitísku réttindi sem tengd eru ríkisborgararétti á og ber að veita samkvæmt því sem almannaheill krefst. Opinber yfirvöld geta ekki numið þau úr gildi nema fyrir liggi lögmætar og sanngjarnar ástæður. Pólitísk réttindi á að nota til heilla fyrir þjóðina og samfélag mannsins.

Skyldur borgaranna

2238. Þeir sem eru háðir yfirvaldi eiga að líta á þá sem sitja að völdum sem fulltrúa Guðs er hann hefur gert að ráðsmönnum gjafa sinna: [43] "Verið Drottins vegna undirgefnir allri mannlegri skipan.... Þér eruð frjálsir menn, hafið ekki frelsið fyrir hjúp yfir vonskuna, breytið heldur sem þjónar Guðs." [44] Dyggilegt samstarf af hálfu borgaranna felur í sér rétt, stundum skyldu, til réttmætrar gagnrýni um það sem virðist skaða reisu mannsins og almannaheill. 2239. Það er skylda borgaranna, ásamt með borgaralegum yfirvöldum, að stuðla að því sem er til heilla fyrir þjóðfélagið og gera það í anda sannleika, réttlætis, samstöðu og frelsis. Ást og þjónusta við fœðurlandið stafar af þakklæti og náungakærleika. Hlýðni við lögmæt yfirvöld og þjónusta við almannaheill krefst þess af borgurunum að þeir uppfylli hlutverk sitt í hinu pólitíska lífi samfélagsins.

2240. Hlýðni við yfirvöld og samábyrgð um almannaheill leiða af sér siðferðilega skyldu til að greiða skatta, nýta kosningaréttinn og verja land sitt: Gjaldið öllum það sem skylt er: Þeim skatt, sem skattur ber, þeim toll, sem tollur ber, þeim ótta, sem ótti ber, þeim virðing, sem virðing ber. [45] Þótt [kristnir menn] séu íbúar ákveðins lands þá líkist hegðun þeirra meira því að dvöl þeirra þar sé ekki varanleg; þeir taka þátt í öllu daglegu lífi sem borgarar en bera allt harðræði sem útlendingar.... Þeir hlíta settum lögum en eru í einkalífi sínu hafnir yfir þau.... Guð hefur falið þeim þessa miklu stöðu og er það þeim ólögmætt að hlaupast frá henni. [46] Postulinn áminnir okkur að bera fram bænir og þakkargjörð fyrir konunga og alla þá sem fara með völd, "til þess að vér fáum lifað friðsamlegu og rólegu lífi í allri guðhræðslu og siðprýði." [47]

2241. Velstæðari þjóðir eru skyldugar, að því marki sem þeim er unnt, að taka við útlendingnum sem leitar öryggis og lífsafkomu sem hann fær ekki í sínu heimalandi. Opinber yfirvöld eiga að sjá til þess að þau náttúrulegu réttindi séu virt er setja gestinn undir verndarvæng þeirra sem taka við honum. Með hliðsjón af almannaheill sem pólitísk yfirvöld bera ábyrgð á, mega gera réttindi til búferlaflutninga háð ýmsum lagaskilyrðum einkum hvað varðar skyldur innflytjendanna gagnvart hinu nýja landi. Innflytjendur eru skyldugir að virða af þakklæti efnislega og andlega arfleifð þess lands sem tekur við þeim, hlíta lögum þess og axla sínar borgaralegu skyldur. 2242. Þegninn er bundinn af samvisku sinni að fylgja ekki tilskipunum borgaralegra yfirvalda þegar þær stríða gegn siðferðilegri skipan, grundvallarréttindum mannsins eða kenningum guðspjallsins. Að neita hlýðni við borgaraleg yfirvöld þegar kröfur þeirra stríða gegn rétttri samvisku, réttlætist af muninum á milli þess að þjóna Guði og þjóna hinu pólitíska samfélagi. "Gjaldið þá keisaranum það sem keisarans er og Guði það sem Guðs er." [48] "Framar ber að hlýða Guði en mönnum": [49] Ef almenn stjórnvöld fara út fyrir valdsvið sitt og kúga þegnana

skulu þeir engu að síður halda áfram að gera það sem almannaheill krefst af þeim; en það er lögmætt fyrir þá að verja réttindi sín og samborgara sinna gegn misbeitingu þessara stjórnvalda haldi þeir sig innan þeirra marka sem náttúrulegumálið og lögmál guðspjallsins setja. [50]

2243. Vopnuð andstaða gegn kúgun pólítískra yfirvalda er ekki lögmæt nema eftirfarandi skilyrði séu fyrir hendi: 1) að átt hafi sér stað ótvíræð, alvarleg og viðvarandi brot á grundvallarréttindum; 2) að allar aðrar leiðir til úrbóta hafi verið reyndar til þrautar; 3) að slík andstaða muni ekki valda meiri glundroða; 4) að það sé rökstudd von um árangur; 5) að það sé ekki með nokkru móti hægt að sjá að betri lausn sé fyrir hendi.

Hið pólítíska samfélag og kirkjan

2244. Sérhver stofnun einkennist, að minnsta kosti með óbeinum hætti, af sýn mannsins og hlutskipti hans og er það henni viðmiðun í dómum hennar, við að koma á stigskiptingu gilda og í atferli hennar. Flest samfélög byggja stofnanir sínar á viðurkenningu á því að maðurinn hafi vissa yfirburði yfir hluti. Einungis trúin sem opinberuð hefur verið af guðlegum mætti hefur játað með skýrum hætti að Guð, skaparinn og endurlausnarinn, sé upphaf mannsins og hlutskipti hans. Kirkjan býður pólítískum stjórnvöldum að bera úrskurði sína og ákvarðanir sama við þennan innblásna sannleika um Guð og manninn: Samfélög sem viðurkenna ekki þessa sýn eða hafna henni í nafni sjálfstæðis síns gagnvart Guði verða að leita að viðmiðunargrundvelli og markmiði hjá sjálfum sér eða tileinka sér þetta úr einhverri hugmyndafræði. Þar sem þau neita að viðurkenna að maðurinn geti varið hlutlæga viðmiðun góðs og ills, heimta þau sér til handa skýrt eða óbeint alræðisvald yfir mannum og hlutskipti hans, eins og sagan ber vott um. [51]

2245. Vegna umboðs síns og valdsviðs má ekki rugla kirkjunni á nokkurn hátt við hið pólítíska samfélag. Hún er í senn tákni og vernd yfirsíðslegs eðlis hinnar mannlegu persónu. "Kirkjan virðir og hvetur til pólítísks frelsis og ábyrgðar borgaranna." [52]

2246. Í hlutverki kirkjunnar felst að "fella siðferðisdóma, jafnvel í málefnum er varða stjórnsmál, þegar grundvallarréttindi mannsins eða hjálpræði sálar krefst þess. Þær leiðir, þær einu leiðir, sem hún má nota eru þær sem eru í samræmi við guðspjallið og velferð allra manna á sérhverjum tímum og við sérhverjar kringumstæður." [53]

Í STUTTU MÁLI

2247. "Heiðra föður þinn og móður þína" (5M 5:16; Mk 7:10).

2248. Samkvæmt fjórða boðorðinu er það vilji Guðs að á eftir honum heiðrum við foreldra okkar og þá sem hann hefur veitt vald með hag okkar í huga.

2249. Hjúskapurinn er grundvallaður á sáttmála og jáyrði makanna. Hjónabandið og fjölskyldan er heillavænlegt fyrirkomulag fyrir makana, fyrir getnað og uppfræðslu barnanna.

2250. "Velferð einstakrar persónu og bæði veraldlegs og kristlegs samfélags er háð með nánnum hætti heilnæmu ástandi hjúskapar- og fjölskyldulífsins" (GS 47 § 1).

2251. Börnin skulda foreldrum sínum virðingu, þakklæti, sanngjarna hlýðni og aðstoð. Virðing barns fyrir foreldrum sínum styrkir einingu fjölskyldulífsins.

2252. Foreldrarnir bera meginábyrgð á því að uppfræða börnin í trú, bæn og öllum dyggðum. Þeir hafa þá skyldu að mæta eftir bestu getu þörfum barnanna, líkamlegum og andlegum.

2253. Foreldrar eiga að virða og ýta undir köllun barna sinna. Þeir eiga að muna og kenna að fyrsta köllun kristins manns er að fylgja Jesú.

2254. Opinber yfirvöld eru skyldug að virða grundvallarréttindi mannsins og þau skilyrði sem hann þarf til að iðka frelsi sitt.

2255. Þegnarnir eru skyldugir að vinna með borgaralegum yfirvöldum að uppbyggingu samfélagsins og gera það í anda sannleika, réttlætis, samstöðu og frelsis.

2256. Þegnarnir eru bundnir af samvisku sinni til að fylgja ekki tilskipunum borgaralegra yfirvalda þegar þær stríða gegn siðferðilegri skipan. "Framar ber að hlýða Guði en mönnum" (P 5:29).

2257. Ákvörðun og atferli sérhvers samfélags endurspeгла sýn mannsins og hlutskipti hans. Án þess ljóss sem guðspjallið varpar á Guð og manninn getur samfélagið auðveldlega orðið háð alræðisvaldi.

« 5. GREIN - FIMMTA BOÐORÐIÐ

Þú skalt ekki morð fremja. [54] Þér hafið heyrt að sagt var við forfeðurna: "Þú skalt ekki morð fremja. Sá sem morð fremur skal svara til saka fyrir dómi." En ég segi yður: Hver sem reiðist bróður sínum, skal svara til saka fyrir dómi. [55]

2258. "Mannlegt líf er heilagt vegna þess að strax frá byrjun er það snert sköpunarmætti Guðs og hefur að eilífu sérstök tengsl við skaparann, en hann einn er takmark þess. Aðeins Guð er Drottinn lífsins frá því það hefst og þar til því lýkur. Enginn maður getur undir neinum kringumstæðum tekið sér þann rétt að drepa með beinum hætti saklausa mannveru." [56]

I. VIRÐING FYRIR MANNLEGU LÍFI

Vitnisburður helgrar sögu mannsins

2259. Í frásögninni af morði Kains á bróður sínum Abel [57] opinberar Ritningin að fyrir frumsyndina hafi reiði og öfund komið í manninn strax í upphafi mannkynssögunnar. Maðurinn verður óvinur meðbróður síns. Guð lýsir yfir illsku bróðurmorðsins þegar hann segir: "Hvað hefir þú gjört? Heyr, blóð bróður þíns hrópar til mín af jörðinni! Og skalt þú nú vera bölváður og burt rekinn af akurlendinu, sem opnaði munn sinn til að taka á móti blóði bróður þíns af þinni hendi". [58]

2260. Sáttmáli Guðs og mannanna er samofinn upprifjun á gjöf Guðs, mannlegu lífi, og drápsofsa mannsins: En yðar eigin blóðs mun ég hins vegar krefjast.... Hver sem úthellir mannsblóði, hans blóði skal af manni úthellt verða. Því að eftir Guðs mynd gjörði hann manninn. [59] Í Gamla testamentinu var ávallt litið á blóð sem heilagt tákn um líf. [60] Nauðsynlegt er að minnast þessarar kenningar á öllum tímum.

2261. Ritningin gerir nánari grein fyrir banninu sem felst í fimmta boðorðinu: "Ver eigi valdur að dauða saklauss manns og réttláts". [61] Dráp að yfirlögðu ráði á saklausum manni er alvarlegt brot gegn virðingu mannsins, gegn Gullnu reglunni og gegn heilagleika skaparans. Lögmálið sem bannar þetta er algilt: Það skuldbindur hvern og einn ávallt og alls staðar.

2262. Í fjallræðunni rifjar Drottinn upp boðorðið "Þú skalt ekki morð fremja" [62] og bætir við það fordæmingu á reiði, hatri og hefnd. Kristur gengur enn lengra og biður lærisveina sína að bjóða hina kinnina, að elska óvini sína. [63] Hann varði sig ekki og sagði Pétri að slíðra sverðið. [64]

Lögmæt vörn

2263. Lögmæt vörn mannsins eða samfélagsins er ekki frávik frá banninu að myrða þá saklausu sem er einkenni vísvitandi manndráps. "Sjálfsvörn getur haft tvennt í för með sér: Varðveislu eigin lífs og dráp á áráðarmanninum.... Annað er fyrirhugað, hitt ekki". [65]

2264. Að elska sjálfan sig er grundvallarregla siðferðis. Því er það lögmætt að krefjast þess að eigin réttur til lífs sé virtur. Sá sem ver sitt eigið líf er ekki sekur um morð jafnvel þótt hann neyðist til að særa áráðarmanninn til ólífis: Það telst ólögmætt að maður í sjálfsvörn sýni meira ofbeldi en nauðsynlegt er. Aftur á móti er vörn hans lögmæt ef hann stillir afli sínu við að bæla niður ofbeldi gegn sér.... Ekki er heldur nauðsynlegt manningnum til sálubótar að hann sleppi leyfilegri sjálfsvörn til að forða því að bana hinum manningnum, því maðurinn er bundinn því að varðveita eigið líf betur en annarra. [66]

2265. Í vissum tilfellum er lögmæt vörn ekki einungis réttur heldur alvarleg skylda þess sem ber ábyrgð á lífi annarra. Varðveisla almannaheilla krefst þess að óréttmætur áráðaraðili sé gerður skaðlaus. Þetta er ástæða þess að þeir sem sitja við völd með lögmætum hætti hafa rétt til að beita vopnum í því skyni að vernda það borgaralega samfélag sem þeim hefur verið treyst fyrir og hrekja á brott þann áráðaraðila sem ráðist hefur gegn því.

2266. Viðleitni ríkisins að stemma stigu við atferli sem skaðlegt er réttindum fólks og grundvallarreglum þjóðfélagsins samsvarar nauðsyn þess að vernda almannaheill. Lögmæt yfirvöld hafa þann rétt og þá skyldu að innleiða refsingar í réttu hlutfalli við alvarleika afbrots. Refsing hefur fyrst og fremst þann tilgang að lagfæra þá röskun sem afbrotið hefur valdið. Gangist hinn seki fúslega við broti sínu jafngildir það friðþægingu. Til viðbótar því að viðhalda friði í þjóðfélaginu og vernda öryggi borgaranna liggja læknisleg markmið að baki refsingunni: Sé þess nokkur kostur á hún á að stuðla að betrun þess sem afbrotið fremur. [67]

2267. Að því tilteknu að kennsl hafi verið borin á þann sem sekur er og ábyrgð hans að fullu ákvörðuð, hefur hefðbundin kenning kirkjunnar ekki útilokað dauðarefsingu ef hún er eina mögulega leiðin til að verja með árangursríkum hætti mannlegt líf gegn óréttmætum áráðaraðila. Ef hins vegar óbanvænar aðferðir nægja til að vernda öryggi borgaranna og verja þá gegn áráðaraðila, ber yfirvöldum að halda sig við þær aðferðir þar sem þær eru betur í samræmi við raunhæf skilyrði almannaheilla og samræmast öllu heldur virðingu mannsins. Nú á tímum er málið þannig vaxið að þar sem ríkið hefur ýmsar árangursríkar leiðir til að koma í veg fyrir glæpi með því að gera afbrotamanninn ófæran um að valda tjóni - án þess að svipta hann algjörlega því tækifæri að betrumbæta sig - eru þau tilfelli þar sem aftaka afbrotamanns er talin algjör nauðsyn "mjög sjaldgæf ef ekki beinlínis úr sögunni". [68]

Vísvitandi manndráp

2268. Fimmta boðorðið bannar beint og vísvitandi dráp sem er stórsynd. Drápsmaðurinn og þeir sem ótilneyddir eiga aðild að morði drýgja synd sem hrópar á hefnd frá himnum. [69] Morð á barni, [70] systkini, foreldri eða maka eru sérlega alvarlegir glæpir vegna þeirra náttúrulegu

tengsla sem rofin eru. Enda þótt varðveisla kynþáttar eða almennt heilbrigðisástand kunni að vera mönnum áhyggjuefni réttlætir það ekki morð jafnvel ekki þótt almenn yfirvöld skipi svo fyrir. 2269. Fimmta boðorðið bannar að nokkuð sé gert sem vísvitandi veldur dauða manns með óbeinum hætti. Óheimilt er samkvæmt siðalögmálinu að stofna nokkrum manni í lífshættu án þess að gildar ástæður liggi þar að baki sem og að neita manni sem er í hættu staddur um aðstoð. Það er hróplegt óréttlæti og alvarleg misgerð ef samfélag mannanna sættir sig við manndauða af völdum hungursneyðar án þess að gera neitt til að lagfæra það ástand. Þeir sem með okurstarfsemi og fégirnd valda hungri og dauða hjá meðbræðrum sínum í fjölskyldu mannsins, eru með óbeinum hætti valdir að manndrápi sem þeir verða að svara fyrir. [71] Siðferðilega þarf ekki að svara til saka fyrir manndráp sem er óviljaverk. En maðurinn er ekki leystur undan ábyrgð á alvarlegri misgerð ef hann, án þess að hafa fyrir því gildar ástæður, hefur haft í frammi hátterni sem valdið hefur dauða annars manns, jafnvel þótt það hafi ekki verið ásetningur hans.

Fóstureyðing

2270. Mannlegt líf verður að virða og vernda með öllum ráðum frá því andartaki að getnaður á sér stað. Það ber að viðurkenna að mannsbarninu ber réttur einstaklings frá fyrsta andartaki tilveru þess - þar á meðal órjúfanlegur réttur hvernar saklausrar mannveru til lífs. [72] "Áður en ég myndaði þig í móðurlífi, útvaldi ég þig, og áður en þú komst af móðurkviði, helgaði ég þig." [73] "Beinin í mér voru þér eigi hulin þegar ég var gjörður í leyni, myndaður í djúpum jarðar." [74]

2271. Alveg frá fyrstu öld hefur kirkjan lýst því yfir að allar fóstureyðingar væru siðferðisbrot. Þessi kenning hefur ekkert breyst og er hún eftir sem áður óbreytanleg. Bein fóstureyðing, það er að segja fóstureyðing sem annaðhvort er markmið aðgerðar eða leið að því, brýtur með alvarlegum hætti gegn siðalögmálinu: Nýtt líf skalt þú ekki drepa með fóstureyðingu og ekki skaltu stuðla að því að nýfæddu barni sé eytt. [75] Guð, Drottinn lífsins, hefur falið mönnunum það göfuga hlutverk að vernda líf og mennirnir verða að inna það af hendi eins og þeim sæmir. Líf verður að vernda af fremsta megni frá því andartaki að getnaður á sér stað: Fóstureyðing og barnsmorð eru viðurstyggilegir glæpir. [76]

2272. Allt formlegt samstarf sem miðar að því að eyða fósttri er alvarlegt afbrot. Í samræmi við ákvæði kirkjuréttar beitir kirkjan bannfæringu sem refsingu fyrir þennan glæp gegn mennsku lífi. "Sú persóna sem stuðlar að því að fóstureyðing er fullgerð kallar yfir sig bannfæringu lata sentimentæ," [77] "vegna þess sem í afbrotinu felst". [78] Þetta er háð fyrirvara í skilmálum kirkjuréttar. [79] Þannig er það ekki ætlun kirkjunnar að miskunninni séu takmörk sett. Öllu heldur er hún að gera ljósan alvarleika glæpsins sem framinn er, óbætanlegan skaðann gegn hinum saklausa sem er líflátinn, sem og gegn foreldrum og öllu samfélaginu.

2273. Það er grundvallarþáttur í borgaralegu samfélagi og löggjöf þess að hver saklaus einstaklingur eigi sér óafsalanlegan rétt til lífs: "Óafsalanleg réttindi hvernar persónu verða þjóðfélagið og pólitísk stjórnvöld að viðurkenna og virða. Þessi mannréttindi byggja hvorki á tilteknum einstaklingum eða foreldrum. Og ekki eru þau til merkis um ívilnun af hálfu samfélagsins eða ríkisins. Þau eru hluti af náttúru mannsins og eru eðlisbundin honum fyrir mátt sköpunarinnar þaðan sem maðurinn sækir uppruna sinn. Meðal þeirra grundvallarréttinda sem ber að geta í þessu sambandi er réttur mannsins til lífs og líkamlegs heilleika frá andartaki

getnaðar til dauðadags". [80] "Þegar lögin svipta flokk manna þeirri vernd sem borgaraleg löggjöf ætti að veita þeim, er ríkið að hafna því að allir séu jafnir fyrir lögunum. Þegar ríkið kostar ekki kapps um að hlúa að réttindum sérhvers borgara og einkum þeirra sem eru berskjaldaðir, þá grefur það undan þeim lagalega grundvelli sem það byggir á.... Sú virðing og vernd sem tryggja ber hinu ófædda barni frá fyrsta andartaki getnaðar, hefur það í för með sér að lögin verða að kveða á um tiltekin viðurlög við öllum vísvitandi brotum gegn réttindum barnsins". [81]

2274. Þar sem líta ber á fósturvísi sem persónu frá getnaði verður að vernda hann í heilleika sínum, annast hann og græða eins og kostur er líkt og hverja aðra mannlega veru.

Sjúkdómsgreining á fósturstigi er siðferðilega lögleg, "ef aðgerðin virðir líf og heilleika fósturvísisins og fóstursins og beinist að því að vernda þá eða græða sem um einstakling væri að ræða.... Það er algjörlega andstætt siðalögmálinu ef þetta er gert með þeim fyrirvara að fóstureyðingu megi framkalla allt eftir því hverjar niðurstöðurnar verða: Sjúkdómsgreining má aldrei jafngilda dauðadómi". [82]

2275. "Telja verður þær aðgerðir á mannlegum fósturvísi lögmætar er virða líf og heilleika hans og fela ekki í sér of mikla áhættu fyrir hann heldur beinast að lækningu hans, að því að bæta heilsu hans eða að einstaklingsbundið líf hans fái þrífist". [83] "Það er siðferðisbrot að framleiða mannlega fósturvísa í þeim tilgangi að nýta þá sem einnota líffræðileg efni". [84] "Vissar tilraunir til að hafa áhrif á arfgenga litninga eða erfðavísa beinast ekki að því að ráða bót á sjúkdómum heldur er markmið þeirra að framleiða útvaldar mannverur samkvæmt kyni eða öðrum fyrirframákveðnum eiginleikum. Slík misnotkun gengur þvert gegn persónulegri reisn mannsins, heilleika hans og séreðli" [85] sem eru einstök og ekki hægt að framkalla á ný.

Líknardráp

2276. Sýna ber þeim sem búa við skertan eða veikan lífsþrótt sérstaka virðingu. Aðstoða ber þá sem eru sjúkir eða fatlaðir til að lifa lífinu eins eðlilega og kostur er.

2277. Hverjar sem leiðir eða ástæður líknardráps eru, felur það í sér að endir er bundinn á líf fatlaðs, sjúks eða deyjandi fólks. Það er siðferðilega óréttlæt看legt. Verknaður eða hirðuleysi sem beint eða óbeint veldur dauða í því skyni að afmá þjáningar, jafngildir morði og brýtur með alvarlegum hætti gegn reisn mannsins og þeirri virðingu sem hinum lifanda Guði ber, skapara mannsins. Þá dómgreindarvillu sem hér um ræðir hafa menn stundum öðlast í góðri trú en það breytir ekki eðli slíks manndrápsverks sem ber jafnan að banna og útiloka.

2278. Stöðvun á lyfjameðferð sem er þungbær, hættuleg, óvenjuleg eða ekki í samræmi við þann árangur sem vænst er, getur verið lögmæt; það er þá höfnum á "of metnaðarfullri" meðferð. Í því tilfelli er ekki sá vilji fyrir hendi að orsaka dauða; einungis er verið að viðurkenna eigin vangetu til að hindra hann. Þá ákvörðun á sjúklingurinn sjálfur að taka ef hann er hæfur og hefur getu til þess. Ef ekki þá verða þeir að taka þá ákvörðun sem lögum samkvæmt hafa rétt til að koma fram fyrir hans hönd. Ávallt ber að virða heilbrigða skynsemi sjúklingsins og lagalega hagsmuni hans.

2279. Jafnvel þótt dauðinn sé talinn yfirvofandi má ekki með neinum hætti gera hlé á reglubundinni umönnun sjúklingsins. Notkun verkjalyfja til að lina þjáningar hins deyjandi sjúklings, jafnvel þótt í því felist hætta á að líftími hans styttest, getur verið siðferðilega í samræmi við mannlega reisn ef dauðinn er hvorki markmið aðgerðarinnar né leið að því, heldur

einungis fyrirsjáanlegur og hann umborinn sem óumflýjanleg staðreynd. Á líknardeildum er stundaður sérstakur og óeigingjarn náungakærleikur. Hvetja á til slíkrar umönnunar.

Sjálfsvíg

2280. Sérhver maður ber ábyrgð á lífi sínu gagnvart Guði sem hefur gefið manninum líf sitt. Guð einn er eftir sem áður herra lífsins. Okkur ber skylda til að taka lífinu opnum örmum og varðveita það honum til dýrðar og okkur til sáluhjálp. Við erum ráðsmenn, ekki eigendur, þess lífs sem Guð hefur treyst okkur fyrir. Það er ekki okkar að losa okkur við það.

2281. Sjálfsvíg stangast á við náttúrulega tilhneigingu mannsins að varðveita og viðhalda lífi sínu. Það brýtur með alvarlegum hætti gegn réttmætri ást mannsins á sjálfum sér. Ennfremur er það brot gegn kærleikanum til náungans vegna þess að það rýfur á óréttmætan hátt tengsl einingar við fjölskyldu, þjóð og önnur samfélög mannanna en gagnvart þeim höfum við stöðugt skyldum að gegna. Sjálfsvíg gengur gegn kærleikanum til hins lifanda Guðs.

2282. Ef sjálfsvíg er framið í því skyni að gefa fordæmi, sérstaklega hinum ungu, þá felur það einnig í sér alvarlega hneykslun. Sá sem tekur ótilneyddur þátt í sjálfsvígi brýtur gegn siðalögmálinu. Alvarlegt sálarstríð, angist eða mikill ótti við þrautir, þjáningar eða pyndingar geta minnkað ábyrgð þess sem fremur sjálfsvíg.

2283. Við ættum ekki að örvænta um eilífa sáluhjálpi þeirra manna sem hafa tekið sitt eigið líf. Eftir leiðum sem Guð einn þekkir getur hann veitt þeim tækifæri til gagnlegrar iðrunar. Kirkjan biður fyrir þeim sem hafa tekið sitt eigið líf.

II. VIRÐING FYRIR REISN MANNSINS

Virðing fyrir sálum annarra: að forðast hneykslun

2284. Hneykslun er viðhorf eða hegðun sem fær aðra til að gera illt af sér. Sá maður sem hneykslar er freistari náunga síns. Hann vinnur spjöll á dyggð og ráðvendni og sú hætta er jafnvel fyrir hendi að hann leiði bróður sinn til andlegs dauða. Hneykslun er alvarleg misgerð ef einhver veldur því vísvitandi með athöfn sinni eða hirðuleysi að annar maður brýtur alvarlega af sér.

2285. Hneykslun er þeim mun alvarlegri ef sá er því veldur ber með sér myndugleika, eða ef sá sem fyrir því verður hefur lítið mótstöðuafli. Það var þetta sem fékk Drottin til að mæla þessa formælingu: "Hverjum þeim sem tælir til falls einn af þessum smælingjum, sem á mig trúa, væri betra að vera sökkt í sjávardjúpi með mylnustein hengdan um háls". [86] Hneykslun er alvarleg þegar í hlut eiga þeir sem fyrir eiginleika sína eða embætti ber skylda til að kenna öðrum. Jesús álasaði fræðimönnunum og faríseunum fyrir þetta: Hann líkti þeim við úlfa í sauðaklæðum. [87]

2286. Lög eða stofnanir, tíska eða skoðanir geta valdið hneykslun. Þannig eru þeir sekir um hneykslun sem koma á lögum eða félagslegu skipulagi sem leiðir til hnignunar í siðferði eða spillir trúariðkunum; eða ef það veldur "félagslegum aðstæðum sem, annað hvort vísvitandi eða ekki, gera mönnum erfitt fyrir og nánast ómögulegt að ástunda kristilega breytni og hlýðni við boðorðin". [88] Þetta á einnig við um forystumenn á viðskiptasviðinu sem koma á reglum er hvetja til fjársvika, kennara sem reita börn sín til reiði [89] eða þá sem móta almenningsálitið og leiða almenning af vegi siðferðilegra dyggða.

2287. Hver sá sem notar þau völd er honum eru falin á þann hátt að það leiðir aðra til að gera rangt, er sekur um hneykslun og er ábyrgur fyrir þeim illskuverkum sem hann hefur beint eða óbeint hvatt til. "Eigi verður umflúið að til ginninga komi, en vei þeim er veldur". [90]

Virðing fyrir heilsu

2288. Líf og líkamleg heilsa eru dýrmætar gjafir sem Guð hefur treyst okkur fyrir og við eigum að varðveita af skynsemd með tilliti til þarfa annarra og almannaheilla. Umhyggja fyrir heilbrigði þegnanna krefst þess að samfélagið hjálpi þeim að skapa sér lífsskilyrði sem geri þeim kleift að vaxa og komast til fulls þroska: Mat og klæði, húsnæði, heilsugæslu, grundvallarmenntun, vinnu og félagslega aðstoð.

2289. Enda þótt siðalögmálið krefjist þess að virðing sé borin fyrir líkamlegu lífi þá merkir það ekki að líkaminn sé hafinn yfir allt. Siðalögmálið hafnar þeirri hugmynd ný-heiðni sem stefnir að því að efla dýrkun á líkamanum, að fórna öllu í hans þágu og hafa líkamlega fullkomnun og árangur í íþróttum að hjáguðum. Hætt er við að hugmyndafræði sem hefur sérstakt dálæti á hinum sterku yfir hinum veikum leiði til þess að mannleg samskipti spillist.

2290. Sú dyggð að ástunda hófsemi fær okkur til að forðast allt hófleysi: Misnotkun á mat, áfengi, tóbaki og lyfjum. Sekt þeirra er alvarleg sem setja sjálfa sig og aðra í hættu á vegum, sjó eða lofti sökum drykkjuskapar eða hraðaksturs.

2291. Notkun vímuefna veldur alvarlegum skaða á heilsu mannsins og lífi hans. Notkun þeirra er alvarlegt brot nema það sé gert eingöngu í meðferðarskyni. Ólögleg framleiðsla vímuefna er siðlaus sem og dreifing þeirra og sala. Slík iðja er lítið annað en beint samstarf um það sem illt er, þar sem hún ýtir undir að fólk ástundi það sem stríðir alvarlega á móti siðalögmálinu.

Virðing fyrir manninum og vísindalegar rannsóknir

2292. Vísindalegar, læknislegar eða sálfræðilegar prófanir á einstaklingum eða hópum geta stuðlað að lækningu sjúkra og eft almenna heilbrigði.

2293. Vísindalegar grunnrannsóknir sem og nytjarannsóknir eru táknrænar um yfirráð mannsins yfir sköpuninni. Í vísindum og tækni felst dýrmætur auður sem nýtist til þjónustu við manninn og eflir heildarþróun hans svo allir hafi hag af. Engu að síður geta þau ein og sér ekki leitt í ljós merkingu lífsins og framþróun mannsins. Vísindi og tækni eru falin manninum en frá honum eru þau komin og hjá honum hafa þau þróast. Þannig er að finna í manninum og siðgæði hans vísbendingu um markmið þeirra og skilning á takmörkun þeirra.

2294. Það er fásinna að krefjast siðferðilegs hlutleysis í vísindarannsóknum og nýtingu þeirra. Hins vegar er ekki hægt að draga upp viðmiðunarreglur sem byggja á hreinræktaðri tæknigetu eða á notagildi sem nýtist sumum á kostnað annarra, eða, sem er jafnvel enn verra, á einhverri ráðandi hugmyndafræði. Skilyrðislaus virðing fyrir grunnreglum siðferðis er sérkenni vísinda og tækni. Þau verða að vera til þjónustu við manninn, við óafsalanleg réttindi hans, við sanna og nauðsynlega velferð hans og í samræmi við fyrirætlun Guðs og vilja hans.

2295. Rannsóknir og tilraunir á manninum geta ekki löggilt verknað sem í eðli sínu brýtur gegn reisu mannsins og siðalögmálinu. Vætanlegt samþykki þess sem slíkur verknaður beinist að, réttlætir hann ekki. Tilraunir á manninum eru ekki siðferðilega lögmætar ef þær stofna lífi hans í hættu eða hafa í för með sér hlutfallslega eða óþarfa áhættu fyrir líkamlegan og sálfræðilegan

heilleika hans. Það samræmist ekki reisn mannsins að gerðar séu tilraunir á honum án þess að hann hafi verið upplýstur um þær og fyrir liggi samþykki hans eða þeirra sem lögum samkvæmt geta talað fyrir munn hans.

2296. Líffæraflutningar samræmast siðalögmálinu ef líkamleg og sálfræðileg áhætta gefandans er í hlutfallslegu samræmi við þann ábata sem viðtakandinn væntir. Gjöf á líffæri við andlát er göfug og lofsverð breytni sem ber að ýta undir sem tákni um örlæti og einhug. Það er siðferðilega óásættanlegt hafi gefandinn eða umboðsmaður hans ekki gefið ótvírætt samþykki sitt. Ennfremur er það siðferðilega ólögmætt að valda manni með beinum hætti óbætanlegri limlestingu eða dauða, jafnvel þótt það sé gert í því skyni að slá á frest dauða annars manns.

Virðing fyrir líkamlegum heilleika

2297. Mannrán og gíslatökur valda skelfingu; fórnarlömbunum er hótáð og þau beitt óbærilegum þvingunum. Þessar aðgerðir eru siðferðilega rangar. Hryðjuverkastarfsemi ógnar, særir og drepur af handahófi - hún brýtur með alvarlegum hætti gegn réttlæti og náungakærleika. Pyndingar þar sem notað er líkamlegt eða andlegt ofbeldi til að þvinga fram játningu, refsna hinum seka, hræða andstæðinga eða fullnægja hatri, brýtur gegn þeirri virðingu sem hverjum manni ber sem og gegn mannlegri reisn. Beinir aflimanir, limlestingar og ófrjósemisaðgerðir á saklausum mönnum brjóta gegn siðalögmálinu nema að læknisfræðilegar ástæður liggi þar að baki. [91]

2298. Á liðnum öldum notuðu lögmæt stjórnvöld grimmilegar aðfarir við að halda uppi lögum og reglu. Sálnahirðar kirkjunnar létu það iðulega átölulaust og tóku þeir sjálfir upp í dómstólum sínum ákvæði rómverskra laga varðandi pyndingar. Svo hörmulegar sem þessar staðreyndir eru hefur kirkjan ávallt kennt þá skyldu að sýna beri mildi og miskunn. Hún bannaði klerkum að úthella blóði. Á síðari árum hefur það orðið ljóst að þessar grimmilegu aðfarir voru hvorki nauðsynlegar til að halda friði í þjóðfélaginu né í samræmi við lögmæt réttindi mannsins. Þessar aðfarir ollu þvert á móti enn meiri niðurlægingu. Nauðsynlegt er að vinna að afnámi þeirra. Við verðum að biðja fyrir fórnarlömbunum og kvölurum þeirra.

Virðing fyrir hinum látnu

2299. Hinum deyjandi manni á að veita umönnun og athygli til að hjálpa honum að njóta síðustu stunda sinna í friði og af reisn. Bænir ættingja munu hjálpa honum og þeim ber að sjá til þess að hinn sjúki meðtaki á réttum tíma sakramentin sem búa hann undir að ganga fyrir hinn lifanda Guð.

2300. Líta ber á líkama hinna látnu af virðingu og náungakærleika í trú og von um upprisu. Greiftrun hinna látnu er líkamlegt miskunnarverk. [92] Hún er til heiðurs Guðs börnum sem eru musteri Heilags Anda.

2301. Krufning getur verið siðferðilega réttlætanleg sakir réttarrannsóknar eða vísindalegra rannsókna. Gjöf líffæra eftir dauða er lögmæt og getur verið lofsverð. Kirkjan leyfir bálför að því tilskyldu að hún feli ekki í sér trúarhöfnun á upprisu holdsins. [93]

III. AÐ VARÐVEITA FRIÐINN

Friður

2302. Þegar Drottinn minntist á boðorðið "Þú skalt ekki morð fremja", [94] bað hann um frið hjartans og sagði manndrápsofsa og hatur vera siðferðisbrot. Reiði er þrá eftir hefnd. "Það er ekki lögmætt að leita hefndar og valda þeim böli sem verðskuldar refsingu" en það er lofsvert að krefjast skaðabóta "til að leiðrétta ódyggðirnar og viðhalda réttlætinu". [95] Reiði sem kemst á það stig að vera vísvitandi þrá eftir að drepa eða særa alvarlega náunga sinn er alvarlegt brot gegn náungakærleikanum; slíkt er dauðasynd. Drottinn segir: "Hver sem reiðist bróður sínum, skal svara til saka fyrir dómi". [96]

2303. Vísvitandi hatur er í beinni andstöðu við náungakærleikann. Hatur á náunganum er synd þegar honum er vísvitandi óskað böls. Hatur á náunganum er alvarleg synd þegar þess er óskað að hans bíði mikill skaði. "En ég segi yður: Elskið óvini yðar og biðjið fyrir þeim sem ofsækja yður svo að þér reynist börn Föður yðar á himnum". [97]

2304. Til að mannlegt líf njóti virðingar og þroskist þarf það á friði að halda. Friður felst ekki einungis í því að stríðsátökum linni og ekki takmarkast hann við að valdajafnvægi sé viðhaldið milli andstæðinga. Engan frið er að fá nema hagur mannsins sé varðveittur sem og frjáls samskipti manna á meðal, virðing fyrir reisn manna og þjóða og virk ástundun bræðralags. Friðurinn er "rósemi skipulagsins". [98] Friðurinn er verk réttlætisins og árangur náungakærleika. [99]

2305. Jarðneskur friður er eftirmynd og ávöxtur friðar Krists, hins frelsandi "Friðarhöfðingja". [100] Með blóði sínu á krossinum "deyddi hann fjandskapinn í eigin persónu", [101] hann sætti mennina við Guð og gerði kirkju sína að sakramenti einingar fyrir mannkynið og einingar þess við Guð. "Hann er vor friður". [102] Hann segir: "Sælir eru friðflytjendur". [103]

2306. Þeir sem hafna ofbeldi og blóðsúthellingum og varðveita réttindi mannsins með því að færa sér í nyt þær varnarleiðir sem eru tiltækar hinum minnstu, þeir bera vitni um evangelískan náungakærleika að því tilskildu að þeir geri það án þess að skaða réttindi og skyldur annarra manna og samfélagsins. Þeir staðfesta á lögmætan hátt hversu alvarleg áhættan er, líkamlega og siðferðilega, sé gripið til ofbeldis með allri eyðileggingu þess og dauða. [104]

Komist hjá stríði

2307. Fimmta boðorðið bannar að mannlegu lífi sé eytt af ásettu ráði. Vegna þess böls og óréttlætis sem eru fylgifiskar allra stríða hvetur kirkjan ákaft alla menn til bæna og verka til að góðvild Guðs megi frelsa okkur undan fornum fjötrum hernaðar. [105]

2308. Það er skylda allra borgara og allra stjórnvalda að vinna gegn því að stríð brjótist út. Hins vegar "svo lengi sem stríðshætta varir og ekkert alþjóðlegt vald er fyrir hendi með nauðsynlega getu og mátt, er ekki hægt að neita ríkisstjórnunum um rétt til lögmætra sjálfsvarna, eftir að allar friðarumleitanir hafa farið út um þúfur". [106]

2309. Hin ströngu skilyrði fyrir lögmætum vörnum með beitingu herafla krefjast þess að þau séu vandlega skoðuð. Vegna þess hversu mikið er í húfi með slíkri ákvarðanatöku verður að uppfylla mjög nákvæm skilyrði áður en hún telst siðferðilega lögmæt. Allt verður að liggja fyrir í einu:

- tjónið sem árársaðilinn veldur þjóð eða samfélagi þjóða verður að vera varanlegt, alvarlegt og liggja fyrir með vissu;

- sýnt er að allar aðrar leiðir til að stöðva það hafi reynst óframkvæmanlegar eða árangurslausar;

- horfur á árangri verða að vera mjög góðar;

- notkun vopna má ekki færa meira bölg og upplausn en það bölg sem verið er að útrýma. Máttur nútíma gjöreyðingarvopna er mjög mikilvægur þáttur í að meta þetta skilyrði. Þetta eru hinir hefðbundnu þættir sem taldir eru upp í því sem nefnt hefur verið kenningin um "réttlátt stríð". Mat á þessum skilyrðum, með siðferðilegt lögmæti í huga, ber þeim að gera af góðri skynsemi sem ábyrgir eru fyrir þjóðarheill.

2310. Almenn yfirvöld hafa í slíku tilfelli rétt og skyldu til þess að koma á þeirri þegnskyldu sem er nauðsynleg þjóðarvörnum. Þeir sem hafa gefið heit sitt að þjóna landi sínu sem hermenn eru til þjónustu við öryggi og frelsi þjóða. Ef þeir inna starf sitt af hendi með sóma þá leggja þeir sannarlega sitt af mörkum til þjóðarheilla og varðveislu friðar. [107]

2311. Almenn yfirvöld skulu á sanngjarnan hátt taka tillit til þeirra sem vegna samvisku sinnar neita að bera vopn. Þeir sem það gera eru engu að síður skyldugir að þjóna samfélagi mannanna með einhverjum öðrum hætti. [108]

2312. Kirkjan kennir og mannleg skynsemi segir okkur að siðalögmálið haldi eftir sem áður gildi sínu við hernaðaráttök. "Ekki er allt leyfilegt milli stríðandi afla einungis fyrir þá staðreynd að stríð hafi því miður brotist út". [109]

2313. Þeir sem starfa óvopnaðir, særðir hermenn og fangar eiga rétt á virðingu og mannúðlegri meðferð. Þær aðgerðir eru glæpir sem brjóta vísvitandi gegn alþjóðarétti og algildum meginreglum hans. Fyrirskipanir sem mæla fyrir um að slíkar aðgerðir skuli gerðar eru einnig glæpir. Það er ekki talið þeim til afsökunar sem hlýða í blindni og framkvæma þessar fyrirskipanir. Þannig ber að fordæma sem dauðasynd útrýmingu á fólki, þjóðum eða minnihlutahópum. Manninum ber siðferðileg skylda til að standa á móti fyrirskipunum sem mæla fyrir um þjóðarmorð.

2314. "Allar stríðsaðgerðir sem beinast að eyðileggingu heilla borga af handahófi eða stórra landsvæða ásamt íbúum þeirra, eru glæpir gegn Guði og mönnum. Þær ber að fordæma alveg skilyrðislaust". [110] Hættan í nútíma hernaði er sú að hann veitir þeim tækifæri að fremja slíka glæpi sem ráða yfir hátæknivopnum nútímans, sérstaklega kjarnorku-, sýkla- eða efnavopnum.

2315. Margir líta á stækkun vopnabúra sem þversagnarkennda leið til að fæla hugsanlegan andstæðing frá því að grípa til vopna. Þeir telja hana árangursríkustu leiðina til að tryggja frið meðal þjóða. Slíkur fælingarmáttur vekur upp sterkar siðferðilegar spurningar.

Vígbúnaðarkapphlaupið tryggir ekki frið. Í stað þess að útrýma orsökum stríðs getur það aukið völd þeirra. Gríðarlegum upphæðum er eytt í framleiðslu sífellt nýrri gerða vopna og stendur það í vegi þess að þjóðir er líða skort fá aðstoð; [111] það hindrar þróun þjóðarhópa. Takmarkalaus hervæðing margfaldar ástæður til átaka og veldur hættu á stigmögnun.

2316. Framleiðsla og sala hergagna hefur áhrif á sameiginlega hagsmuni þjóða og hins alþjóðlega samfélags. Þess vegna hafa almenn yfirvöld rétt og skyldu til að stjórna þeim. Skammtímahagsmunir, hvort sem þeir eru persónulegir eða sameiginlegir, geta ekki gert lögmætar skuldbindingar sem ýta undir ofbeldi og átök milli þjóða og stofna í hættu alþjóðlegri réttarfarsskipan.

2317. Óréttlæti, of mikið efnahagslegt og félagslegt misrétti, öfund, tortryggni og drambsemi sem veldur upplausn meðal manna og þjóða stofnar friðinum stöðugt í hættu og orsakar styrjaldir. Allt sem gert er til að lagfæra þetta umrót stuðlar að uppbyggingu friðar og kemur í veg fyrir stríð: Að því leyti sem mennirnir eru syndarar vofir stríðshættan yfir þeim og mun gera það uns Kristur kemur aftur; en að því leyti sem þeir geta yfirbugað syndina með því að koma saman í náungakærleika, mun ofbeldið sjálft verða yfirbugað og þessi orð munu rætast: "Þær munu smíða plóggjárn úr sverðum sínum og sniðla úr spjótum sínum. Engin þjóð skal sverð reiða að annarri þjóð, og ekki skulu þær temja sér hernað framar". [112]

Í STUTTU MÁLI

2318. "Í [Guðs] hendi er líf alls hins lifanda og andi sérhvers mannslíkama" (Jb. 12:10).

2319. Sérhvert mannlegt líf er heilagt frá andartaki getnaðar til dauða því maðurinn fær tilurð í eigin þágu í mynd og líkingu hins lifanda og heilaga Guðs.

2320. Mannsmorð brýtur með alvarlegum hætti gegn reisu mannsins og heilagleika skaparans.

2321. Bann við að fremja morð afnemur ekki réttinn til að gera óréttmætan áráraraðila ófæran um að valda skaða. Lögmæt vörn er alvarleg skylda þeirra sem eru ábyrgir fyrir lífi annarra eða almannaheill.

2322. Frá getnaði sínum hefur barnið rétt til lífs. Bein fóstureyðing, það er að segja fóstureyðing sem annaðhvort er markmið aðgerðar eða leið að því er "glæpsamleg" framkvæmd (GS 27 § 3) og gengur með alvarlegum hætti gegn siðalögmálinu. Í samræmi við ákvæði kirkjuréttar beitir kirkjan bannfæringu sem refsingu fyrir þennan glæp gegn mennsku lífi.

2323. Þar sem líta ber á fósturvísí sem mannskju frá getnaði verður að verja hann í heilleika sínum, annast hann og græða líkt og hverja aðra mannlega veru.

2324. Vísvitandi líknardráp, hverjar sem ástæður eru eða leiðir, er morð. Það brýtur með alvarlegum hætti gegn reisu mannsins og þeirri virðingu sem hinum lifanda Guði ber, skapara mannsins.

2325. Sjálfsvíg gengur með alvarlegum hætti gegn réttlæti, von og náungakærleika. Fimmta boðorðið bannar sjálfsvíg.

2326. Hneykslun er alvarleg misgerð ef einhver veldur því vísvitandi með athöfn sinni eða hirðuleysi að annar maður syndgar alvarlega.

2327. Vegna þess böls og óréttlætis sem eru fylgifiskar allra stríða verðum við að gera allt sem mögulegt er til að koma í veg fyrir stríð. "Frelsa oss, ó Drottinn, frá hungursneyð, plágu og stríði."

2328. Kirkjan og mannleg skynsemi skera úr um að siðalögmálið heldur gildi sínu meðan hernaðaráttök standa yfir. Þær aðgerðir eru glæpir sem vísvitandi brjóta gegn alþjóðarétti og algildum meginreglum hans.

2329. "Vígþunaðarkapplaupið er einn mesti bölvaldur mannkynsins og veldur hinum fátæku meira meini en þeir fá þolað" (GS 81 § 3).

2330. "Sælir eru friðflytjendur því að þeir munu Guðs börn kallaðir verða" (Mt. 5:9).

« 6. GREIN - SJÖTTA BOÐORÐIÐ

Þú skalt ekki drýgja hór. [113]

Þér hafið heyrt, að sagt var: "Þú skalt ekki drýgja hór." En ég segi yður: Hver sem horfir á konu í girndarhug, hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu. [114]

I. "HANN SKAPAÐI ÞAU KARL OG KONU"

2331. "Guð er kærleikur og lifir í sér sjálfum leyndardómi persónulegs kærleikssamfélags. Með því að skapa mannkynið í sinni eigin mynd... ritaði Guð í eðli karls og konu köllunina, og þar með getuna og ábyrgðina, til kærleika og samfélags." [115] "Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd... hann skapaði þau karl og konu"; [116] hann blessaði þau og sagði: "Verið frjósöm [og] margfaldist"; [117] "Þegar Guð skapaði [manninn] gjörði Guð hann sér líkan. Hann skóp þau [karl] og konu og blessaði þau og nefndi þau menn, er þau voru sköpuð." [118]

2332. Kynferðið hefur áhrif á alla þætti mannlegrar persónu í einingu sálar og líkama. Það snertir sérstaklega tilfinningalífið, getuna til að elska og auka kyn sitt, og með almennari hætti, hneigðina til að stofna til samfélags við aðra.

2333. Hver og einn, karl og kona, á að viðurkenna og fella sig við sitt sérstaka kynferði. Líkamlegur, siðferðilegur og andlegur mismunur og gagnkvæm uppfylling eru hjónabandinu til góða og efla þroska fjölskyldulífsins. Samlyndi í samfélaginu og milli makanna er að hluta til háð því hvernig gagnkvæm uppfylling kynjanna, hagur þeirra og gagnkvæmur stuðningur er í reynd.

2334. "Með því að skapa manninn "karl og konu" gefur Guð karli og konu jafna persónulega reisn." [119] "Maðurinn er persóna og eru karl og kona það með jöfnum hætti því bæði voru þau sköpuð í mynd og líkingu hins persónulega Guðs." [120]

2335. Bæði kynin bera með jafnri reisn mynd af mætti og blíðu Guðs enda þótt það sé með ólíkum hætti. Eining karls og konu í hjónabandinu er leið til að breyta í holdi eftir örlæti og frjösemi skaparans: "Þess vegna yfirgefur maður föður sinn og móður sína og býr við eiginkonu sína, svo að þau verði eitt hold." [121] Af þessari einingu koma allar mannlegar kynslóðir. [122]

2336. Jesús kom til að gefa sköpuninni aftur sinn upprunalega hreinleika. Í fjallræðunni túlkar hann fyrirætlun Guðs með ströngum hætti: "Þér hafið heyrt, að sagt var: "Þú skalt ekki drýgja hór." En ég segi yður: Hver sem horfir á konu í girndarhug, hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu." [123] Það sem Guð hefur tengt saman má eigi maður sundur skilja. [124] Erfikenning kirkjunnar hefur skilið sjötta boðorðið á þá leið að það nái til alls mannlegs kynferðis.

II. KÖLLUN TIL HREINLÍFIS

2337. Hreinlífi merkir farsælt jafnvægi kynferðis í persónunni og þannig innri einingu mannsins sem líkamlegrar og andlegrar veru. Kynferði mannsins, sem hluti af líkamlegum og líffræðilegum heimi, verður persónulegt og að sönnu mannlegt þegar það fellur inn í samband tveggja persóna í fullkominni gjöf karls og konu sem er gagnkvæm og til lífstíðar. Dyggð hreinlífisins snertir því einnig heildarleika persónunnar og fullkomleika gjafarinnar.

Heildarleiki persónunnar

2338. Hreinlíf persóna viðheldur öllum lífs- og kærleiksprótti sem henni er gefinn. Þessi heilleiki tryggir einingu persónunnar og spornar við sérhverri hegðun sem gæti skaðað hana. Hann umber hvorki tvöfalt líferni eða tvöfeldni í tali. [125]

2339. Hreinlífi felur það í sér að ástunda sjálfsögun en það er þjálfun í mannlegu frelsi. Valkostirnir eru ljósir: Annað hvort stjórnar maðurinn ástríðum sínum og finnur frið eða hann lætur þær stjórna sér og býr við óhamingju. [126] "Reisn mannsins krefst þess af honum að hann starfi samkvæmt meðvituðu og frjálsu vali, eins og hann sé hreyfður með persónulegum hætti innan frá, en ekki af blindri hvöt er hann geymir með sér eða af einhverri ytri nauðung. Slíka reisn öðlast maðurinn þegar hann losar sig við alla ánauð ástríðnanna og sækir fram í átt að takmarki sínu með því að velja fúslega það sem rétt er og tryggir sér af kostgæfni og kunnáttu varanlega leið sem best hæfir þessu markmiði." [127]

2340. Hver sá sem vill vera trúr skírnarheiti sínu og verjast freistingum mun tileinka sér þær leiðir sem þarf til að gera það: Sjálfsþekkingu, iðkun meinlætis sem er aðlagð fyrirbyggjandi aðstæðum, hlýðni við boðorð Guðs, ástundun siðferðilegra dyggða og trúfesti í bæn. "Það er sannarlega vegna hreinlífis að við söfnumst saman og erum leiddir aftur til þeirrar einingar sem við glötuðum er við féllum í marga hluta." [128]

2341. Dyggð hreinlífisins fellur undir hófsemi, eina af höfuðdyggðunum, en hún leitar þess að ástríður og langanir skilningarvitanna verði altekna skynseminni.

2342. Sjálfsögun er langt og krefjandi verk. Aldrei er hægt að líta svo á að því marki sé náð í eitt skipti fyrir öll. Hún gerir ráð fyrir endurtekinni viðleitni á öllum stigum lífsins. [129] Á vissum tímabilum geta menn þurft að hafa sig alla við eins og þegar persónuleikinn er að mótast í barnæsku og á gelgjuskeiðinu.

2343. Hreinlífi lýtur vaxtarlögumáli sem þróast í þrepum er einkennast af ófullkomleika og allt of oft af synd. "Maðurinn... er daglega að betrubæta sig með sínu margvíslega frjálsu vali og þannig þekkir hann, lætur sér annt um og fær tamið sér gott siðferði í vexti sínum." [130]

2344. Hreinlífi stendur fyrir verkefni sem er göfugt og persónulegt. Það felur einnig í sér menningarlegt átak því að "framfarir einstaklingsins og endurbætur í samfélaginu haldast í hendur." [131] Hreinlífi gerir ráð fyrir að réttindi mannsins séu virt, einkum rétturinn til að fá upplýsingar og uppfræðslu sem virða siðferðilega og andlega þætti mannlegs lífs.

2345. Hreinlífi er siðferðileg dyggð. Það er einnig gjöf frá Guði, náðargjöf, ávöxtur andlegs átaks. [132] Heilagur Andi gerir þeim kleift að breyta eftir hreinleika Krists sem hafa endurfæðst fyrir skírnavatnið. [133]

Að gefa sig í einu og öllu

2346. Kærlekurinn er umgjörð allra dyggðanna. Undir áhrifum hans birtist hreinlífi sem skólun í sjálfsgjöf. Sjálfsögun er leið að sjálfsgjöf. Hreinlífi fær þann sem það iðkar til að vera náunganum vitni um trúfesti Guðs og ástúð.

2347. Dyggð hreinlífisins þrífst vel í vináttunni. Hún sýnir lærisveinunum hvernig þeir eiga að fylgja og breyta eftir honum sem hefur valið okkur að vera vini sína, [134] sem gaf okkur sjálfan sig að öllu leyti og hefur eftirlátið okkur hlutdeild í guðlegum högum sínum. Hreinlífi er fyrirheit um ódauðleika. Hreinlífi verður einkum sýnilegt í vináttu við náungann. Hvort sem vináttan þróast milli persóna af sama eða gagnstæðu kyni, er hún öllum til mikilla heilla. Hún leiðir til andlegs samfélags.

Hinar mismunandi gerðir hreinlífis

2348. Allir skírðir menn eru kallaðir til hreinlífis. Þeir sem eru kristnir hafa "Íklæðst Kristi," [135] fyrirmynd alls hreinlífis. Allir trúaðir Krists eru kallaðir til að ástunda hreint lífni í samræmi við stöðu þeirra í lífinu. Frá þeirri stundu að hann er skírður er hinn kristni maður skuldbundinn til að lifa tilfinningalífi sínu af hreinleika.

2349. "Fólk á að leggja rækt við [hreinlífi] á þann hátt sem hæfir stöðu þeirra í lífinu. Sumir játaast undir skírlífi eða vígt einlífi sem gerir þeim fært að gefa sig Guði einum með óskiptu hjarta óviðjafnanlegs líferniss. Aðrir lifa á þann hátt sem siðalögmálið segir til um hvort sem þeir eru giftir eða ógiftir." [136] Fólk í hjónabandi hefur köllun til að lifa hjúskap sinn í hreinlífi; aðrir ástunda hreinlífi með því að iðka sjálfsstjórn: Dyggð hreinlífisins tekur á sig þrjár myndir: sú fyrsta er hjónanna, önnur ekknanna og þriðja meyjanna. Við lofum ekki neina þeirra umfram aðra.... Það er þetta sem auðgar svo reglur kirkjunnar. [137]

2350. Hjónaefni eru kölluð til að lifa hreinlífi með því að iðka sjálfsstjórn. Á þessum reynslutíma eiga þau að uppgötva hvaða merkingu gagnkvæm virðing hefur, læra tryggð og hafa von um að Guð gefi þeim hvort annað. Þau eiga að geyma það til hjónabandsins að tjá þá ást sem tilheyrir kærleika hjónabandsins. Þau eiga að aðstoða hvort annað að vaxa í hreinlífi.

Brot gegn hreinlífi

2351. Losti er óeðlileg löngun eftir kynferðislegri unun eða að hafa gegndarlausu nautn af henni. Kynferðisleg unun veldur röskun á siðferði ef hún er eina markmiðið án samhengis við tilgang hennar, sem er getnaður og sameining.

2352. Með sjálfsfróun er átt við viljandi örvun kynfæraanna í þeim tilgangi að fá kynferðislega unun. "Bæði kennsluvald kirkjunnar, með hliðsjón af óslitinni erfikenningu, og siðferðisvitund hinna trúðu hafa ekki talið nokkurn vafa á, og haldið því staðfastlega fram, að sjálfsfróun sé að eðli og alvöru brengluð athöfn." [138] "Viljandi not kynferðislegra eiginleika, hver sem ástæðan er, utan hjónabands er í grundvallaratriðum andstætt tilgangi þeirra." Því þá er kynferðislegar ununar leitað utan þess "kynferðislega sambands sem hin siðferðilega skipan krefst og þar sem í ljósi sannrar ástar hinni fullkomnu merkingu sjálfsgjafar og mannlegs getnaðar er náð." [139] Til að leggja sanngjarnt mat á siðferðilega ábyrgð viðkomandi og hvert skal stefnt í sálgæslu verður að taka til greina tilfinningalegan vanþroska, mátt vanans, kvíðni eða önnur sálræn eða félagsleg atriði sem geta dregið úr eða jafnvel valdið því að siðferðilegt saknæmi er í lágmarki.

2353. Óskírlífi er líkamlegt samneyti milli ógifts karls og ógiftar konu. Það stríðir með alvarlegum hætti gegn reisu persóna og mannlegu kynferði sem beinist með náttúrulegum hætti að velferð hjóna og getnaði og uppfræðslu barna. Ennfremur er það alvarleg hneykslun þegar á sér stað spilling þeirra sem ungir eru.

2354. Klám felst í því að raunverulegur eða sviðsettur kynferðislegur verknaður er slitinn frá því að vera persónulegt samneyti hluttakenda og hann sýndur af ásetningu þriðja aðila. Klám brýtur gegn hreinlífi vegna þess að það afbakar hjúskaparfarið, hina nánú samkennd sem hjónin gefa hvort öðru. Það skaðar alvarlega reisu þeirra sem þar koma nærri (leikendur, söluaðilar og almenningur) þar sem hver þeirra verður öðrum tilefni lítilmótlegrar skemmtunar og ólöglegs

hagnaðar. Það fær alla sem það eru viðriðir til að sökkva sér í heim draumóra og tálsýnar. Það er alvarleg synd. Opinber yfirvöld eiga að koma í veg fyrir framleiðslu og dreifingu kláms.

2355. Vændi skaðar reisu þeirra sem það stunda og dregur þá niður á það stig að vera verkfæri kynferðislegrar nautnar. Sá sem greiðir, syndgar alvarlega á móti sjálfum sér: Hann vanhelgar hreinlífið sem skírinn skuldbindur hann til að virða og hann saurgar líkama sinn, musteri Heilags Anda. [140] Vændi er félagsleg plága. Venjulega snertir það konur en einnig karla, börn og unglunga (í síðustu tveimur tilfellunum verður syndin meiri við það að hún felur í sér hneyksli). Enda þótt það sé ávallt alvarleg synd að stunda vændi getur fátækt, fjárkúgun eða félagslegur þrýstingur minnkað sök syndarinnar.

2356. Nauðgun er að beita valdi og þvinga sér leið til kynferðislegs samneytis við aðra persónu. Hún brýtur gegn réttlætinu og náungakærleikanum. Nauðgun særir djúpt virðingu, frelsi og líkamlegan og siðferðilegan heilleika sem sérhver persóna hefur rétt á. Hún veldur alvarlegum skaða sem getur sett mark sitt á fórnarlambið allt lífið. Hún er í eðli sínu ávallt illur verknaður. Enn alvarlegra er nauðgun barna sem foreldrar eru valdir að (blóðskömm) eða þeir sem ábyrgir eru fyrir uppfræðslu þeirra og þeim hefur verið trúað fyrir.

Hreinlífi og samkynhneigð

2357. Samkynhneigð vísar til sambands milli karla og milli kvenna sem með algjörum eða ráðandi hætti laðast kynferðislega að persónum af sama kyni. Það hefur tekið á sig ýmsar myndir í aldanna rás og á hinum mismunandi menningarsvæðum. Sálræn tilurð þess hefur að mestu leyti verið óútskýrð. Með því að styðjast við heilaga Ritningu, er lýsir samkynhneigðum athöfnum sem alvarlegri siðspillingu, [141] hefur erfikenningin ávallt lýst því yfir að "samkynhneigð athöfn feli í sér eðlislæga röskun." [142] Hún stríðir gegn náttúrulögmálinu. Hún útilokar að kynlífið kveiki nýtt líf. Hún sprettur ekki af sannri gagnkvæmri fyllingu, tilfinningalegri og kynferðislegri. Hana má ekki undir nokkrum kringumstæðum viðurkenna.

2358. Þeir karlar og konur sem hafa djúpstæða samkynhneigð er ekki lítil hópur. Þessi tilhneiging, sem á hlutlægan hátt er röskun, er fyrir flest þeirra erfið raun. Þau ber að umgangast af virðingu, samúð og nærgætni. Sérhverja tilhneigingu til óréttmætrar mismununar gagnvart þeim ber að forðast. Þau eru kölluð til að uppfylla vilja Guðs í lífi sínu og, ef þau eru kristin, að sameina þá erfiðleika, sem skapast vegna ástands þeirra, fórn Drottins á krossinum.

2359. Samkynhneigðar persónur eru kallaðar til hreinlífis. Með dyggð sjálfsögunar, sem kennir þeim innra frelsi, og stundum með stuðningi ósérplæginnar vináttu, með bænum og sakramentislegri náð, geta þær og eiga þær að ná smám saman og af öllum hug tókum á kristinni fullkomnun.

III. KÆRLEIKUR EIGINMANNS OG EIGINKONU

2360. Kynferðislíf beinist að hjúskaparkærleika karls og konu. Í hjúskap verður líkamlegt samband hjónanna að tákni og fyrirheiti um andlega einingu. Hjónaband milli skírðra persóna er helgað af sakramentinu.

2361. "Kynferðislíf, þegar karl og kona gefa sig hvort öðru við athöfn sem er eiginleg mökunum og er einungis þeirra, er ekki aðeins eitthvað sem er líffræðilegs eðlis heldur snertir það allra innstu verund mannlegrar persónu. Það nær einungis tilgangi sínum á sannan mannlegan hátt

ef það er óaðskiljanlegur þáttur þess kærleika þar sem karl og kona binda sig hvort öðru alla ævidaga sína." [143] Tóbías reis úr rekkjunni og sagði við Söru: "Systir, stattu upp. Við skulum ákalla og biðja Drottin okkar að hann veiti okkur miskunn og vernd." Hún stóð upp og þau tóku að ákalla Guð og biðja um hjálp og hóf Tóbías bænina með þessum orðum: "Lofaður sért þú, Guð feðra vorra.... Þú skapaðir Adam og Evu konu hans honum til hjálpar og stuðnings. Frá þeim báðum er allt mannkyn komið. Þú sagðir: "Eigi er það gott að maðurinn sé einsamall. Látum oss gjöra hjálp honum líka." Þú veist, að það er ekki af girnd sem ég tek mér þessa systur mína fyrir eiginkonu, heldur af einlægni. Ég bið þig, miskunna mér og henni, gef okkur að verða öldruð saman." Einum rómi sögðu þau: "Amen, amen" og lögðust síðan til næturhvíldar.

[144]

2362. "Þær athafnir hjónabandsins þegar nán og hreinlíf eining makanna á sér stað, eru göfugar og heiðvirðar. Þegar þær eru gerðar með sönnnum mannlegum hætti hlúa þær að og styrkja þá sjálfsgjöf sem þær standa fyrir og gera makana auðugri af fögnuð og þakklæti." [145] Kynferðislíf er uppspretta fagnaðar og unaðar: "Skaparinn sjálfur... kom því þannig fyrir að í [getnaðar]þættinum skyldu makarnir upplifa unun og ánægju, líkamlega og andlega. Þar af leiðandi gera makarnir ekkert illt með því að leita eftir þessari unun og ánægju. Þeir taka við því sem skaparinn hefur fyrirhugað þeim. Samtímis eiga makarnir að vita hvernig þeir skuli gæta meðalhólfis. [146]

2363. Eining makanna kemur til leiðar tvöföldu markmiði hjónabandsins: Velferð makanna sjálfra og að gefa líf. Þessar tvær merkingar eða gildi hjónabandsins er ekki hægt að sundurskilja án þess að það breyti andlegu lífi makanna og stofni í hættu velferð hjónabandsins og framtíð fjölskyldunnar. Hjúskaparkærleikur karls og konu er þannig undirstaða tveggja skuldbindinga: tryggðar og frjósemi.

Hjúskapartryggð

2364. Hjónin mynda "hina nánú sambúð lífs og kærleika sem skaparinn setti og lýtur lögmáli hans. Hún á sér rætur í hjúskaparsáttmálanum, það er að segja, í hinu óafturkræfa og persónulega jáyrði." [147] Þau gefa sig hvort öðru að fullu og öllu. Þau eru ekki lengur tvö; þau eru eitt hold. Sáttmálinn sem makarnir gerðu fúslega með sér setur þær skyldur á herðar þeirra að varðveita hann sem einstakan og órjúfanlegan. [148] "Það sem Guð hefur tengt saman, má maður eigi sundur skilja." [149]

2365. Tryggð er táknið um þá staðfestu að halda gefin orð. Guð er trúfastur. Sakramenti hjónavígslunnar gerir karli og konu kleift að eiga þátttöku í tryggð Krists við kirkju sína. Fyrir hreinlífi hjúskaparins bera þau vitni frammi fyrir heiminum um þennan leyndardóm. Heilagur Jóhannes Krýsostomus leggur til að ungir eiginmenn segi við konur sínar: Ég tek þig í arma mér og ég elska þig og ég tek þig fram yfir sjálft líf mitt. Því þetta líf er einskisvirði og minn æðsti draumur er að eyða því þannig með þér að við öðlumst vissu um að vera ekki aðskilin í lífinu sem okkur er fyrirhugað.... Ég set elsku þína ofar öllu öðru og ekkert yrði mér sárara eða kvalafyllra en að vera á öðru máli en þú. [150]

Frjósemi hjónabandsins

2366. Frjósemi er gjöf, markmið hjónabandsins, því hjúskaparkærleikur er í eðli sínu frjósamur. Barnið kemur ekki utan frá eins og einhver viðbót við gagnkvæman kærleika makanna, heldur sprettur það úr sjálfu hjarta þessarar gagnkvæmu gjafar, sem ávöxtur þess og uppfylling. Því kennir kirkjan, sem "stendur með lífinu," [151] að "hvergi megi hindra náttúrulegan eiginleika til getnaðar í neinum athöfnum hjónabandsins." [152] "Þessi tiltekna kenning, sem kennsluvald kirkjunnar iðulega gerir ljósa, er byggð á þeirri órjúfanlegu samtengingu sem er milli mikilvægis samlífs og mikilvægis getnaðar en hvort tveggja er eðlislægur hluti hjónabandsins. Þessa órjúfanlegu samtengingu sem Guð hefur komið á, má maðurinn ekki rjúfa af eigin frumkvæði."

[153]

2367. Með köllun sinni að gefa líf eiga makarnir hlutdeild í sköpunarmætti og faðerni Guðs. [154] "Hjón eiga að líta á það sem sitt eiginlega hlutverk að mynda mannlegt líf og uppfræða börn sín. Þau eiga að vita að með því eiga þau samvinnu við kærleika Guðs skaparans og eru að vissu leyti túlkendur hans. Þessa skyldu eiga þau að uppfylla af mannlegri og kristinni ábyrgðartilfinningu." [155]

2368. Sérstakur þáttur þessarar ábyrgðar varðar stjórnun getnaðar. Sanngjarnar ástæður geta valdið því að makarnir vilji ákvarða lengd milli fæðinga barna sinna. Það er skylda þeirra að sjá til þess að ósk þeirra stafi ekki af eigingirni heldur að hún samræmist því örlyndi sem hæfir ábyrgu foreldrahlutverki. Ennfremur eiga þeir að samræma breytni sína hlutlægum mælikvarða siðferðis: Þegar það er spurning um að samræma kærleika hjónabandsins og ábyrga myndun lífs, ræðst siðferði þess sem gert er ekki einungis af einlægum ásetningi og mati á hvötum, heldur verður það að ákvarðast af hlutlægum undirstöðureglum; undirstöðureglum sem taka mið af eðli og atferli persónunnar og virða fulla merkingu gagnkvæmrar sjálfsgjafar og mannlegs getnaðar í tengslum við sanna ást. Þetta er einungis mögulegt ef hreinlífisdyggð hjónabandsins er ástunduð af einlægum hjarta. [156]

2369. "Ef hlúð er að þessum ómissandi þáttum, samlífi og getnaði, mun hjónalífið að fullu viðhalda gagnkvæmum kærleika sínum og njóta þeirrar blessunar að öðlast þá miklu ábyrgð sem maðurinn er kallaður til og felst í foreldrahlutverkinu." [157]

2370. Reglubundin sjálfsstjórn, það er, að hafa stjórn á fæðingum með því að fylgjast með og nota ófrjó tímabil, er í samræmi við undirstöðureglur siðferðis. [158] Slík aðferð virðir líkama makanna, hvetur til ástúðar milli þeirra og styrkir þroskann til sanns frelsis. Aftur á móti er "hver sú aðgerð, sem hefur það að markmiði, eða er leið að því, að hindra getnað fyrir hjúskaparfar, meðan á því stendur eða eftir að þróun náttúrulegrar afleiðingar þess er hafin," í eðli sínu syndsamleg: 159 Með getnaðarvörnum er þannig breitt yfir hið náttúrulega tungumál, sem tjáir fulla og gagnkvæma sjálfsgjöf eiginmanns og eiginkonu, með gagnstæðu tungumáli, það er að segja, með því að gefa sig ekki hvort öðru að fullu og öllu leyti. Þetta leiðir ekki einungis til afdráttarlausrar höfnunar á því að vera opin fyrir lífi heldur einnig til fölsunar á innri sannleika hjúskaparkærleikans sem ætlað er að vera heildargjöf persónunnar.... Munurinn, bæði mannfræðilegur og siðferðilegur, á því að nota getnaðarvarnir og að nýta sér tíðahringinn... leiðir af sér í endanlegri greiningu tvö ósamrýmanleg hugtök um mannlega persónu og mannlegt kynferðislíf. [160]

2371. "Megi öllum verða það ljóst að mannlegt líf og skyldan til að mynda það takmarkast ekki einungis við þetta líf: Sannarlegt gildi þess og full merking er einungis hægt að skilja með tilvísun til eilífs hlutskiptis mannsins." [161]

2372. Ríkið ber ábyrgð á velferð borgaranna. Innan þeirra marka er lögmætt fyrir það að grípa inn í til að hafa áhrif á mannfjöldaþróun. Það má gera með hlutlægum og tilhlýðilegum upplýsingum en vissulega ekki með valdboði eða með því að beita þvingunum. Ríkið getur ekki með lögmætum hætti tekið til sín frumkvæði makanna, því þeir bera frumábyrgð á getnaði og uppfræðslu barna sinna. [162] Á þessu sviði er ekki leyfilegt að leita leiða sem stríða á móti siðalögmálinu.

Barn er gjöf

2373. Heilög Ritning og erfivenja kirkjunnar telja stórar fjölskyldur vera til merkis um blessun Guðs og örlæti foreldranna. [163]

2374. Hjón sem uppgötva að þau eru ófrjósöm þjást mikið. "Hvað ætlar þú að gefa mér?" sagði Abraham við Guð, "ég fer héðan barnlaus..." [164] Og Rakel segir við Jakob, eiginmann sinn: "Láttu mig eignast börn, ella mun ég deyja." [165]

2375. Þær rannsóknir ber að styðja sem beinast að því að ráða bót á ófrjósemi í mönnum að því tilskyldu að þær séu til "þjónustu við manninn, óafsalanleg réttindi hans og sannan heildarhag hans samkvæmt fyrirætlun og vilja Guðs." [166]

2376. Tækni sem gerir kleift að tengsl hjóna séu rofin og notar til þess aðild þriðja aðila (gjöf á egg- og sæðisfrumum, staðgöngumæðrun) er alvarlegt siðferðisbrot. Þessi tækni (tæknisæðing og tæknifrjóvgun annarrar persónu) brýtur rétt barnsins að fæðast af föður og móður sem það þekkir og eru bundin hvort öðru í hjónabandi. Hún er svik við rétt makanna "að gerast faðir og móðir einungis fyrir hvort annað." [167]

2377. Tækni þar sem einungis hjónin eru aðilar (tæknisæðing og tæknifrjóvgun maka) er ef til vill ekki eins ámælisverð en engu að síður er hún siðferðilega óásættanleg. Hún rýfur tengsl hjúskaparfars og getnaðar. Sú athöfn sem gefur barni tilveru sína er ekki lengur athöfn þar sem tvær persónur gefa sig hvor annarri, heldur er hún athöfn sem "lætur lækna og líffræðinga um líf og séreðli fósturvísisins og leggur grundvöll að því að tæknin ráði uppruna og hlutskipti mannlegrar persónu. Slíkt fyrirkomulag stríðir í eðli sínu gegn þeirri reisn og því jafnrétti sem eiga að vera sameiginleg foreldrum og börnum." [168] "Út frá siðferðilegu sjónarmiði er getnaður sviptur eiginlegri fullkomnun sinni þegar hann er ekki fyrirhugaður sem ávöxtur hjúskaparfars, það er að segja, hinnar tilteknu athafnar sem felst í einingu makanna.... Getnaður getur einungis verið í samræmi við reisn persónunnar með því að virða þau tengsl sem eru á milli merkingar hjúskaparfars og virðingar fyrir einingu mannsins." [169]

2378. Barn er ekki réttur neins, það er gjöf. "Æðsta gjöf hjónabandsins" er mannleg persóna. Ekki má líta á barn sem eignarhlut, hugmynd sem meintur "réttur til barns" leiðir af sér. Á þessu sviði er það einungis barnið sem hefur sönn réttindi: Réttinn "til að vera ávöxtur hinnar sérstöku athafnar hjúskaparkærleika foreldra þess," og "réttinn til að vera virt sem persóna frá andartaki getnaðar síns." [170]

2379. Guðspjallið leiðir í ljós að ófrjósemi er ekki í einu og öllu af hinu vonda. Makar sem þjást af ófrjósemi eftir að hafa leitað allra lögmættra leiða til að lækna hana eiga að sameinast krossi

Drottins, uppsprettu allrar andlegrar frjósemi. Þeir geta tjáð örlæti sitt með því að ættleiða yfirgefin börn eða inna af hendi krefjandi þjónustu í þágu annarra.

IV. BROT GEGN REISN HJÓNABANDSINS

Hjúskaparbrot

2380. Hjúskaparbrot vísar til ótryggðar í hjónabandi. Þegar tveir aðilar - og að minnsta kosti annar þeirra er giftur - eiga í kynferðislegu sambandi, þótt það sé skammvinnt, fremja þeir hjúskaparbrot. Kristur fordæmir jafnvel löngunina til hjúskaparbrots. [171] Sjötta boðorðið og Nýja testamentið banna hjúskaparbrot skilyrðislaust. [172] Spámennirnir fordæma hjúskaparbrot fyrir alvarleika þess. Þeir sjá það sem synd skurðgoðadýrkunar. [173]

2381. Hjúskaparbrot veldur óréttlæti. Sá sem drýgir hjúskaparbrot bregst heiti sínu. Hann skaðar það sáttmálstákn sem hjónabandið er, brýtur á rétti hins makans og grefur undan hjónabandinu sem stofnunar með því að rjúfa samninginn sem það hvílir á. Hann stofnar í hættu því góða sem felst í mannlegri æxlun og einnig velferð barnanna sem þurfa á að halda traustu hjónabandi foreldra sinna.

Skilnaður

2382. Drottinn Jesús hélt fram upprunalegri fyrirætlun skaparans sem vildi að hjónabandið væri óuppleysanlegt. [174] Hann nam úr gildi þær tilslakanir sem höfðu komist inn í gamla lögmálið. [175] Milli hinna skírðu "verður staðfest og fullnað hjónaband ekki leyst upp af mannlegum mætti eða af nokkurri annarri ástæðu en dauða. [176]

2383. Skilnaður að borði og sæng meðan makarnir viðhalda hjónabandi sínu getur verið lögmætur í vissum tilfellum samkvæmt skilyrðum kirkjulaga. [177] Hægt er að umbera borgaralegan skilnað ef hann er eina mögulega leiðin til að tryggja viss lagaleg réttindi, umönnun barnanna eða til að vernda arf og telst hann þá ekki siðferðilegt brot.

2384. Skilnaður er alvarlegt brot gegn náttúrulögmálinu. Hann veldur rofi á sáttmálanum sem hjónin samþykktu af frjálsum vilja um að búa saman alla ævidaga sína. Skilnaður veldur skaða á sáttmálanum um hjálpræðið en sakramentislegt hjónabandið er tákn um hann. Að stofna til nýs sambands, jafnvel þótt það sé viðurkennt samkvæmt borgaralegum lögum, gerir brotið enn alvarlegra: Endurgifti makinn býr þá við opinbert og viðvarandi hjúskaparbrot: Ef eiginmaður yfirgefur eiginkonu sína og sækir sér aðra konu er hann hórkarl vegna þess að hann fær konuna til að drýgja hór og konan sem býr með honum er hórkona því hún hefur laðað eiginmann annarrar konu til sín. [178]

2385. Skilnaður er einnig siðferðisbrot vegna þess að hann veldur fjölskyldunni og samfélaginu spillingu. Þessi spilling hefur mikinn skaða í för með sér: Fyrir yfirgefna makann; fyrir börnin sem verða fyrir áfalli við aðskilnað foreldranna og eru oft kvalin í afstöðu sinni til þeirra; og vegna smitandi áhrifa hennar sem gerir skilnaði vissulega að plágu í samfélaginu.

2386. Annar makinn getur hugsanlega verið saklaust fórnarlamb skilnaðar sem borgaraleg lög leyfa; hann hefur því ekki brotið gegn siðalögmálinu. Mikill munur er á þeim maka sem hefur af einlægni reynt að vera trúr sakramenti hjónabandsins og er yfirgefinn og hinum sem fyrir alvarlega sök sína eyðileggur hjónaband sem er gilt samkvæmt kirkjurétti. [179]

Önnur brot gegn reisu hjónabandsins

2387. Hægt er að skilja kreppu þess sem vill snúa sér að guðspjallinu en verður að segja skilið við eina eða fleiri eiginkonur sem hann hefur til fjölda ára búið með í hjúskap. Fjölkvæni er hins vegar ekki í samræmi við siðalögmálið. "Það stríðir með róttækum hætti gegn því samfélagi sem hjúskapurinn stendur fyrir; raunar stríðir það gegn fyrirætlun Guðs sem var opinberuð okkur í upphafi vegna þess að það vinnur gegn því að jöfn persónuleg reisu sé með karli og konu sem í hjónabandi gefa sig hvort öðru í kærleika sem er óskoraður og þess vegna einstakur og þeirra einna." [180] Sá sem er kristinn en hefur áður búið við fjölkvæni ber að gegna þeirri réttlætisskyldu að halda í heiðri þær skuldbindingar sem hann gerði samning um gagnvart fyrrum eiginkonum sínum og börnum.

2388. Blóðskömm merkir líkamlegt samneyti milli ættingja eða tengdafólks innan þeirra venslamarka sem bannar hjúskap milli þeirra. [181] Heilagur Páll fordæmir harðlega þetta sérlega alvarlega brot: "Það er mér sagt að saurlífnaður eigi sér stað á meðal yðar... að maður heldur við konu föður síns.... Með krafti Drottins vors Jesú... skal selja slíkan mann Satan á vald til tortímingar holdinu..." [182] Blóðskömm spillir samskiptum í fjölskyldunni og er til merkis um hnignun til lægri hvata.

2389. Tengd blóðskömm er öll kynferðisleg misnotkun fullorðinna á börnum eða unglíngum sem þeir hafa í sinni umsjá. Slík brot eru þeim mun alvarlegri fyrir þann hneykslanlega skaða sem þau valda á líkamlegum og siðferðilegum heilleika hinna ungu, sem fylgir þeim alla ævi; og fyrir það hvernig þeir bregðast sem ábyrgð bera á uppeldi þeirra.

2390. Í því sem nefnt hefur verið frjáls sambúð neita karl og kona að gefa sambandi, sem felur í sér kynferðislegt samneyti, lagalega og opinbera stöðu. Það er órökvísi að tala um "frjálsa sambúð". Því hvað getur "sambúð" merkt þegar þau sem búa saman gefa hvort öðru enga skuldbindingu - hafa ekki tiltrú hvort á öðru, á sér sjálfum eða á framtíðinni? Þetta hugtak nær til margra mismunandi þátta: Að búa saman, að hafna hjónabandi sem slíku eða vangetu til að skuldbinda sig til langframa. [183] Allir brjóta þessir þættir gegn reisu hjónabandsins; þeir eyðileggja sjálfa hugmyndina um fjölskylduna og þeir veikja merkingu tryggðar. Þeir stríða gegn siðalögmálinu: Kynlíf á eingöngu að ástunda innan hjónabands; utan hjónabands felur það ávallt í sér alvarlega synd og útilokar viðkomandi frá sakramentislegri einingu.

2391. Sumir nú á dögum krefjast "réttar til reynsluhjónabands" og felst í því áform um að ganga í hjónaband seinna. En hversu góður sem ásetningur þeirra er sem gefa sig að ótímabæru kynferðislegu sambandi "er staðreyndin engu að síður sú að slíkt samband getur tæplega tryggt gagnkvæma einlægni og tryggð í samskiptum karls og konu og ekki verður það þeim vörn fyrir afleiðingum langana eða duttlunga." [184] Líkamlegt samneyti er einungis siðferðilega lögmætt þegar endanlegu samfélagi til lífstíðar hefur verið komið á. Mannlegur kærleikur leyfir ekki "reynsluhjónabönd". Hann krefst þess að persónurnar gefi sig hvor annarri að fullu og öllu. [185]

Í STUTTU MÁLI

2392. "Kærleikurinn er grundvallarköllun sérhvers manns og honum eðlisbundin" (FC 11).

2393. Með því að skapa manninn karl og konu gefur Guð þeim báðum sömu persónulegu reisu. Bæði eiga þau, karlinn og konan, að viðurkenna og fella sig við sitt sérstaka kynferði.

2394. Kristur er fyrirmynd hreinlífis. Sérhver skírður maður hefur köllun til að vera hreinlífur samkvæmt stöðu sinni í lífinu.

2395. Hreinlífi merkir samhæft kynferði í manninum. Það felur í sér að hann ástundi sjálfsögun.

2396. Meðal þeirra alvarlegu synda sem stríða gegn hreinlífi eru sjálfsfróun, óskirlífi, klám og samkynhneigðar athafnir.

2397. Sáttmálinn sem hjónin gera af frjálsum vilja leiðir af sér trúfastan kærleika. Hann skuldbindur þau til að varðveita órjúfanleika hjónabandsins.

2398. Frjósemi er góð, hún gjöf og hún er markmið hjónabandsins. Með því að gefa líf eiga makarnir hlutdeild í faðerni Guðs.

2399. Stjórnun fæðinga er einn hluti af ábyrgu faðerni og móðerni. Lögmætar fyrirætlanir af hálfu makanna réttlæta ekki að leitað sé óviðunandi leiða (til dæmis, ófrjósemisaðgerðar eða notkun getnaðarvarna).

2400. Hjúskaparbrot, skilnaður, fjölkvæni og frjáls sambúð eru alvarleg brot gegn reisn hjónabandsins.

« 7. GREIN - SJÖUNDA BOÐORÐIÐ

Þú skalt ekki stela. [186]

2401. Sjöunda boðorðið bannar að eigur náungans séu teknar eða geymdar með óréttmætum hætti eða að honum sé gerður skaði á nokkurn hátt þegar eigur hans eru annars vegar. Það mælir svo fyrir að réttlætis og kærleika skuli gætt við umgengni jarðneskra gæða og þeirra ávaxta sem erfiði mannsins gefur af sér. Með tilliti til almannaheilla krefst það að almenn útdeiling afurða sé virt og að eignarrétturinn sé virtur. Kristilegt lífni beinist að því að nýta gæði þessa heims samkvæmt Guði og náungakærleikanum.

I. ALMENN ÚTDEILING AFURÐA OG EIGNARHALD

2402. Í upphafi fól Guð jörðina og auðlindir hennar sameiginlegri ráðsmennsku mannanna svo að þeir gætu annast þær, haft stjórn á þeim með vinnu sinni og notið ávaxta þeirra. [187] Gæði sköpunarinnar eru ætluð öllum mönnum jarðarinnar. Samt sem áður er jörðinni skipt meðal mannanna til að tryggja lífsöryggi þeirra sem fátækt stofnar í hættu og ofbeldi ógnar. Eignartaka er lögmæt sé hún gerð til að tryggja frelsi og reisn persóna og hjálpar þeim að sjá fyrir nauðpurftum sínum og þörfum þeirra sem eru í þeirra umsjá. Það hefur í för með sér að sönn eining þróist manna á meðal.

2403. Eignarrétturinn sem er áunninn eða fenginn með réttmætum hætti gerir ekki að engu upprunalegu gjöfina, að jörðin tilheyri öllu mannkyninu. Almenn útdeiling afurða er eftir sem áður frumreglan jafnvel þótt almannaheill krefjist þess að eignarrétturinn og notkun hans sé í heiðri haft.

2404. "Þegar maðurinn nýtir sér hluti á hann ekki að líta á snertanlegar eigur, sem eru hans með lögmætum hætti, eingöngu sem hans einkaeign heldur á hann einnig að líta svo á að þær séu sameiginlegar öðrum í þeim skilningi að þær verði öðrum til hagsbóta engu síður en honum sjálfum." [188] Ráðsmaður Guðs er sá sem ræður yfir eign, hver sem hún kann að vera. Hann hefur það hlutverk með höndum að láta hana bera ávöxt og dreifa afrakstrinum til annarra, en fyrst til fjölskyldu sinnar.

2405. Umráðamenn framleiðslupátta - áþreifanlegra eða ekki - eins og lands, verksmiðja, hagnýtra eða listrænna hæfileika, skulu leita þess að nýta þá með þeim hætti að sem flestir njóti góðs af. Þeir sem hafa hlunnindi til nota og neyslu eiga að gæta hófsemdar við að nota þau og geyma bróðurpartinn fyrir gesti, fyrir hina sjúku og fátæku.

2406. Pólitísk stjórnvöld hafa rétt og skyldu til að setja reglur um lögmæta notkun eignarréttar með tilliti til almannaheilla. [189]

II. VIRÐING FYRIR ÖÐRUM MÖNNUM OG EIGNUM ÞEIRRA

2407. Í efnahagsmálum krefst virðing fyrir mannlegri reisn þess að dyggð hófseminnar sé ástunduð til að draga úr eftirsókn í gæði þessa heims; að réttlætisdyggðin sé ástunduð til að varðveita réttindi náungans og til að hann öðlist það sem er hans; og að samstaða verði sýnd í samræmi við Gullnu regluna og í samræmi við örlæti Drottins sem "gjörðist fátækur yðar vegna, þótt ríkur væri, til þess að þér auðguðust af fátækt hans." [190]

Virðing fyrir eignum annarra

2408. Sjöunda boðorðið bannar þjófnað, það er að segja, að taka til sín eitthvað, sem tilheyrir öðrum, þvert gegn réttmætum vilja eigandans. Enginn þjófnaður á sér stað ef ástæða er til að ætla að samþykki liggi fyrir töku hlutar eða ef neitun fyrir því stríðir gegn heilbrigðri skynsemi og almennri útdeilingu afurða. Til grundvallar því liggja augljósar og aðkallandi ástæður þegar eina leiðin til að bæta úr bráðri og brýnni þörf (matur, húsaskjól, föt...) er að leggja hald á eignir annarra og koma þeim í þarfir. [191]

2409. Jafnvel þótt það stangist ekki á við ákvæði borgaralegra laga er öll óréttmæt taka og geymsla á eignum annarra andstæð sjöunda boðorðinu. Þetta felur í sér vísvitandi geymslu eigna sem fengnar hafa verið að láni eða hluta sem hafa týnst; svindl í viðskiptum; greiðslu of lágra launa; að þrýsta verðlagi upp með því að notfæra sér vanþekkingu eða erfiðleika annarra. [192] Eftirfarandi er einnig siðferðilega ólögmætt: Spákaupmennska þar sem lögð eru á ráðin um að hagræða vöruverði með tilbúnum hætti í því skyni að hagnast á kostnað annarra; spilling þar sem höfð er áhrif á dómgreind þeirra sem verða að taka ákvarðanir í samræmi við lög; að gera að sínum og nota til einkaparfa almennar eigur fyrirtækja; vinnusvik; undanskot frá skatti; að falsa ávísanir og reikninga; að reikna sér of há útgjöld og bruðl. Að valda skaða á einka- eða almannaeignum stríðir gegn siðalögmálinu og ber að bæta fyrir það.

2410. Loforð ber að halda og samninga á að virða í einu og öllu að því marki að skuldbindingar þeirra séu siðferðilega réttlætanagerar. Stór hluti efnahags- og félagslífs er háður því að samningar milli manna eða lögpersóna séu í heiðri hafðir. Þetta á við um viðskiptasamninga, leigusamninga eða samninga á vinnumarkaðinum. Alla samninga verður að samþykkja og uppfylla í góðri trú.

2411. Samningar eru háðir gagnkvæmu réttlæti sem stjórnar samskiptum milli manna og milli stofnana og gætir þess að réttindi þeirra séu í einu og öllu virt. Gagnkvæmt réttlæti setur ströng skilyrði; það krefst verndar eignarréttarins, greiðslu skulda og að staðið sé við skuldbindingar sem stofnað var til af frjálsum vilja. Ekkert réttlæti er án gagnkvæms réttlætis. Gerður er greinarmunur á gagnkvæmu réttlæti og annars vegar lögbundnu réttlæti sem varðar það sem borgararnir skulda af sanngirni samfélaginu, og hins vegar á réttlæti sem helgast af sanngjarnri

skiptingu umbunar sem stjórnar því hvað samfélagið skuldar borgurum sínum í samræmi við framlag þeirra og þarfir.

2412. Vegna gagnkvæms réttlætis verða bætur fyrir það óréttlæti sem framið hefur verið að fela í sér að stolnum eigum sé skilað til eiganda þeirra: Jesús blessar Sakkeus fyrir heit hans: "Hafi ég haft nokkuð af nokkrum, gef ég honum ferfalt aftur." [193] Þeir sem hafa með beinum eða óbeinum hætti tekið traustataki eigur annarra ber skylda til að skila þeim aftur eða endurgreiða andvirði þeirra í vörum eða í peningum ef eigurnar hafa horfið og bæta jafnframt þann hagnað eða gagn sem eigandi þeirra hefði sannarlega haft af þeim. Með sama hætti ber öllum þeim, sem hafa með einhverjum hætti átt þátt í þjófnaði eða hafa vísvitandi hagnast af honum, skylda til að bæta skaðann í samræmi við ábyrgð sína og hlutdeild í því sem stolið var. Það eru til dæmis þeir sem hafa ákvarðað þjófnaðinn, aðstoðað við hann eða hafa tekið við stolnum vörum.

2413. Lukkuspil (leikir með spilum o.s.frv.) eða veðmál stríða í sjálfu sér ekki gegn réttlætinu. Ástundun þeirra verður siðferðilega óásættanleg þegar einhver glatar því sem honum er nauðsynlegt til að sjá fyrir nauðpurftum sínum og annarra. Spilafíkn getur orðið að ánauð. Það er alvarleg sök að stunda óheiðarlegt veðmál og að hafa rangt við í spilum nema skaðinn sem það veldur sé það óverulegur að sá sem fyrir honum verður geti ekki með nokkrum hætti talið hann skipta máli.

2414. Sjöunda boðorðið bannar aðgerðir eða framkvæmdir, hvort sem þeim veldur eigingirni, hugmyndafræði, viðskipti eða alræði, sem leiða til þess að maðurinn sé gerður að þræli; að hann, af skeytingarleysi við persónulega reisn hans, sé keyptur, seldur eða hafður í skiptum eins og hver annar varningur. Það er synd gegn reisn mannsins og grundvallarréttindum hans að hann sé lítillækkaður með valdi til að hægt sé að meta notagildi hans eða hversu mikil hagnaðarvon sé í honum. Heilagur Páll bauð kristnum húsbónda að hann skyldi halda kristnum þræli sínum "ekki lengur eins og þræli, heldur þræli fremri, eins og elskuðum bróður... bæði sem maður og kristinn." [194]

Virðing fyrir heildarleika sköpunarinnar

2415. Sjöunda boðorðið fyrirskipar að virðing sé borin fyrir heildarleika sköpunarinnar. Dýr, einnig plöntur og líflausar verur, eru að náttúrulegri skipan sett mannkyninu öllu til heilla í fortíð, nútíð og framtíð. [195] Notkun á auðlindum heimsins, steinefnum, jurtum og dýrum, er ekki hægt að aðskilja frá kröfum siðferðis. Yfirráð mannsins yfir líflausum verum og öðru því sem lifir og skaparinn veitti honum, eru ekki án skilyrða; þau eru bundin umhyggju fyrir lífsgæðum náungans og er þá jafnframt átt við komandi kynslóðir; þau krefjast þess að borin sé trúarleg virðing fyrir heildarleika sköpunarinnar. [196]

2416. Dýrin eru sköpun Guðs. Hann umlykur þau forsjárlegri umönnun sinni. Með því einungis að eiga sér tilveru færa þau honum blessun og dýrð. [197] Því ber manninum að sýna þeim góðvild. Við eigum að minnast þess að dýrlingar eins og heilagur Frans frá Assisi eða heilagur Filippus Neri umgengust dýrin af mildi.

2417. Guð fól dýrin ráðsmennsku þeirra sem hann skapaði í sinni mynd. [198] Þess vegna er það lögmætt að nýta dýrin til matar og klæðnaðar. Þau má temja til að aðstoða manninn við verk

hans og tómstundir. Læknisfræðilegar og vísindalegar tilraunir á dýrum eru siðferðilega ásættanlegar séu þær innan sanngjarnra marka og stuðli að heilbrigði eða björgun mannlífa. 2418. Að verða valdur að því að dýr þjáist eða deyi að nauðsynjalausu stríðir gegn mannlegri reisu. Það er sömuleiðis ósæmlegt að eyða peningum í þau er ættu öllu fremur að fara í það að lina mannlega neyð. Hægt er að láta sér annt um dýrin; ekki á að gefa þeim þá ástúð sem mannum einum ber.

III. FÉLAGSLEG KENNING KIRKJUNNAR

2419. "Hin kristna opinberun... kemur á framfæri dýpri skilningi á lögmáli samfélagsins." [199] Kirkjan fær frá guðspjallinu alla opinberunina á sannleikanum um manninn. Þegar hún uppfyllir hlutverk sitt að boða guðspjallið ber hún mannum vitni, í nafni Krists, um reisu hans og um köllun hans til samfélags við mennina. Hún kennir honum kröfur réttlætis og friðar í samræmi við hina guðdómlegu vísu.

2420. Kirkjan leggur siðferðilegt mat á efnahagsleg og félagsleg málefni "þegar grundvallarréttindi mannsins eða frelsun sálna kalla á að það sé gert." [200] Í hinna siðferðilegu skipan gegnir hún hlutverki sem er aðskilið frá pólitískum stjórnvöldum: Kirkjan lætur sig verða stundlega þætti almannaheilla vegna þess að þeir falla undir alvald þess góða, okkar endanlega takmarks. Hún reynir að hvetja til réttra viðhorfa hvað varðar jarðnesk gæði og í félagslegfræðilegu sambandi.

2421. Félagsleg kenning kirkjunnar þróaðist á níttjándu öld þegar guðspjallið stóð frammi fyrir nútíma iðnaðarsamfélögum sem höfðu nýja hætti við framleiðslu á neysluvörum, nýjan skilning á samfélaginu, ríkinu og stjórnvaldinu og nýtt skipulag varðandi vinnuafli og eignarhald. Þróunin á kenningu kirkjunnar varðandi efnahagsleg og félagsleg málefni ber vott um varanlegt gildi kenningar kirkjunnar á sama tíma og hún ber vott um sanna merkingu erfikenningar kirkjunnar sem ætíð er lifandi og virk. [201]

2422. Félagsleg kenning kirkjunnar er safn kenninga sem komið er á framfæri þegar kirkjan túlkar atburði í rás sögunnar með aðstoð Heilags Anda, í ljósi alls þess sem opinberað hefur verið af Jesú Kristi. [202] Því meir sem þessi kenning fær mótað framferði hinna trúuðu verður auðveldara fyrir menn með góðan vilja að viðurkenna hana.

2423. Félagsleg kenning kirkjunnar setur fram meginreglur til umhugsunar; hún leggur til mælikvarða til að dæma eftir; hún gefur viðmiðunarreglur um atferli: Það kerfi sem lætur félagsleg samskipti ráðast í einu og öllu af efnahagslegum þáttum stríðir gegn náttúru mannlegrar persónu og athöfnum hennar. [203]

2424. Sú kenning er siðferðilega óviðunandi sem hefur hagnað af atvinnustarfsemi að algjörrri reglu og endanlegu takmarki. Gegndarlaus félagirnd getur aldrei haft annað en siðspillandi áhrif. Hún er ein af orsökum þeirra mörgu árekstra sem valda óróa í samfélaginu. [204] Kerfi sem "lætur grundvallarréttindi manna og félaga lúta heildarskipulagi framleiðslunnar" stríðir gegn mannlegri reisu. [205] Allt það sem gerir manninn að litlu meira en tæki til hagnaðar hneppir hann í þrældóm, leiðir til skurðgoðadýrkunar á peningum og stuðlar að útbreiðslu guðleysis. "Þér getið ekki þjónað Guði og mammón." [206]

2425. Kirkjan hefur hafnað hugmyndafræði alræðis og guðleysis sem nú á tímum tengjast "kommúnisma" eða "sósíalisma". Kirkjan hefur sömuleiðis neitað að viðurkenna

einstaklingshyggjuna, eins og hún birtist í "kapítalisma", og algjöran forgang markaðsaflanna yfir vinnu mannsins. [207] Að byggja efnahaginn eingöngu á miðstýrðum áætlunarbúskap spillir félagslegum samskiptum; að byggja hann eingöngu á markaðsöflunum er að bregðast félagslegu réttlæti því "margar eru þær mannsins þarfir sem markaðurinn getur ekki fullnægt." [208] Mæla á með skynsamlegri stjórnun markaðsaflanna og á efnahagslegu frumkvæði er byggist á réttlátri stigskiptingu gilda og hefur almannaheill að leiðarljósi.

IV. ATVINNUSTARFSEMI OG FÉLAGSLEGT RÉTTLÆTI

2426. Þróun atvinnustarfsemi og framleiðsluaukning eiga að sjá manninum fyrir lífsviðurværi. Atvinnulífínu er ekki eingöngu ætlað að framleiða stöðugt meira og auka hagnað eða völd; það á fyrst og fremst að þjóna manninum, manninum í heild sinni og öllu samfélagi mannsins.

Atvinnustarfsemin, sem hefur sínar eigin aðferðir, verður að halda sig innan ramma siðferðis með hliðsjón af félagslegu réttlæti til að vera í samræmi við fyrirætlun Guðs um manninn. [209]

2427. Vinna mannsins er verk persóna sem skapaðar eru í mynd Guðs og eru kallaðar til að halda áfram sköpunarverkinu með því að gera jörðina sér undirgefna. Það gera þær í innbyrðis samstarfi. [210] Þannig er vinna skylda: "Ef einhver vill ekki vinna, þá á hann heldur ekki mat að fá." [211] Vinnan virðir þær gjafir og gáfur skaparans sem þegar eru frá honum. Hún getur einnig falið í sér endurlausn. Með því að þola þrautir vinnunnar [212] í einingu við Jesúm, smiðinn frá Nasaret og þann sem var krossfestur á Kalvaríjalli, á maðurinn með vissum hætti samstarf með Syni Guðs í endurlausnarverki hans. Maðurinn sýnir að hann er lærisveinn Krists með því að bera kross sinn daglega í þeirri vinnu sem hann er kallaður til að inna af hendi. [213] Vinnan getur verið leið að heilagleika og til að lífga jarðneskan veruleika með Anda Krists.

2428. Með vinnu sinni notar maðurinn og uppfyllir að hluta þá hæfileika sem hann hefur í eðli sér. Grunnigildi vinnunnar liggur hjá manninum sjálfum. Hann er upphaf hennar og þiggjandi afraksturs hennar. Vinnan er fyrir manninn, ekki maðurinn fyrir vinnuna. [214] Allir eiga að geta haft viðurværi af vinnunni fyrir sig og fjölskyldu sína, og til þjónustu við hið mannlega samfélag.

2429. Allir hafa rétt á að eiga efnahagslegt frumkvæði. Allir ættu að nota hæfileika sína til að leggja sitt af mörkum til þeirrar auðlegðar sem kemur öllum til góða og til að uppskera réttmætan ávöxt erfiðis síns. Maðurinn á að gæta þess að virða reglur sem lögmæt yfirvöld setja í þágu almannaheilla. [215]

2430. Í atvinnulífínu eru margir ólíkir hagsmunir að verki sem oft eru andstæðir hver öðrum. Það skýrir átök sem upp koma og einkennir það. [216] Leita verður leiða til að draga úr þessum átökum með samningaviðræðum sem virða réttindi og skyldur félagslegra aðila: Atvinnurekenda, fulltrúa launþega (til dæmis verkalýðsfélaga) og opinberra yfirvalda þegar það á við.

2431. Ábyrgð ríkisins. "Ekki er hægt að starfrækja atvinnustarfsemi, sérstaklega markaðsbúskap, í stofnanalegu, lagalegu eða pólitísku tómarúmi. Þar er þvert á móti gert ráð fyrir að einstaklingsfrelsi og eignarréttur séu tryggð að ekki sé minnst á að gjaldmiðill sé stöðugur og opinber þjónusta skilvirk. Þannig er það meginverkefni ríkisins að tryggja þetta til að þeir sem vinna og framleiða geti notið ávaxta vinnu sinnar og fundið til hvatningar að sýna dugnað og heiðarleika við vinnu sína.... Annað hlutverk ríkisins er að hafa umsjón með og leita þess að mannréttindi séu virt á sviði efnahagsmála. Meginábyrgin á þessum vettvangi er hins

vegar ekki hjá ríkinu heldur hjá einstaklingum og hinum ýmsu hópum og samtökum sem mynda samfélagið." [217]

2432. Þeir sem bera ábyrgð á atvinnurekstri eru ábyrgir gagnvart samfélaginu hvað varðar efnahagsleg og vistfræðileg áhrif starfsemi þeirra. [218] Þeir eru skyldugir að gæta hagsmuna mannsins en ekki einungis að auka hagnaðinn. Hagnaður er engu að síður nauðsynlegur. Hann gerir fjárfestingar mögulegar og tryggir framtíð fyrirtækja. Hann tryggir atvinnu.

2433. Allir eiga að hafa aðgang að störfum og starfsgreinum án óréttmætrar mismununar: Karlar og konur, heilbrigðir og fatlaðir, innfæddir og innflytjendur. [219] Hvað viðvíkur samfélaginu þá á það, eftir því sem kringumstæður leyfa, að hjálpa borgurunum að finna sér starf og atvinnu. [220]

2434. Sanngjarnt kaup er lögmætur ávöxtur vinnu. Að greiða ekki laun eða neita að láta þau af hendi, er alvarlegt ranglæti. [221] Þegar sanngjörn laun eru ákvörðuð verður að taka tillit til þarfa og framlags hvers og eins. "Launagreiðslur eiga að tryggja að maðurinn hafi tækifæri til að afla sér og fjölskyldu sinni lífsviðurværis sem hæfir reisu þeirra á efnislegu, félagslegu, menningarlegu og andlegu sviði. Það á að gera með hliðsjón af stöðu og framleiðni hvers og eins, ástandi atvinnufyrirtækja og almannaheilla." [222] Samkomulag milli aðila réttlætir ekki með siðferðilegum hætti upphæð vinnulauna.

2435. Verkföll eru siðferðilega lögmæt þegar þau verða ekki umflúin eða ef þau eru nauðsynleg til að öðlast réttlátan heildarhlut. Þau eru siðferðilega óásættanleg ef ofbeldi er fylgífiskur þeirra eða þegar þau fela í sér markmið sem eru ekki beint tengd vinnuskilyrðum eða stríða gegn almannaheill.

2436. Það er óréttlæti að greiða ekki tillag til almannatrygginga sem lögmæt yfirvöld hafa ákveðið. Atvinnuleysi særir nánast alltaf reisu fórnarlamba þess og ógnar lífsjafnvægi þeirra. Fyrir utan þann skaða sem það veldur þeim persónulega hefur það margar hættur í för með sér fyrir fjölskyldur þeirra. [223]

V. RÉttlÆTI OG SAMSTAÐA MILLI ÞJÓÐA

2437. Á alþjóðavettvangi er ójöfnuður slíkur hvað varðar auðlindir og efnahagslega getu að það skapar raunverulegt "bil" milli þjóða. [224] Annars vegar eru þær þjóðir sem hafa yfir að ráða og nýta sér getuna til að vaxa og hins vegar þær þjóðir sem safna skuldum.

2438. Ýmsar ástæður af trúarlegum, pólitískum, efnahagslegum og fjármálalegum toga valda því að nú á tímum er "hin félagslega spurning sett í alþjóðlegt samhengi." [225] Það verður að vera samstaða með þjóðum sem þegar eru með pólitískum hætti háðar hver annarri. Þetta er jafnvel enn brýnna þegar það snýst um að rífa niður hið "siðlausa gangverk" sem hindrar umbætur í minna þróaðri löndum. [226] Í stað fjármálakerfa sem eru íþyngjandi og byggjast jafnvel á okri, óréttláttra viðskiptatengsla milli þjóða og vopnakaþhlaupsins, verður að stofna til sameiginlegs átaks og virkja úrræði með siðferðis-, menningar- og efnahagsþróun að markmiði, "endurmeta forgangsroð og stigskiptingu gilda." [227]

2439. Ríkar þjóðir hafa alvarlega siðferðilega ábyrgð gagnvart þeim þjóðum sem sjálfar hafa engin ráð til að stuðla að þróun sinni eða ef sögulegir og hörmulegir atburðir hafa komið í veg fyrir það. Þetta er skylda sem helgast af samstöðu og náungakærleika; þetta er einnig réttlætisskylda ef velmegun ríkra þjóða byggir á auðlindum sem ekki hefur verið greitt réttlátlega fyrir.

2440. Bein aðstoð eru rétt viðbrögð við bráðri og sérstakri neyð sem náttúruhamfarir, farsóttir og þess háttar veldur. En ekki nægir að bæta upp þann alvarlega skaða sem örbirgð hefur valdið eða að afla lausna við að bæta úr þörfum einstaka lands. Einnig er nauðsynlegt að koma á umbótum í alþjóðlegum efnahags- og fjármálastofnunum til að þær geti betur styrkt réttlát samskipti við minna þróaðri lönd. [228] Styðja verður viðleitni fátækari landa sem vinna að vexti og frelsi. [229] Þessari kenningu verður að beita sérstaklega hvað varðar þá sem vinna að landbúnaði. Smábændur, sérstaklega í þriðja heiminum, mynda yfirgnæfandi meirihluta þeirra sem fátækir eru.

2441. Aukin þekking á Guði og aukin sjálfsvitund eru grundvallarþættir allrar heildarþróunar mannlegs samfélags. Þessi þróun margfaldar efnisleg gæði og setur þau til þjónustu við manninn og frelsi hans. Hún dregur úr sárri fátækt og efnahagslegu arðráni. Hún eykur virðingu fyrir menningarlegum sérkennum og einlægni gagnvart hinu yfirskilvitlega. [230]

2442. Ekki er það hlutverk hirða kirkjunnar að hafa bein afskipti af hinu pólitíska fyrirkomulagi og skipulagi félagslegs lífs. Það verkefni er hluti af köllun hinna trúuðu meðal leikmanna sem eiga þar frumkvæði með samborgurum sínum. Félagslegar aðgerðir geta tekið á sig ýmsar raunhæfar myndir. Þær eiga ávallt að beinast að almannaheill og vera í samræmi við boðskap guðspjallsins og kenningar kirkjunnar. Það er hlutverk leikmanna "að fjörga stundlegan veruleika með kristinni einurð og sýna með henni að þeir bera vitni og eru flytjendur friðar og réttlætis." [231]

VI. KÆRLEIKUR GAGNVART HINUM FÁTÆKU

2443. Guð blessar þá sem koma hinum fátæku til aðstoðar og ávítar þá sem snúa baki við þeim: "Gef þeim sem biður þig, og snú ekki baki við þeim sem vill fá lán hjá þér"; "Gefins hafið þér fengið, gefins skuluð þér láta í té." [232] Jesús Kristur mun þekkja sína útvöldu eftir því hvað þeir hafa gert fyrir hina fátæku. [233] Þegar "fátækum er flutt fagnaðarerindið" er það tákn um nærveru Krists. [234]

2444. "Kærleikur kirkjunnar gagnvart hinum fátæku... er hluti af ævarandi arfleifð hennar." Þessi kærleikur á uppsprettu sína í sæluboðum guðspjallsins, fátækt Jesú og umhyggju hans fyrir hinum fátæku. [235] Kærleikurinn gagnvart hinum fátæku er einnig ein af ástæðum skyldunnar að vinna og "hafa eitthvað að miðla þeim, sem þurfandi eru." [236] Hann nær ekki einungis til efnislegrar fátæktar heldur einnig til margvíslegrar menningarlegrar og trúarlegrar fátæktar. [237]

2445. Kærleikurinn gagnvart hinum fátæku er ósamrýmanlegur elsku til ríkidæmis eða eigingjarnri notkun þess: Hlustið á, þér auðmenn, grátið og kveinið yfir þeim bágindum, sem yfir yður munu koma. Auður yðar er orðinn fúinn og klæði yðar eru orðin möletin, gull yðar og silfur er orðið ryðbrunnið og ryðið á því mun verða yður til vitnis og eta hold yðar eins og eldur. Þér hafið fjársjóðum safnað á síðustu dögum. Launin hrópa, þau sem þér hafið haft af verkamönnunum, sem slógu lönd yðar, og köll kornskurðarmannanna eru komin til eyrna Drottins hersveitanna. Þér hafið lifað í sællífi á jörðinni og í óhófi. Þér hafið alið hjörtu yðar á slátrunardegi. Þér hafið sakfelld og drepð hinn réttláta. Hann veitir yður ekki viðnám. [238]

2446. Heilagur Jóhannes Krýsostomus minnir kröftuglega á þetta: "Að gefa hinum fátæku ekki kost á að eiga hlutdeild í gæðum okkar er að stela frá þeim og svipta þá lífinu. Ekki eru það okkar gæði sem við höfum heldur þeirra." [239] "Fyrst af öllu verður að uppfylla kröfu réttlætisins;

það sem þegar er áfallið í réttlæti á ekki að bjóða fram sem gjöf kærleikans": [240] Þegar við sjáum fyrir nauðsynjum hinna fátæku, gefum við þeim það sem er þeirra en ekki okkar. Við erum ekki að vinna líknarstörf, við erum að greiða skuld sem helgast af réttlæti. [241]

2447. Líknarstörf eru verk kærleikans en með þeim komum við náunganum til hjálpar í andlegri og líkamlegri neyð hans. [242] Að kenna, ráðleggja, hugga og styrkja eru andleg líknarstörf sem og að fyrirgefa og líða illt af þolinmæði. Líkamleg líknarstörf felast einkum í því að fæða hina hungruðu, veita heimilislausum skjól, klæða hina nöktu, heimsækja hina sjúku og þá sem eru í fangelsi og jarðsetja hina dánu. [243] Meðal alls þessa er ölmusugjöf til hinna fátæku einn besti vitnisburðurinn um bróðurkærleika: Hún er einnig réttlætisverk sem er Guði velpóknanlegt: 244 Sá sem á tvo kyrtla, gefi þeim, er engan á, og eins gjöri sá er matföng hefur. [245] En gefið fátækum það, sem í er látið, og þá er allt yður hreint. [246] Ef bróðir eða systir eru nakin og vantar daglegt viðurværi og einhver yðar segði við þau: "Farið í friði, vermið yður og mettið!" en þér gefið þeim ekki það, sem líkaminn þarfnast, hvað stoðar það? [247]

2448. "Mannleg eynd í sinni margvíslegu mynd - efnislegur skortur, óréttmæt undirokun, sjúkdómar af líkamlegum og sálrænum toga og dauði - er nærtækasta dæmið um arftekið ástand mannsins eftir frumsyndina og birtist í breyskleika og þörfinni á að frelsast. Þessi eynd kallaði fram meðaumkun hjá Kristi frelsaranum, sem sjálfviljugur tók hana á sig og lagði sig að jöfnu við sína minnstu bræður. Þess vegna fá þeir sem þjakaðir eru af fátækt fyrstir kærleika kirkjunnar því frá upphafi og þrátt fyrir að margir meðlimir hennar hafi brugðist, hefur hún stöðugt unnið að lausn þeirra, vörn og frelsi með fjölmörgum líknarstörfum sem eru eftir sem áður ávallt og alls staðar lífsnauðsynleg." [248]

2449. Þegar í Gamla testamentinu eru fyrir hendi alls kyns lagaákvæði (fagnaðarár til að veita umlíðun skulda, bann við lánum með vöxtum og gegn veði, skylda að greiða tíund, dagleg greiðsla daglaunamanns, réttur til að tína vínvíði og akra) sem eru í samræmi við brýningu fimmtu Mósebókar (Devteronomium): "Því að aldrei mun fátækra vant verða í landinu. Fyrir því býð ég þér og segi: Þú skalt fúslega upp ljúka hendi þinni fyrir bróður þínum, fyrir þurfamanninum og hinum fátæka í landi þínu." [249] Jesús gerir þessi orð að sínum þegar hann segir: "Fátæka hafið þér ætíð hjá yður, en mig hafið þér ekki ávallt." [250] Með því er hann ekki að draga úr þungum áherslum fyrri véfrétta "[þér] kaupið hina snauðu fyrir silfur og fátæklinginn fyrir eina ilskó...", heldur býður hann okkur að greina nærveru sína í hinum fátæku sem eru bræður hans: [251] Þegar móðir hennar ávitaði hana fyrir að annast hina fátæku og sjúku heima við, sagði heilög Rósa frá Lima við hana: "Þegar við þjónum hinum fátæku og hinum sjúku, þjónum við Jesú. Við megum ekki bregðast því að hjálpa náunganum því í honum þjónum við Jesú." [252]

Í STUTTU MÁLI

2450. "Þú skalt ekki stela" (2M 20:15; 5M 5:19). "[Hvorki] þjófur né ásælnir... né ræningjar [munu] Guðs ríki erfa" (1Kor 6:10).

2451. Sjöunda boðorðið fyrirskipar iðkun réttlætis og kærleika við stjórnun jarðneskra gæða og ávaxta af vinnu mannsins.

2452. Afurðir sköpunarinnar eru ætlaðar öllu mannkyni. Eignarrétturinn nemur ekki úr gildi almenna útdeilingu afurða.

2453. Sjöunda boðorðið bannar þjófnað. Þjófnaður er að sölsa undir sig eigur annarra gegn sannarlegum vilja eigandans.

2454. Allar aðferðir við að taka og nota eigur annarra með óréttmætum hætti stríða gegn sjöunda boðorðinu. Það óréttlæti sem framið er krefst bóta. Gagnkvæmt réttlæti krefst skila á stolnum munum.

2455. Siðalögmálið bannar verknaði, hvort sem þeim valda viðskipti eða alræði, sem leiða til þrældóms manna eða að þeir séu keyptir, seldir eða þeim skipt eins og varningur væri.

2456. Yfirráðin, sem skaparinn hefur veitt yfir auðlindum heimsins, steinefnum, jurtum og dýrum, er ekki hægt að aðskilja frá virðingu fyrir siðferðilegum skyldum og er þá jafnframt átt við skyldur gagnvart komandi kynslóðum.

2457. Dýrin eru falin ráðsmennsku mannsins; hann á að sýna þeim góðvild. Þau má nota til að uppfylla réttmætar þarfir mannsins.

2458. Kirkjan lætur í ljós skoðun sína varðandi efnahagsleg og félagsleg málefni þegar grundvallarréttindi mannsins eða frelsun sálna kalla á að það sé gert. Hún lætur sig varða stundlega þætti sameiginlegrar gæfu mannanna vegna þess að þeir falla undir alvald þess góða, endanlegs takmarks þeirra.

2459. Maðurinn sjálfur er höfundur, miðdepill og takmark alls efnahags- og félagslífs. Ótvírætt atriði hinnar félagslegu spurningar er að þau gæði sem Guð hefur skapað öllum til handa skuli sannarlega ná til allra í samræmi við réttlæti og með aðstoð náungakærleikans.

2460. Grunnigildi vinnunnar er hjá mannum sjálfum, frá honum er hún komin og til hans rennur arður hennar. Fyrir vinnu sína á maðurinn hlutdeild í sköpunarverkinu. Verk sameinað Kristi getur falið í sér endurlausn.

2461. Sönn þróun snertir manninn í heild sinni. Hún snýst um að auka getu hvers og eins til að bregðast við köllun sinni og þannig við kalli Guðs (sbr. CA 29).

2462. Ölmusugjafir til hinna fátæku er vitnisburður um bróðurkærleika; þær eru einnig réttlætisverk sem Guði er velþóknanlegt.

2463. Hvernig getum við annað en þekkt Lasarus, hungraða beiningamanninn í dæmisögunni (sbr. Lk 16:19-31), í þeim mikla fjölda manna sem eru án brauðs og án þaks yfir höfuðið? Hvernig getum við komist hjá því að heyra Jesúm segja: "Það allt sem þér gjörðuð ekki einum hinna minnstu bræðra minna, það hafið þér ekki heldur gjört mér" (Mt 25:45)?

« 8. GREIN - ÁTTUNDA BOÐORÐIÐ

Þú skalt ekki bera ljúgvitni gegn náunga þínum. [253] Enn hafið þér heyrt að sagt var við forfeðurna: "Þú skalt ekki vinna rangan eið, en halda skaltu eiða þína við Drottin." [254]

2464. Áttunda boðorðið bannar að við rangfærum sannleikann í samskiptum við aðra. Þessi siðferðilegi boðskapur stafar af kalli heilagra manna að bera Guði sínum vitni sem er sannleikurinn og vill sannleikann. Þegar brotið er gegn sannleikanum með orðum eða gjörðum er það höfnun á því að skuldbinda sig til siðferðilegrar ráðvendi. Í undirstöðuatriðum þýðir það ótryggð gagnvart Guði og að því leyti grefur það undan grundvelli sáttmálans.

I. AÐ LIFA Í SANNLEIKANUM

2465. Gamla testamentið vottar að Guð er uppspretta alls sannleika. Orð hans eru sannleikur. Lögmál hans er sannleikur. "Frá kyni til kyns varir trúfesti" hans. [255] Þar sem Guð er "sannorður" eru meðlimir lýðs hans kallaðir til að lifa í sannleikanum. [256]

2466. Í Jesú Kristi hefur allur sannleikur Guðs verið opinberaður. "Fullur náðar og sannleika", kom hann sem "ljós heimsins", hann er sannleikurinn. [257] "... svo að enginn sem á mig trúir sé áfram í myrkri." [258] Lærisveinar Jesú eru stöðugir í orði hans til að þekkja sannleikann sem "mun gjöra yður frjálsa" og sem helgar. [259] Að fylgja Jesú er að lifa í "Anda sannleikans" sem Faðirinn sendir í sínu nafni og sem leiðir "í allan sannleikann". [260] Jesús kennir lærisveinum sínum skilyrðislausan kærleika sannleikans: "Þegar þér talið, sé já yðar já og nei sé nei." [261]

2467. Manninum er það eðlilegt að stefna að sannleikanum. Honum ber skylda til að halda hann í heiðri og bera honum vitni: "Það er í samræmi við reisin allra manna, því þeir eru persónur... að þeir séu bæði knúðir af náttúru sinni og bundnir af siðferðisskyldum að leita sannleikans, sérstaklega sannleika trúarinnar. Þeir eru einnig bundnir af því að halda sig fast við sannleikann frá þeirri stundu sem þeir komast til þekkingar á honum og stjórna öllu lífi sínu í samræmi við kröfur sannleikans." [262]

2468. Sannleikur, sem réttvísi í athöfnum mannsins og tali hans, kallast sannsögli, einlægni eða hreinskilni. Sannleikur eða sannsögli er sú dyggð að vera sannur í gjörðum og sannsögull í orðum og forðast óhreinlyndi, látalæti og hræsni.

2469. "Menn gætu ekki lifað hver með öðrum ef ekki væri fyrir hendi gagnkvæmt traust um að þeir væru sannsöglir hver við annan." [263] Dyggð sannleikans lætur öðrum það í té sem hann á réttmæta kröfu til. Sannsögli fer hinn gullna meðalveg milli þess sem segja ber og þess sem halda á leyndu: Hún leiðir af sér heiðarleika og þagmælsku. Að kröfu réttlætisins "er hver maður skyldugur að láta öðrum í ljós sannleikann." [264]

2470. Lærisveini Krists bera að "lifa í sannleika", það er að segja, einföldu lífi að fordæmi Drottins, að vera stöðugur í sannleika hans. "Ef vér segjum: "Vér höfum samfélag við hann," og göngum þó í myrkrinu, þá ljúgum vér og iðkum ekki sannleikann." [265]

II. AÐ BERA SANNLEIKANUM VITNI

2471. Frammi fyrir Pílatusi segir Kristur: "Og til þess er ég kominn í heiminn að ég beri sannleikanum vitni." [266] Hinn kristni maður á því ekki að fyrirverða sig "fyrir vitnisburðinn um Drottin vorn." [267] Við aðstæður sem krefjast vitnisburðar um trú verður hinn kristni maður að játa hana ótvítætt og gera það að fordæmi heilags Páls frammi fyrir dómurunum. Hann verður að "hafa jafnan hreina samvisku fyrir Guði og mönnum." [268]

2472. Skylda kristinna manna að taka þátt í lífi kirkjunnar knýr þá til að vera votta guðspjallsins og þeirra skuldbindinga sem það býður. Slíkur vitnisburður er til útbreiðslu trúarinnar í orðum og gjörðum. Vitnisburður er réttlætisverk sem staðfestir sannleikann eða gerir hann kunnán. [269] Með fordæmi lífs síns og vitnisburði orðs síns eiga allir kristnir menn, hvar sem þeir búa, að láta í ljós hinn nýja mann sem þeir hafa íklæðst með skírinni og opinbera mátt Heilags Anda sem styrkti þá í fermingunni. [270]

2473. Píslarvætti er æðsti vitnisburðurinn um sannleika trúarinnar: Það að bera vitni jafnvel allt til dauðans. Píslarvotturinn ber vitni um Krist sem dó og reis upp og er sameinaður honum í kærleika. Hann ber vitni um sannleika trúarinnar og kristna kenningu. Hann þolir dauðann fyrir sálarþrek sitt. "Í öllum bænum leyfið mér að verða að æti fyrir óargadýrin því að þau geta opnað mér leið til Guðs." [271]

2474. Kirkjan hefur vandlega haldið til haga minningunni um þá sem sýndu þolgæði þar til yfir lauk í vitnisburði um trú sína. Þetta eru píslarvottarnir. Þeir mynda skjalasafn sannleikans þar sem stafirnir eru skrifaðir með blóði: Öll endimörk jarðar, öll konungdæmi heimsins eru mér einskis virði; heldur vildi ég deyja í Jesú Kristi en að vera konungur yfir mestu víðlendum jarðar. Ég leita einungis hans sem dó fyrir okkur; mín eina þrá er hann sem reis upp aftur fyrir okkur. Ég er í fæðingarhríðum. [272] Ég vegsama þig fyrir að veita mér þennan dag og þessa stund til einingar með píslarvottunum.... Megi mér auðnast að fá að vera í nærveru þinni á þessum degi í þeirra hópi; þér gjöful fórn og náðug eins og þú hafðir ákvarðað og sagt til um og hefur nú gjört, því þú ert Guð sannleika og í þér eru engin ósannindi. Fyrir það og allt þar að auki, lofa ég þig, blessa ég þig, vegsama ég þig, fyrir eilífan æðsta prest vorn á himnum, elskaðan Son þinn Jesúm Krist, fyrir hann og með honum sé þér dýrðin og Heilögum Anda nú og um aldir alda. Amen. [273]

III. BROT GEGN SANNLEIKANUM

2475. Lærisveinar Krists hafa "íklæðst hinum nýja manni sem skapaður er eftir Guði í réttlæti og heilagleika sannleikans." [274] Með því "að leggja af lygina" eiga þeir að "leggja af alla vonsku og alla pretti, hræsni og öfund og allt baktal." [275]

2476. Falskur vitnisburður og meinsæri. Yfirlýsing sem stríðir gegn sannleikanum er sérstaklega alvarleg þegar hún er gerð með opinberlegum hætti. Fyrir dómstólum verður hún falskur vitnisburður. [276] Sé hún eiðsvarin er það meinsæri. Athafnir sem þessar stuðla að sakfellingu hinna saklausu, hreinsun hina seku eða þyngingu á refsingu sakborninga. [277] Þær stofna réttarreglum í hættu og að dómsúrskurðir verði sanngjarnir.

2477. Virðing fyrir mannorði annarra bannar sérhverja þá athöfn eða það orð sem getur valdið þeim óréttmætum skaða. [278] Sá sem því veldur gerir sig sekan um:

- Fljótræðisdóm, þótt með þögninni sé, sem telur siðferðilega bresti náungans sanna án þess að byggja það á traustum grundvelli;
- Lastmæli sem, án nægilegrar ástæðu, segir frá brestum og veikleikum annars manns við einhvern sem vissi ekki um þá; [278]
- Rógburð sem með ummælum, sem ganga gegn sannleikanum, skaðar mannorð annarra og gefur ástæðu til rangrar skoðunar á þeim.

2478. Til að forðast fljótræðisdóm eiga allir að gæta þess að túlka eins og við verður komið hugsanir náungans, orð og verk hans með jákvæðum hætti: Sérhver góður kristinn maður ætti ávallt að vera reiðubúinn að gefa vinsamlega túlkun á yfirlýsingu annars manns en ekki að fordæma hana. En geti hann ekki gert svo skal hann spyrja hann hvernig beri að skilja hana. Og ef hún var illa meint skal hann leiðrétta hann af kærleika. Nægir það ekki skal hinn kristni maður leita allra viðeigandi leiða til að koma hinum til réttis skilnings til að honum verði bjargað. [280]

2479. Lastmæli og rógburður eyðileggja mannorð og heiður náungans. Heiður er félagslegur vitnisburður sem gefinn er mannlegri reisn og hver og einn hefur náttúrulegan rétt til að nafn hans og mannorð njóti heiðurs og hann virðingar. Því brjóta lastmæli og rógburður gegn dyggð réttlætis og kærleika.

2480. Öll orð eða athafnir eru bannaðar sem með skjalli, smjaðri eða eftirlátssemi hvetur og staðfestir annan í illgjörnum verknaði og siðspillandi hegðun. Smjaður er alvarleg synd ef það fær einhvern til að vera samsekan í löstum eða alvarlegum syndum annars manns. Hvorki löngunin eftir því að vera til þjónustu eða að stofna til vináttu réttlætir tvöfeldni í orði. Smjaður er smásynd þegar það er einungis í þeim tilgangi að vera öðrum til geðs eða forðast hið illa, þegar það stafar af nauðsyn eða hefur lögmæta kosti í för með sér.

2481. Grobb eða mont er brot gegn sannleikanum. Það er einnig háð sem beinist að því að smána einhvern með meinfýsnum skopstælingum á einhverju í fari hans.

2482. "Lygi felst í því að segja ósannindi til að stunda blekkingu." [281] Drottinn fordæmir lygina sem verk djöfulsins: "Þér eigið djöfulinn að föður... í honum finnst enginn sannleikur. Þegar hann lýgur fer hann að eðli sínu, því hann er lygari og lyginna faðir." [282]

2483. Lygin brýtur með skýrustum hætti gegn sannleikanum. Að ljúga er að tala eða hegða sér gegn sannleikanum í því skyni að leiða einhvern í villu. Með því að lygin skaðar samskipti mannsins við sannleikann og náungann er hún brot gegn grundvallarsambandi mannsins og orðs hans við Drottin.

2484. Alvarleiki lyginna er mældur eftir eðli sannleikans sem hann afskræmir, kringumstæðum, ásetningi þess sem lýgur og þeim skaða sem fórnarlamb hennar verður fyrir. Sú lygi sem er í sjálfu sér einungis smásynd verður að dauðasynd þegar hún skaðar með alvarlegum hætti dyggðir réttlætis og náungakærleika.

2485. Það ber að fordæma lygina fyrir hvers eðlis hún er. Hún er saurgun á töluðu máli þar eð markmið talaðs máls er að koma til skila til annarra sannleikanum eins og hann er kunnur. Vísitandi ásetningur um að leiða náungann í villu með því að segja hluti sem stríða gegn sannleikanum er brot á réttlæti og náungakærleika. Saknæmið er meira þegar ásetningnum um að blekkja fylgir áhætta um alvarlegar afleiðingar fyrir þann sem villt er um fyrir.

2486. Þar sem lygin er brot gegn dyggðinni um sannsögli hefur hún í för með sér raunverulegt ofbeldi gegn öðrum. Hún hefur áhrif á skilningsgáfu viðkomandi en hún er skilyrði hvernar dómgreindar og ákvörðunar. Hún geymir sæði misklíðar og alls þess illa sem hún hefur í för með sér. Lygin er hverju samfélagi eyðilegging; hún grefur undan trausti milli manna og brýtur niður félagsleg samskipti.

2487. Sérhver misgjörð gegn réttlæti og sannleika hefur í för með sér bótaskyldu jafnvel þótt upphafsmanninum hafi verið fyrirgefið. Þegar því verður ekki við komið að bæta fyrir órétti opinberlega verður að gera það með leynilegum hætti. Ef ekki er hægt að bæta þeim sem hefur orðið fyrir skaða með beinum hætti verður að veita honum siðferðilegar bætur í nafni náungakærleikans. Bótaskyldan nær einnig til misgjörða gegn mannorði annarra. Þær bætur, siðferðilegar og stundum efnislegar, verður að meta til samræmis við umfang skaðans. Þetta er samviskuskylda.

IV. VIRÐING FYRIR SANNLEIKANUM

2488. Rétturinn til að segja sannleikann er ekki án skilyrða. Allir verða að lifa samkvæmt boðum guðspjallsins um bróðurkærleikann. Þetta gerir þær kröfur til okkur að dæma við vissar aðstæður hvort það sé viðeigandi eða ekki að segja einhverjum sannleikann sem vill vita hann.

2489. Náungakærleikurinn og virðing fyrir sannleikanum eiga að stýra viðbrögðum við hverri ósk um upplýsingar eða fréttir. Hagur og öryggi annarra, virðing fyrir einkalífinu og almannaheill eru nægar ástæður fyrir því að þegja um það, sem ætti ekki að vera þekkt, eða að vera orðvar. Skyldan að forðast hneykslun býður oft að algjör þagmælska sé ástunduð. Enginn er skyldugur til þess að segja einhverjum sannleikann sem hefur engan rétt til að vita hann. [283]

2490. Þagnarskylda skriftasakramentisins er heilög og hana má ekki undir nokkrum kringumstæðum rjúfa. "Hið sakramentislega innsigli er órjúfanlegt; því er það glæpur hjá skriftaföður að svíkja á nokkurn hátt skriftabarn, í orði eða á einhvern annan hátt eða af neinni ástæðu." [284]

2491. Þagnarskylda fagstétta eins og til dæmis hjá pólitískum embættismönnum, hermönnum, læknum og lögmönnum eða trúnaðarupplýsingar sem falla undir þagnarskylduna ber að virða nema í undantekningartilfellum þegar þagnarskyldan er vís með að valda þeim mjög alvarlegum skaða sem gaf trúnaðinn, þeim sem fékk trúnaðinn eða þriðja aðila og þegar hinum mjög alvarlega skaða er einungis hægt að afstýra með því að skýra frá sannleikanum. Jafnvel þótt trúnaðarupplýsingar um einkahagi skaðlegar öðrum væru ekki háðar þagnarskyldu má ekki skýra frá þeim án alvarlegrar og gildrar ástæðu.

2492. Hver og einn á að sýna fyllstu aðgætni þegar kemur að einkalífi fólks. Þeir sem stjórna fréttamiðlum eiga að viðhalda góðu jafnvægi milli kröfunnar um almannaheill og virðingar fyrir rétti einstaklingsins. Það ber að fordæma afskipti fjölmiðla af einkalífi þeirra manna sem taka þátt í stjórnámálum eða eru í opinberu starfi að því leyti sem þau ganga á rétt þeirra til einkalífs og frelsis.

V. NOTKUN FÉLAGSLEGRA FJÖLMIÐLA

2493. Í nútímasamfélagi gegna fjölmiðlar meginhlutverki í upplýsingastarfsemi, menningarlífi og menntun. Þetta hlutverk fer vaxandi vegna tæknilegra framfara, umfangs og fjölbreytileika fréttar sem fluttar eru og áhrifa á almenningsálitið.

2494. Þær upplýsingar sem fjölmiðlar koma á framfæri eru í þágu almannaheilla. [285]

Samfélagið á rétt á upplýsingum sem byggðar eru á sannleika, frelsi, réttlæti og samstöðu: Tilhlýðileg notkun þessa réttar krefst þess að það sem komið er á framfæri sé satt og - innan marka sem réttlæti og náungakærleikur setur - ítarlegt. Ennfremur á að koma því á framfæri heiðarlega og eins og tilhlýðilegt er. Þetta þýðir að við öflun og flutning fréttar verður að halda í heiðri siðalögmálið og lögmæt réttindi og reisn mannsins. [286]

2495. "Það er nauðsynlegt að allir samfélagsþegnar uppfylli kröfur réttlætis og náungakærleika á þessum vettvangi. Þeir eiga að aðstoða, eftir leiðum félagslegrar miðlunar, við að móta og útbreiða heilbrigt almenningsálit." [287] Samstaða er afleiðing af sannri og réttri miðlun og af skoðanaskiptum sem eykur þekkingu og virðingu fyrir öðrum.

2496. Leiðir félagslegrar miðlunar (sérstaklega fjölmiðla) geta valdið vissri óvirkni meðal notenda, dregið úr árvekni þeirra um það sem sagt er eða sýnt. Notendur eiga að ástunda hófsemi og ögun í umgengni sinni við fjölmiðla. Þeir eiga að ásetja sér að móta upplýsta og rétta samvisku til að auðvelda sér að veita óheilnæmum áhrifum viðnám.

2497. Blaðamenn hafa, samkvæmt eðli starfsgreinar sinnar, skyldu til að þjóna sannleikanum og mega ekki brjóta gegn náungakærleikanum við dreifingu upplýsinga. Þeir eiga að leitast við að virða með jöfnum hætti eðli staðreynda og hvar draga á mörkin í gagnrýnu álit á einstaklingum. Þeim ber að varast ófrægingu.

2498. "Borgaraleg yfirvöld bera sérstaka ábyrgð á þessu sviði vegna almannaheilla....

Borgaralegum yfirvöldum ber... að verja og tryggja raunverulegt og réttlátt upplýsingafrelsi."

[288] Með því að kunngerá lög og hafa eftirlit með því að þeim sé framfylgt eiga almenn yfirvöld að tryggja að "almennt siðferði og félagslegar framfarir skaðist ekki með alvarlegum hætti" vegna misnotkunar á fjölmiðlum. [289] Borgaraleg yfirvöld eiga að refsa fyrir sérhvert brot gegn rétti einstaklingsins til góðs mannorðs og einkalífs. Þau eiga að gefa tímanlegar og áreiðanlegar skýrslur um almenna velferð eða bregðast við rökstuddum áhyggjum fólksins. Ekkert getur réttlætt að veittar séu rangar upplýsingar til að ráðskast með almenningsáliti í gegnum fjölmiðla. Íhlutun almennra yfirvalda má ekki valda skaða á frelsi einstaklinga eða hópa.

2499. Siðferðisvitundinni ber að fordæma böll alræðisríkjanna sem falsa sannleikann kerfisbundið, hafa pólitíska stjórn á skoðunum í gegnum fjölmiðla, ráðskast með sakborninga og vitni við opinber réttarhöld og halda að þeir festi í sessi harðstjórn sína með því að kæfa og kúga allt það sem þeir telja vera "hugsanaglæp".

VI. SANNLEIKUR, FEGURÐ OG KIRKJULIST

2500. Að ástunda gæsku leiðir sjálfkrafa af sér andlegan fögnuð og siðferðilega fegurð. Þannig ber sannleikurinn með sér fögnuð og dýrð andlegrar fegurðar. Sjálfur er sannleikurinn fagur. Sannleikur í orðum, tjáning skynseminnar um skapaðan og óskapaðan veruleika, er nauðsynlegur manningnum sem er gæddur vitsmunum. En sannleikurinn getur einnig fundið aðrar lofsverðar leiðir til mannlegrar tjáningar sérstaklega þegar það snýst um að kalla fram það sem orð fá ekki lýst: Dýptir mannlegs hjarta, upphefð sálarinnar og leyndardóm Guðs. Jafnvel áður en Guð opinberaði sig manningnum með orðum sannleikans hafði hann opinberað sig honum með hinu almenna tungumáli sköpunarinnar, verki Orðs hans og speki hans: skipun og samhljómi alheimsins - sem bæði barnið og vísindamaðurinn uppgötva - "því af mikilfengleik og fegurð sköpunarinnar má geta sér til um höfundinn," "því höfundur allrar fegurðar skóp þau." [290] [Spekin] er andblær almáttugs Guðs og streymir tær frá dýrð hins alvalda. Þess vegna kemst ekkert óhreint að henni. Hún er endurskin hins eilífa ljóss, nákvæm eftirmynd verka Guðs og ímynd gæsku hans. [291] Hún er dýrlegri en sólin og ber af hverri stjörnu. Skin hennar er bjartara en dagsbirtan. Því að nóttin tekur við af dagsbirtunni en við spekinni má hið illa sín einskis. [292] Ég varð hugfanginn af fegurð hennar. [293]

2501. Skapaður "eftir Guðs mynd"294 sýnir maðurinn einnig fram á sannleika sambands síns við Guð með fegurð listrænna verka sinna. Listin er vissulega sérstakt mannlegt tjáningarform; fram yfir það að leita sér lífsnauðsynja, sem er sameiginlegt öllum sköpuðum verum, er listin gefin fúslega af nægtum innri auðlegðar mannsins. Listin hlýst af gáfum sem skaparinn hefur

gefið og af eigin viðleitni mannsins og er hún einskonar hagnýt speki þar sem þekking og fagkunnátta sameinast [295] til að gefa raunveruleikanum sannverðugt tungumál sem er aðgengilegt sjón og heyrn. Listin ber vissa líkingu við athafnir Guðs í því sem hann hefur skapað að því leyti að hún er innblásin sannleika og kærleika til þess sem á sér tilveru. Eins og hver önnur mannleg athöfn er listin ekki endanlegt takmark í sjálfri sér heldur ákvarðast hún og göfgast af lokamarki mannsins. [296]

2502. Kirkjulist er sönn og fögur þegar gerð hennar samsvarar því sem hún er kölluð til: leiða fram og gera dýrlegan, í trú og tilbeiðslu, yfirskilvitlegan leyndardóm Guðs - hina framúrskarandi og ósýnilega fegurð sannleika og kærleika, sýnilegri í Kristi sem "ljómi dýrðar [Guðs] og ímynd veru hans" "því að í honum býr öll fylling guðdómsins líkamlega." [297] Andleg fegurð Guðs endurspeglast í hinni alsælu jómfúru, móður Guðs, englunum og dýrtingunum. Sönn kirkjulist leiðir manninn til dýrkunar, til bænar og kærleika til Guðs, skapara og frelsara, hins heilaga og helgandi.

2503. Af þessari ástæðu eiga biskupar, eða fulltrúar þeirra, að sjá til þess að kirkjulist eflist, gömul og ný, í öllum sínum gerðum og það eiga þeir að gera með sömu trúarlegri umhyggju, fjarlægja úr helgihaldinu og úr byggingum ætluðum til guðsþjónustu allt það sem ekki er í samræmi við sannleika trúarinnar og sanna fegurð kirkjulistar. [298]

Í STUTTU MÁLI

2504. "Þú skalt ekki bera ljúgvitni gegn náunga þínum" (2M 20:16). Lærisveinar Krists "hafa íklæðst hinum nýja manni, sem skapaður er eftir Guði í réttlæti og heilagleika sannleikans" (Ef 4:24).

2505. Sannleikur eða sannsögli er dyggð sem er fólgin í því að vera sannur í orði og verki og forðast tvöfeldni, tilgerð og hræsni.

2506. Hinn kristni maður á ekki að fyrirverða sig "fyrir vitnisburðinn um Drottin vorn" (2Tm 1:8) hvorki í orði né verki. Þíslarvætti er æðsti vitnisburðurinn um sannleika trúarinnar.

2507. Virðing fyrir orðstír og æru annarra bannar öll lastmæli og rógburð í orði eða athöfnum.

2508. Lygi felst í því að segja ósatt í því augnamiði að blekkja náunga sinn.

2509. Sé brotið gegn sannleikanum krefst það bóta.

2510. Við vissar aðstæður hjálpar Gullna reglan að greina hvort það sé viðeigandi eða ekki að upplýsa þann sem spyr, um sannleikann.

2511. "Hið sakramentislega innsigli er órjúfanlegt" (CIC, grein 983 § 1). Þagnarskyldu fagstétta ber að virða. Ekki má segja frá trúnaðarmálum sem eru skaðleg öðrum.

2512. Samfélagið hefur rétt á upplýsingum sem byggja á sannleika, frelsi og réttlæti. Gæta ber hófsemdar og aga við notkun á félagslegri fjölmiðlun.

2513. Fagrar listir, en umfram allt kirkjulist, "einkennast af því að þær tjá með einhverjum hætti hina óendanlegu fegurð Guðs í verkum sem mannlegar hendur hafa gert. Áhersla þeirra að Guði sé lof og dýrð verður þeim mun fullkomnari sem þær einskorða sig við að beina huga mannsins í trúrækni til Guðs" (SC 122).

« 9. GREIN - NÍUNDA BOÐORÐIÐ

Þú skalt ekki girnast hús náunga þíns. Þú skalt ekki girnast konu náunga þíns, ekki þræl hans eða ambátt, ekki uxa hans eða asna, né nokkuð það, sem náungi þinn á. [299] Hver sem horfir á konu í girndarhug, hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu. [300]

2514. Heilagur Jóhannes auðkennir þrjár gerðir ágirndar eða fýsnar: Fýsn holdsins, fýsn augnanna og auðæfa-oflæti. [301] Samkvæmt kaþólskri trúfræðsluhefð bannar níunda boðorðið holdlega fýsn en það tíunda að ágirnast eigur náungans.

2515. Samkvæmt orðsifjafræði getur "fýsn" (concupiscentia) vísað til allra ákafra mannlegra kennda. Kristín guðfræði hefur gefið henni sérstaka merkingu: Vakningu á tilfinninganæmri löngun sem hindrar ræktun mannlegrar skynsemi. Heilagur Páll postuli líkir henni við uppreisn "holdsins" gegn "andanum". [302] Fýsnin á rætur sínar að rekja til óhlýðni frumsyndarinnar. Hún truflar siðferðiskenndir mannsins og, án þess að vera synd í sjálfri sér, fær hún manninn til að syndga. [303]

2516. Þar eð maðurinn er vera samsett af líkama og anda er þegar fyrir hendi í honum viss spennan, viss togstreita milli ólíkra tilhneiginga, milli "anda" og "holds". En í raun og veru er þessi togstreita hluti af arfleifð syndarinnar. Hún er afleiðing syndar og jafnframt er hún staðfesting á henni. Hún er hluti daglegrar reynslu hinnar andlegu baráttu: Hjá postulanum er það ekki spurning um að fyrirlíta og fordæma líkamann sem ásamt hinni andlegu sál myndar eðli mannsins og huglæga persónu hans. Hann staldrar fremur við siðferðileg verk, góð eða slæm, eða sem betra er, varanlegt innræti - dyggðir og lesti - sem eru afrakstur hlýðni (í fyrra tilfellinu) eða mótspyrnu (í seinna tilfellinu) við lausnarstarfi Heilags Anda. Því skrifar postulinn: "Fyrst Andinn er líf vort skulum vér lifa í Andanum." [304]

I. HREINSUN HJARTANS

2517. Í hjartanu býr hinn siðferðilegi persónuleiki: "Því að frá hjartanu koma illar hugsanir, manndráp, hórdómur, saurlífnaður..." [305] Baráttan gegn holdlegri ágirnd leiðir af sér hreinsun hjartans og að hófsemi sé gætt: Verið einfaldir og saklausir og þá verðið þið eins og lítil börn sem þekkja ekki illskuna er eyðileggur líf mannsins. [306]

2518. Í sjötta sæluboðinu segir: "Sælir eru hjartahreininir, því að þeir munu Guð sjá." [307] "Hjartahreininir" er tilvísun til þeirra sem hafa stillt vilja sinn og gáfur eftir kröfum heilagleika Guðs, sérstaklega á þremur sviðum: Náungakærleika, [308] hreinlífis eða kynferðislegrar ráðvæðni [309] og kærleikans til sannleikans og rétttrar trúar. [310] Það eru tengsl milli hreinleika hjartans, líkamans og trúar: Hinir trúuðu verða að trúa greinum trúarjátningarinnar "til að með því að trúa megi þeir hlýða Guði; fáí lifað vel með hlýðni sinni; fáí hreinsað hjarta sitt með því að lifa vel og að hjartahreininir fáí þeir skilið það sem þeir trúa." [311]

2519. Hinum "hjartahreinu" er lofað að þeir muni líta Guð augliti til auglitis og verða honum líkir. [312] Hreinleiki hjartans er forsenda þess að sjá Guð. Jafnvel nú auðveldar hann okkur að sjá með sama hætti og Guð, að meðtaka aðra sem "náunga"; hann gefur okkur að skynja hinn mannlega líkama - okkar og náungans - sem musteri Heilags Anda, sem opinberun á guðlegri fegurð.

II. BARÁTTAN FYRIR HREINLEIKA

2520. Skírinn gefur hinum skírða þá náð að vera hreinsaður af öllum syndum. En hinn skírði verður að halda áfram baráttu sinni gegn fýsn holdsins og taumlausum löngunum. Með náð Guðs mun hann hafa betur,

- fyrir dyggð og náðargjöf hreinlífis, því hreinlífi fær okkur til að elska með réttisýnu og óskiptu hjarta;

- fyrir hreinan ásetning sem felst í því að leita að sönnu markmiði mannsins: Af einlægri hugsjón leitar hinn skírði maður vilja Guðs og uppfyllir hann í öllum hlutum; [313]

- fyrir hreinleika ytri og innri sýnar; fyrir sjálfsstjórn á tilfinningum og ímyndunarafl; fyrir að þvertaka fyrir að dvelja við óhreinar hugsanir sem leiða okkur af vegi boðorða Guðs: "[fávísir] fá ofurást á líflausu sköpulagi dauðrar myndar"; [314]

- fyrir bænir: Ég trúði því að manninum hlotnaðist sjálfsstjórn á líkamlegum kenndum fyrir eigin kraft, kraft sem ég hafði ekki til að bera. Ég var það mikill kjáni að vita ekki... að enginn getur haft slíka sjálfsstjórn nema hann öðlist hana frá þér. Því sannarlega hefðir þú veitt mér hana ef innra andvarp mitt hefði náð eyrum þínum og ég af óbilandi trú hefði varpað öllum mínum áhyggjum yfir á þig. [315]

2521. Hreinleiki þarfnast hæversku sem er óaðskiljanlegur hluti hófsemi. Hæverskan verndar það allra nánasta í manninum. Hún afhjúpar ekki það sem á að vera hulið. Hún er í beinum tengslum við hreinlífi og ber vitni um nærgætni þess. Hún stjórnar því hvernig maðurinn horfir á aðra menn og að hegðun hans gagnvart þeim sé í samræmi við reisn persóna og einingu þeirra.

2522. Hæverskan verndar leyndardóm persóna og kærleika þeirra. Hún ýtir undir að gætt sé þolinmæði og meðalhófs í kærleikssamböndum; hún krefst þess að skilyrðum til afdráttarlausrar gjafar og skuldbindinga karls og konu gagnvart hvort öðru sé fullnægt. Hæverskan er velsæmiskennnd. Hún er leiðbeinandi við klæðaval. Hún er fámál eða hlédræg þegar augljós hætt er fyrir hendi um óheilbrigða forvitni. Hún stuðlar að þagmælsku.

2523. Hæverskan gildir jafnt um tilfinningar og líkamann. Til dæmis andmælir hún að sumar auglýsingar séu til þess gerðar að mannslíkaminn verði vettvangur sjónfróunar eða snýst gegn tilhneigingu vissra miðla að ganga of langt í að sýna nána líkamlega hluti. Hæverskan hvetur til lífsmáta sem gerir það mögulegt að standast tískustrauma og þrýsting ríkjandi hugmyndafræða.

2524. Hæverskan tekur á sig ýmsar myndir frá einu menningarsvæði til annars. Hins vegar er hún alls staðar skynjun hinnar andlegu reisnar sem hæfir manninum. Hún kviknar þegar maðurinn kemst til vits og ára. Þegar börnum og unglingum er kennd hæverska er vakin í þeim virðing fyrir persónu mannsins.

2525. Kristinn hreinleiki krefst hreinsunar á hinu félagslega umhverfi. Hann krefst þess af fjölmiðlum að þeir sýni tillitssemi og hafi hemil á því sem þeir koma á framfæri. Hreinleiki hjartans veitir manninum frelsi undan kynnautn sem er útbreidd og heldur honum frá skemmtun sem hneigist að sjónfróun og skynvillu.

2526. Frjálslynt siðferði, sem svo er nefnt, hvílir á röngum skilningi á frelsi mannsins; til að raunverulegt frelsi megi þróast verður maðurinn að leita fræðslu um siðalögmálið. Þess ber að vænta að þeir sem bera ábyrgð á uppfræðslu, veiti hinum ungu fræðslu sem virðir sannleikann, hreinleika hjartans og siðferðilega og andlega reisn mannsins.

2527. "Fagnaðarerindi Krists endurnýjar stöðugt líf og menningu hins fallna manns. Það berst gegn og fjarlægir þær villur og það illa sem ævarandi aðdráttarafl syndarinnar veldur. Það hreinsar og upphefur án afláts siðferði þjóðanna. Það örvar til fulls innanfrá andlega eiginleika og auðlegð hvers tímaskeiðs og hvernar þjóðar samtímis sem það styrkir, uppfyllir og endurreisir í Kristi þessi andlegu verðmæti." [316]

Í STUTTU MÁLI

2528. "Hver sem horfir á konu í girndarhug, hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu" (Mt 5:28).

2529. Níunda boðorðið varar við losta og holdlegri fýsn.

2530. Baráttan gegn holdlegri frygð felur í sér hreinsun hjartans og að hófsemi sé gætt.

2531. Hreinleiki hjartans mun gera okkur kleift að sjá Guð: Jafnvel nú gerir hann okkur kleift að líta á allt með sama hætti og Guð.

2532. Hreinsun hjartans krefst bæna, ástundunar hreinlífis, hreinan ásetning og hreina sýn.

2533. Hreinleiki hjartans þarfnast hæversku sem felst í þolinmæði, velsæmiskenn og þagmælsku. Hæverskan verndar það allra nánasta í manninum.

« 10. GREIN - TÍUNDA BOÐORÐIÐ

Þú skalt ekki girnast... nokkuð það, sem náungi þinn á. Þú skalt ekki... ágirnast hús náunga þíns, ekki land hans, ekki þræl hans eða ambátt, ekki uxa hans eða asna, né nokkuð það, sem náungi þinn á. [317] Því hvar sem fjársjóður þinn er, þar mun og hjarta þitt vera. [318]

2534. Tíunda boðorðið myndar samstæðu með og uppfyllir níunda boðorðið sem fjallar um fýsnir holdsins. Það bannar að ágirnast eigur annarra, nokkuð sem er rótin að þjófnaði, ráni og svikum sem sjöunda boðorðið bannar. "Fýsn augnanna" leiðir til ofbeldis og óréttlætis sem fimmta boðorðið bannar. [319] Ágirnd, líkt og saurlífnaður, á upphaf sitt í skurðgoðadýrkun sem fyrstu þrjú ákvæði lögmálsins banna. [320] Tíunda boðorðið varðar ásetning hjartans; ásamt því níunda dregur það saman allar lífsreglur lögmálsins.

I. MEIN ÁGIRNDARINNAR

2535. Löngunin er næm og fær okkur til að þrá notalega hluti sem okkur skortir. Þannig er til komin löngunin að borða þegar við erum svöng eða ylja okkur þegar okkur er kalt. Slíkar langanir eru í sjálfu sér góðar en stundum ganga þær út fyrir skynsemismörk og knýja okkur til að girnast með óréttmætum hætti eitthvað sem ekki er okkar, sem tilheyrir öðrum eða þeir eiga tilkall til.

2536. Tíunda boðorðið bannar þá græðgi og þrá að safna hömlulaust að sér jarðneskum gæðum. Það bannar ágirnd sem sprettur af ástriðu eftir auðæfum og því valdi sem þeim fylgja. Einnig bannar það löngunina til að valda ójöfnuði með því að skaða veraldlegur eigur náungans: Þegar lögmálið segir: "Þú skalt ekki girnast", þá þýðir það með öðrum orðum að við eigum að gera útlægar langanir okkar í það sem ekki er okkar. Hungrið eftir eigum annarra er gífurlegt, takmarkalaust og óseðjanlegt. Því stendur skrifað: "Sá sem elskar peninga, verður aldrei saddur af peningum." [321]

2537. Það brýtur ekki gegn þessu boðorði að vilja eignast hluti sem tilheyra náunganum svo fremi sem það gerist eftir réttmætum leiðum. Í hefðbundinni trúfræðslu er minnst af raunsæi á "þá sem eiga erfiðara með að berjast gegn glæpsamlegum löngunum sínum" og sem "á að brýna enn frekar fyrir að halda þetta boðorð": [Þetta eru]... kaupmenn sem óska sér vörupurrðar og hækkandi verðlags og geta ekki sætt sig við að sitja ekki einir að því að kaupa og selja til að þeir sjálfir geti selt dýrara og keypt ódýrara; þeir sem vona að starfsfélagar þeirra líði skort til að hagnast annað hvort með því að selja þeim eða kaupa af þeim... lækna sem óska þess að sjúkdómar breiðist út; lögmenn sem leita ákaft eftir sem flestum mikilvægum málum og réttarhöldum. [322]

2538. Tíunda boðorðið krefst þess að öfundin verði gerð útlæg úr mannlegu hjarta. Þegar Natan spámaður reyndi að fá Davíð konung til að iðrast, sagði hann honum sögu af fátæka manningum er átti einungis eitt gimbrarlamb, sem hann umgekkst eins og dóttir væri, og af ríka manningum sem, þrátt fyrir að eiga stóra og mikla hjörð, öfundaði fátæka manninn og stal lambi hans að lokum. [323] Öfund getur leitt til verstu glæpa. [324] "Öfund djöfulsins leiddi dauðann inn í heiminn": [325] Við berjumst hvert gegn öðru og það er öfundin sem hervæðir okkur hvert gegn öðru ...Ef allir kappkosta að sundra líkama Krists, hvar endum við þá? Við erum í þann veginn að gera líkama Krists að liðnu líki.... Við fullyrðum að við séum öll limir á sama líkama, engu að síður rífum við hvert annað í okkur líkt og villidýr. [326]

2539. Öfundin er höfuðsynd. Hún vísar til leiðinda yfir því að sjá eigin annars manns og hóflausrar löngunar til að komast yfir þær, jafnvel með óréttmætum hætti. Hún er dauðasynd þegar hún veldur því að náunganum er óskað skaða: Heilagur Ágústínus leit á öfundina sem "fremstu synd djöfulsins". [327] "Af öfundinni fæðist hatur, lastmæli, rógburður, fögnuður yfir öföllum náungans og óánægja yfir velgengni hans." [328]

2540. Öfundin er viss gerð leiðinda og þannig er hún höfnun á náungakærleikanum; sá sem er skírður verður að berjast gegn henni með því að temja sér góðan vilja. Öfundin stafar oft af hroka; hinn skírði á að þjálf sig í að lifa í auðmýkt: Vilt þú sjá Guð gerðan dýrlegan fyrir þitt tilstilli? Fagnaðu framförum bróður þíns og þá þegar hefur þú gefið Guði dýrð. Fyrir því að þjónn hans gat sigrað öfundina með fögnuði yfir verðleikum annarra, mun Guð lofaður verða. [329]

II. LANGANIR ANDANS

2541. Það felst í lögmálinu og náðinni að snúa hjarta mannsins frá ágirnd og öfund. Þannig hefst löngun þeirra eftir því algóða; þannig læra þeir langanir Heilags Anda sem mettir mannsins hjarta. Guð fyrirheitanna hefur ávallt varað manninn við ginningum þess sem frá upphafi hefur vírst "gott að eta af, fagurt á að líta og girnilegt til fróðleiks." [330]

2542. Lögmálið sem gefið var Ísrael nægði aldrei til að þeir yrðu réttlættir er þjuggu við það; það varð jafnvel að verkfæri "girndarinnar". [331] Bilið milli þess að vilja og gera sýnir að það eru átök milli lögmáls Guðs sem er "lögmál hugar míns" og annars lögmáls sem "hertekur mig undir lögmál syndarinnar í limum mínum". [332]

2543. "En nú hefur réttlæti Guðs, sem lögmálið og spámennirnir vitna um, verið opinberað án lögmáls. Það er: Réttlæti Guðs fyrir trú á Jesúm Krist öllum þeim til handa, sem trúa." [333] Framvegis hafa allir sem trúa á Krist "krossfest haldið með ástríðum þess og girndum"; þeir leiðast af Andanum og fylgja löngunum Andans. [334]

III. FÁTÆKT HJARTANS

2544. Jesús leggur ríkt á við lærisveina sína að taka hann fram yfir allt og alla og að segja "skilið við allt" sem þeir eiga vegna hans og guðspjallsins. [335] Skömmu áður en hann leið píslir sínar gaf hann þeim fordæmi um fátæku ekkjuna í Jerúsalem sem af skorti sínu gaf alla björg sína.

[336] Lífsregluna að segja skilið við auðæfi verður að uppfylla til að komast í himnaríki.

2545. Allir sem trúa á Krist eiga að "beina hjarta sínu í rétta átt til að þeir bindi sig ekki við stundlega hluti á þann hátt að það stríði gegn fátæktaranda guðspjallsins og hindri þá í leit að fullkomnum kærleika". [337]

2546. "Sælir eru fátækir í anda." [338] Sæluboðin leiða í ljós hvernig hamingju og náð, fegurð og frið er háttað. Jesús lofsýngur fögnuð hinna fátæku því þeirra er Guðs ríki: [339] Orðið segir að sjálfviljug auðmýkt sé "fátækt í anda"; postulinn gefur dæmi um fátækt Guðs þegar hann segir: "Hann gjörðist fátækur yðar vegna". [340]

2547. Drottinn grætur yfir auðmönnum því þeir leita huggunar í miklum eigum sínum. [341]

"Látum þá drambstömu leita eftir og elska jarðnesk veldi, en sælir eru fátækir í anda því þeirra er himnaríki." [342] Að gefa sig á hönd forsjá Föðurins á hinnum léttir af okkur áhyggjum morgundagsins. [343] Traust á Guði er undirbúningur fyrir blessun hinna fátæku. Þeir munu Guð sjá.

IV. "ÉG VIL SJÁ GUÐ"

2548. Löngunin eftir sannri hamingju leysir manninn undan hóflausri væntumþykju fyrir gæðum þessa heims þannig að hann geti fundið fullnustu sína í sýn á Guði og sælu hans. "Fyrirheitið að sjá Guð tekur allri sælu fram.... Í Ritningunni þýðir að sjá að eiga.... Hver sá sem sér Guð hefur öðlast öll þau gæði sem hægt er að hugsa sér." [344]

2549. Með hjálp náðarinnar að ofan heldur barátta hins heilaga lýðs áfram fyrir því góða sem Guð hefur gefið fyrirheit um. Til að eignast Guð og hugleiða hann bæla hinir trúuðu Krists ágirnd sína og yfirvinna með náð Guðs freistingar nautnar og valds.

2550. Á þessari leið til fullkomnunar kalla Andinn og Brúðurin hvern þann sem hlustar á þau [345] til fullkomins samfélags við Guð: Þar mun sönn dýrð vera, þar mun enginn lof hljóta fyrir mistök eða með smjáðri; sönn æra verður ekki neituð þeim sem hennar er verðugur og ei gefin þeim sem er óverðugur; engin óverðugur mun heldur látast verðugur þar sem einungis verðugir fá aðgang. Þar mun sannur friður ríkja og enginn mun þar upplifa andstöðu hvorki frá sjálfum sér eða öðrum. Sjálfur Guð verður laun dyggðarinnar; hann gefur dyggðina og hefur lofað að gefa sjálfan sig sem bestu og mestu verðlaun sem fyrirfinnast.... "[Ég mun] vera Guð yðar og þér skuluð vera mín þjóð." Þetta er einnig merking orða postulans: "Til þess að Guð sé allt í öllu." Guð sjálfur mun vera takmark langana okkar; við munum hugleiða hann án afláts, elska hann án þess að verða mettaðir, lofa hann án þess að þreytast. Þessi gjöf, þetta ástand, þessi athöfn, líkt og hið eilífa líf, mun vissulega vera sameiginleg öllum. [346]

Í STUTTU MÁLI

2551. "Hvar sem fjársjóður þinn er, þar mun og hjarta þitt vera" (Mt 6:21).

2552. Tíunda boðorðið bannar ágirnd sem sprettur af ástríðu eftir auðæfum og því valdi sem þeim fylgja.

2553. Öfundin er leiðindi yfir því að sjá eigur annars manns og hóflaus löngun að komast yfir þær. Hún er höfuðsynd.

2554. Sá sem er skírður berst gegn öfundinni af góðum vilja og auðmýkt og með því að gefa sig á hönd forsjá Guðs.

2555. Krists trúuðu "hafa krossfest holdið með ástríðum þess og girndum" (Gl 5:24); þeir eru leiddir af Andanum og fylgja löngunum hans.

2556. Til að komast í himnaríki er nauðsynlegt að segja skilið við auðæfi. "Sælir eru fátækir í anda."

2557. "Ég vil sjá Guð" lýsir sannri löngun mannsins. Þorstanum eftir Guði er svalað með vatni eilífs lífs (sbr. Jh 4:14).

1. Jh 13:34.
2. Mk 12:29-31; sbr. 5M 6:4-5; 3M 19:18; Mt 22:34-40; Lk 10:25-28.
3. Rm 13:8-10.
4. 2M 20:12; 5M 5:16.
5. Lk 2:51.
6. Mk 7:8-13.
7. Ef 6:1-3; sbr. 5M 5:16.
8. 2M 20:12; 5M 5:16.
9. FC 21; sbr. LG 11.
10. Sbr. Ef 5:21-6:4; Kól 3:18-21; 1Pt 3:1-7.
11. GS 52 § 1.
12. Jk 1:27.
13. Sbr. GS 47 § 1.
14. GS 52 § 2.
15. Sbr. FC 46.
16. Sbr. Ef 3:14.
17. Sbr. Ok 1:8; Tb 4:3-4.
18. Sbr. 2M 20:12.
19. Sr 7:27-28.
20. Ok 6:20-22.
21. Ok 13:1.
22. Kól 3:20; sbr. Ef 6:1.
23. Sbr. Mk 7:10-12.
24. Sr 3:2-6.
25. Sr 3:12-13, 16.
26. Ok 17:6.
27. Ef 4:2.
28. 2Tm 1:5.
29. GE 3.
30. Sbr. FC 36.

31. CA 36 § 2.
32. Sr 30:1-2.
33. Ef 6:4.
34. LG 11 § 2.
35. Sbr. LG 11.
36. Sbr. GS 48 § 4.
37. Sbr. Mt 18:21-22; Lk 17:4.
38. Sbr. GE 6.
39. Mt 10:37, sbr. 16:25.
40. Mt 12:50.
41. Mt 20:26.
42. Sbr. CA 25.
43. Sbr. Rm 13:1-2.
44. 1Pt 2:13, 16.
45. Rm 13:7.
46. Ad Diognetum 5, 5 og 10; 6, 10: PG 2, 1173 og 1176.
47. 1Tm 2:2.
48. Mt 22:21.
49. P 5:29.
50. GS 74 § 5.
51. Sbr. CA 45; 46.
52. GS 76 § 3.
53. GS 76 § 5.
54. 2M 20:13.
55. Mt 5:21-22.
56. CDF, tilsögn, Donum vitae, intro. 5.
57. Sbr. 1M 4:8-12.
58. 1M 4:10-11.
59. 1M 9:5-6.
60. Sbr. 3M 17:14.
61. 2M 23:7.
62. Mt 5:21.
63. Sbr. Mt 5:22-39; 5:44.
64. Sbr. Mt 26:52.
65. Hl. Tómas frá Akvínó STh II-II, 64,7, corp. art.
66. Hl. Tómas frá Akvínó STh II-II, 64,7, corp. art.
67. Sbr. Lk 23:40-43.
68. Jóhannes Páll II, Evangelium vitae 56.
69. Sbr. 1M 4:10.
70. Sbr. GS 51 § 3.
71. Sbr. Am 8:4-10.
72. Sbr. CDF, Donum vitae, I, 1.
73. Jer 1:5; sbr. Jb 10:8-12; Sl 22:10-11.

74. SI 139:15.
75. Didache 2, 2: SCh 248, 148; sbr. Ep. Barnabae 19, 5: PG 2, 777; Ad Diognetum 5, 6: PG 2, 1173; Tertullianus, Apol. 9: PL 1, 319-320.
76. GS 51 § 3.
77. CIC, grein 1398.
78. CIC, grein 1314.
79. Sbr. CIC, greinar 1323-1324.
80. CDF, Donum vitae III.
81. CDF, Donum vitae III.
82. CDF, Donum vitae I, 2.
83. CDF, Donum vitae I, 3.
84. CDF, Donum vitae I, 5.
85. CDF, Donum vitae I, 6.
86. Mt 18:6; sbr. 1Kor 8:10-13.
87. Sbr. Mt 7:15.
88. Píus XII, Discourse, 1. júní 1941.
89. Sbr. Ef 6:4; Kól 3:21.
90. Lk 17:1.
91. Sbr. DS 3722.
92. Sbr. Tb 1:16-18.
93. Sbr. CIC, grein 1176 § 3.
94. Mt 5:21.
95. Hl. Tómas frá Akvínó, STh II-II, 158, 1 ad 3.
96. Mt 5:22.
97. Mt 5:44-45.
98. Hl. Ágústínus De civ. Dei, 19, 13, 1: PL 41, 640.
99. Sbr. Jes 3:17; sbr. GS 78 §§ 1-2.
100. Jes 9:6.
101. Ef 2:16 J.B.; sbr. Kól 1:20-22.
102. Ef 2:14.
103. Mt 5:9.
104. Sbr. GS 78 § 5.
105. Sbr. GS 81 § 4.
106. GS 79 § 4.
107. Sbr. GS 79 § 5.
108. Sbr. GS 79 § 3.
109. GS 79 § 4.
110. GS 80 § 3.
111. Sbr. Páll VI, PP 53.
112. GS 78 § 6; sbr. Jes 2:4.
113. 2M 20:14; 5M 5:18.
114. Mt 5:27-28.
115. FC 11.

116. 1M 1:27.
117. 1M 1:28.
118. 1M 5:1-2.
119. FC 22; sbr. GS 49 § 2.
120. MD 6.
121. 1M 2:24.
122. Sbr. 1M 4:1-2, 25-26; 5:1.
123. Mt 5:27-28.
124. Sbr. Mt 19:6.
125. Sbr. Mt 5:37.
126. Sbr. Sr 1:22.
127. GS 17.
128. Hl. Ágústínus Conf. 10, 29, 40: PL 32, 796.
129. Sbr. Tt 2:1-6.
130. FC 34.
131. GS 25 § 1.
132. Sbr. Gl 5:22.
133. Sbr. 1Jh 3:3.
134. Sbr. Jh 15:15.
135. Gl 3:27.
136. CDF, Persona humana 11.
137. Hl. Ambrósíus, De viduis 4, 23: PL 16, 255A,
138. CDF, Persona humana 9.
139. CDF, Persona humana 9.
140. Sbr. 1Kor 6:15-20.
141. Sbr. 1M 19:1-29; Rm 1:24-27; 1Kor 6:9; 1Tm 1:10.
142. CDF, Persona humana 8.
143. FC 11.
144. Tb 8:4-9.
145. GS 49 § 2.
146. Píus XII, Discourse, 28. október 1951.
147. GS 48 § 1.
148. Sbr. CIC, grein 1056.
149. Mk 10:9; sbr. Mt 19:1-12; 1Kor 7:10-11.
150. Hl. Jóhannes Krýsostomus, Hom. in Eph. 20, 8: PG 62, 146-147.
151. FC 30.
152. HV 11.
153. HV 12; sbr. Píus XI, heimsbréfið Casti connubii.
154. Sbr. Ef 3:14; Mt 23:9.
155. GS 50 § 2.
156. GS 51 § 3.
157. HV 12.
158. Sbr. HV 16.

159. HV 14.
160. FC 32.
161. GS 51 § 4.
162. Sbr. HV 23; PP 37.
163. Sbr. GS 50 § 2.
164. 1M 15:2.
165. 1M 30:1.
166. CDF, Donum vitae intro., 2.
167. CDF, Donum vitae II, 1.
168. CDF, Donum vitae II, 5.
169. CDF, Donum vitae II, 4.
170. CDF, Donum vitae II, 8.
171. Sbr. Mt 5:27-28.
172. Sbr. Mt 5:32; 19:6; Mk 10:11; 1Kor 6:9-10.
173. Sbr. Hs 2:7; Jer 5:7; 13:27.
174. Sbr. Mt 5:31-32; 19:3-9; Mk 10:9; Lk 16:18; 1Kor 7:10-11.
175. Sbr. Mt 19:7-9.
176. CIC, grein 1141.
177. Sbr. CIC, greinar 1151-1155.
178. Hl. Basílius, Moralia 73, 1: PG 31, 849-852.
179. Sbr. FC 84.
180. FC 19; sbr. GS 47 § 2.
181. Sbr. 3M 18:7-20.
182. 1Kor 5:1, 4-5.
183. Sbr. FC 81.
184. CDF, Persona humana 7.
185. Sbr. FC 80.
186. 2M 20:15; 5M 5:19; Mt 19:18.
187. Sbr. 1M 1:26-29.
188. GS 69 § 1.
189. Sbr. GS 71 § 4; SRS 42; CA 40; 48.
190. 2Kor 8:9.
191. Sbr. GS 69 § 1.
192. Sbr. 5M 25:13-16; 24:14-15; Jk 5:4; Am 8:4-6.
193. Lk 19:8.
194. Flm 16.
195. Sbr. 1M 1:28-31.
196. Sbr. CA 37-38.
197. Sbr. Mt 6:26; Dn 3:79-81.
198. Sbr. 1M 2:19-20; 9:1-4.
199. GS 23 § 1.
200. GS 76 § 5.
201. Sbr. CA 3.

202. Sbr. SRS 1; 41.
203. Sbr. CA 24.
204. Sbr. GS 63 § 3; LE 7; 20; CA 35.
205. GS 65 § 2.
206. Mt 6:24; Lk 16:13.
207. Sbr. CA 10; 13; 44.
208. CA 34.
209. Sbr. GS 64.
210. Sbr. 1M 1:28; GS 34; CA 31.
211. 2P 3:10; sbr. 1P 4:11.
212. Sbr. 1M 3:14-19.
213. Sbr. LE 27.
214. Sbr. LE 6.
215. Sbr. CA 32; 34.
216. Sbr. LE 11.
217. CA 48.
218. Sbr. CA 37.
219. Sbr. LE 19; 22-23.
220. Sbr. CA 48.
221. Sbr. 3M 19:13; 5M 24:14-15; Jk 5:4.
222. GS 67 § 2.
223. Sbr. LE 18.
224. Sbr. SRS 14.
225. SRS 9.
226. Sbr. SRS 17; 45.
227. CA 28; sbr. 35.
228. Sbr. SRS 16.
229. Sbr. CA 26.
230. Sbr. SRS 32; CA 51.
231. SRS 47 § 6; sbr. 42.
232. Mt 5:42; 10:8.
233. Sbr. Mt 25:31-36.
234. Mt 11:5; sbr. Lk 4:18.
235. CA 57; sbr. Lk 6:20-22; Mt 8:20; Mk 12:41-44.
236. Ef 4:28.
237. Sbr. CA 57.
238. Jk 5:1-6.
239. Hl. Jóhannes Krýsostomus, Hom. in Lazaro 2, 5: PG 48, 992.
240. AA 8 § 5.
241. Hl. Gregoríus mikli, Regula Pastoralis 3, 21: PL 77, 87.
242. Sbr. Jes 58:6-7; Heb 13:3.
243. Sbr. Mt 25:31-46.
244. Sbr. Tb 4:5-11; Sr 17:22; Mt 6:2-4.

- 245. Lk 3:11.
- 246. Lk 11:41.
- 247. Jk 2:15-16; sbr. 1Jh 3:17.
- 248. CDF, tilsögn, Libertatis conscientia, 68.
- 249. 5M 15:11.
- 250. Jh 12:8.
- 251. Am 8:6; sbr. Mt 25:40.
- 252. P. Hansen, Vita mirabilis (Louvain, 1668).
- 253. 2M 20:16; sbr. 5M 5:20.
- 254. Mt 5:33.
- 255. SI 119:90; sbr. Ok 8:7; 2S 7:28; SI 119:142; Lk 1:50.
- 256. Rm 3:4; sbr. SI 119:30.
- 257. Jh 1:14; 8:12; sbr. 14:6.
- 258. Jh 12:46.
- 259. Jh 8:32; sbr. 17:17.
- 260. Jh 16:13.
- 261. Mt 5:37.
- 262. DH 2 § 2.
- 263. Hl. Tómas frá Akvínó STh II-II, 109, 3 ad 1.
- 264. Hl. Tómas frá Akvínó STh II-II, 109, 3, corp. art.
- 265. 1Jh 1:6.
- 266. Jh 18:37.
- 267. 2Tm 1:8.
- 268. P 24:16.
- 269. Sbr. Mt 18:16.
- 270. AG 11.
- 271. Hl. Ignatíus frá Antíokkíu, Ad Rom. 4, 1: SCh 10, 110.
- 272. Hl. Ignatíus frá Antíokkíu, Ad Rom. 6, 1-2: SCh 10, 114.
- 273. Martyrium Polycarpi 14, 2-3: PG 5, 1040; SCh 10, 228.
- 274. Ef 4:24.
- 275. Ef 4:25; 1Pt 2:1.
- 276. Sbr. Ok 19:9.
- 277. Sbr. Ok 18:5.
- 278. Sbr. CIC, grein 220.
- 279. Sbr. Sr 21:28.
- 280. Hl. Ignatíus frá Loyola, Spiritual Exercises, 22.
- 281. Hl. Ágústínus, De mendacio 4, 5: PL 40, 491.
- 282. Jh 8:44.
- 283. Sbr. Sr 27:16; Ok 25:9-10.
- 284. CIC, grein 983 § 1.
- 285. Sbr. IM 11.
- 286. IM 5 § 2.
- 287. IM 8.

- 288. IM 12.
- 289. IM 12 § 2.
- 290. SS 13:3, 5.
- 291. SS 7:25-26.
- 292. SS 7:29-30.
- 293. SS 8:2.
- 294. 1M 1:26.
- 295. Sbr. SS 7:16-17.
- 296. Sbr. Píus XII *Musicae sacrae disciplina*; fyrirlestrar 3. september og 25. desember 1950.
- 297. Heb 1:3. ; Kól 2:9.
- 298. Sbr. SC 122-127.
- 299. 2M 20:17.
- 300. Mt 5:28.
- 301. Sbr. 1Jh 2:16.
- 302. Sbr. Gl 5:16, 17, 24; Ef 2:3.
- 303. Sbr. 1M 3:11; kirkjuþingið í Trent: DS 1515.
- 304. Jóhannes Páll II, DeV 55; sbr. Gl 5:25.
- 305. Mt 15:19.
- 306. Pastor Hermae, mand. 2, 1: PG 2, 916.
- 307. Mt 5:8.
- 308. Sbr. 1Tm 4:3-9; 2Tm 2:22.
- 309. Sbr. 1Þ 4:7; Kól 3:5; Ef 4:19.
- 310. Sbr. Tt 1:15; 1Tm 1:3-4; 2Tm 2:23-26.
- 311. Hl. Ágústínus *De fide et symbolo* 10, 25: PL 40, 196.
- 312. Sbr. 1Kor 13:12; 1Jh 3:2.
- 313. Sbr. Rm 12:2; Kól 1:10.
- 314. SS 15:5.
- 315. Hl. Ágústínus *Conf.* 6, 11, 20: PL 32, 729-730.
- 316. GS 58 § 4.
- 317. 2M 20:17; 5M 5:21.
- 318. Mt 6:21.
- 319. Sbr. 1Jh 2:16; Mík 2:2.
- 320. Sbr. SS 14:12.
- 321. Rómverska trúfræðsluritið, III, 37; sbr. Pd 5:9.
- 322. Rómverska trúfræðsluritið, III, 37.
- 323. Sbr. 2S 12:1-4.
- 324. Sbr. 1M 4:3-7; 1Kon 21:1-29.
- 325. SS 2:24.
- 326. Hl. Jóhannes Krýsostomus, *Hom. in 2Cor.* 27, 3-4:PG 61, 588.
- 327. Sbr. hl. Ágústínus, *De catechizandis rudibus* 4, 8: PL 40, 315-316.
- 328. Hl. Gregoríus mikli, *Moralia in Job* 31, 45: PL 76, 621.
- 329. Hl. Jóhannes Krýsostomus, *Hom. in Rom.* 71, 5: PG 60, 448.

- 330. 1M 3:6.
- 331. Sbr. Rm 7:7.
- 332. Rm 7:23; sbr. 7:10.
- 333. Rm 3:21-22.
- 334. Gl 5:24; sbr. Rm 8:14, 27.
- 335. Lk 14:33; sbr. Mk 8:35.
- 336. Sbr. Lk 21:4.
- 337. LG 42 § 3.
- 338. Mt 5:3.
- 339. Sbr. Lk 6:20.
- 340. Hl. Gregoríus frá Nyssa, De beatitudinibus 1: PG 44, 1200D; sbr. 2Kor 8:9.
- 341. Lk 6:24.
- 342. Hl. Ágústínus, De serm. Dom. in monte 1, 1, 3: PL 34, 1232.
- 343. Sbr. Mt 6:25-34.
- 344. Hl. Gregoríus frá Nyssa, De beatitudinibus 6: PG 44, 1265A.
- 345. Sbr. Opb 22:17.
- 346. Hl. Ágústínus, De civ. Dei, 22, 30: PL 41, 801-802; sbr. 3M 26:12; sbr. 1Kor 15:2